

Fjölbrautaskóli Suðurlands á Selfossi

Ársskýrsla

2012 til 2013

tekin saman af sviðsstjórum

Björgvin E. Björgvinsson
Ægir Sigurðsson

Efnisyfirlit

1	Starfið veturinn 2012-2013	5
1.1	Inngangur	5
1.2	Tölulegar upplýsingar	6
1.3	Fundir, námskeið og fyrirlestrar	12
1.3.1	Stiklur í tímaröð	13
2	Skýrslur kennslustjóra og fagstjóra	25
2.1	Svið: Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni.....	25
2.1.1	Enska.....	25
2.1.2	Íslenska	27
2.1.3	Lífsleikni.....	34
2.1.4	Samfélagsgreinar	38
2.1.5	Starfsbraut.....	42
2.1.6	Tungumál önnur en enska	45
2.2	Svið: Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir og íþróttir	51
2.2.1	Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir.....	51
2.2.2	Raungreinar	58
2.2.3	Starfsnám (viðskipta-, sjúkraliða- og upplýsingagreinar.)	63
2.2.4	Stærðfræði.....	66
2.2.5	Verknám	69

Skólameistari

Olga Lía Garðarsdóttir

Aðstoðarskólameistari

Þórarinn Ingólfsson

Áfangastjóri

Ása Nanna Mikkelsen

Námsferilsstjóri

Ragnheiður Ísaksdóttir

Sviðsstjórar

Björgvin E. Björgvinsson
Ægir Sigurðsson

Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni
Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir
og íþróttir

Kennslustjórar

Ester Ýr Jónsdóttir
Hörður Ásgeirsson
Ingi S. Ingason
Íris Þórðardóttir
Gísli Skúlason
Ólafur Bjarnason
Sigríður Pjetursdóttir
Svanur Ingvarsson
Sverrir Geir Ingibjartsson
Vera Ósk Valgarðsdóttir
Helgi Hermannsson
Kristjana Hrund Bárðardóttir

Raungreinar
Sérkennsla
Litla-Hraun, Sogn
Starfsnám (viðsk.gr-, sjúkral.gr.- og uppl.gr)
Íslenska
Stærðfræði
Hestamennska
Verknám
Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir
Erlend mál, önnur en enska
Samfélagsgreinar
Enska

Verkefnisstjórar/fagstjórar

Elísabet Valtýsdóttir
Gísli Skúlason
Guðfinna Gunnarsdóttir
Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir
Svanur Ingvarsson
Sverrir Geir Ingibjartsson

Danska
Lífsleikni
Skólinn í okkar höndum
ÍSA-áfangar
Skólinn í okkar höndum
Íþróttir

Náms- og starfsráðgjafar

Agnes Ósk Snorraddóttir
Guðrún Birna Kjartansdóttir

Álfhildur Eiríksdóttir
Jóhanna Einarsdóttir

Alþjóðafulltrúi

Lárus Ágúst Bragason

Félagsmálafulltrúi

Guðfinna Gunnarsdóttir

Fornvarnafulltrúi

Íris Þórðardóttir

Ritstjóri Veffréttu

Guðfinna Gunnarsdóttir

1 Starfið veturinn 2012-2013

1.1 Inngangur

Þann 24. maí síðastliðinn lauk þrítugasta og fyrsta starfsári Fjölbrautaskóla Suðurlands. Eins og áður var þetta skólaár vaxtamikið og viðburðarríkt. Í ársskýrsluna hefur verið safnað ýmsum gagnlegum upplýsingum um skólann og skólastarfið. Hér er m.a. að finna tölulegar upplýsingar, umfjöllun um innlend og erlend samskipti og helstu verkefni sem skólinn vinnur að. Raktir eru helstu atburðir og uppákomur á skólaárinu. Gerð er grein fyrir námskeiðum sem haldin hafa verið af og með kennurum skólans og sagt frá heimsóknnum, fræðsluerindum og málþingum sem starfsmenn hafa setið. Í skýrslunni tíunda kennarar, fagstjórar og kennslustjórar upplýsingar um áfanga sem kenndir voru á skólaárinu, hvaða kennarar kenndu, nýjungar í kennsluháttum, námsmat og fleira. Þar er einnig lagt mat á nýjungar, settar fram tillögur um frekari nýjungar, bent á hvað vel er gert og hvað betur má fara.

Skýrslur alþjóðafulltrúa, bókasafns, félagsmálafulltrúa, forvarna, náms- og starfsráðgjafa, sjálfsmats, verkefnisins Skólinn í okkar höndum og tölvuþjónustunnar eru og hér innanborðs og allar eru skýrslurnar aðgengilegar á vef skólans.

Þann fyrsta ágúst 2012 tók Olga Lísu Garðarsdóttir formlega við stöðu skólameistara af Örlygi Karlssyni. Fyrsti kennarafundur skólaársins var föstudaginn 17. ágúst. Þar var farið yfir skipulag fyrstu dagana og línur lagðar fyrir önnina. Mánudaginn 20. ágúst hlýddu kennarar á fyrirlestur Jóhanns Inga Gunnarssonar sálfræðings, moppuðu rykið af Moodle-kunnáttu sinni, og undirbjuggu kennslu annarinnar.

Þriðjudaginn 21. ágúst var haldinn nýnemadagur. Hann hófst á umsjónarkennarafundi þar sem farið var yfir dagskrá dagsins. Nýnemarnir mættu síðan klukkan 9:00 stundvíslega. Þennan dag fengu nýnemar skólans kynningu á hinu nýja starfsumhverfi, aðbúnaði, tölvukerfi, bókasafni, náms- og starfsráðgjöf og fleiru sem huga þarf að þegar komið er á nýjan vinnustað.

Miðvikudaginn 22. ágúst fengu allir nemendur stundatöflur sínar í hendur. Þá gátu þeir mætt í töflubreytingu ef eitthvað stórvægilegt var að stundatöflunum, keypt bækur eða skrafað við skólafélagana.

Fimmtudagurinn 23. ágúst hófst með skólasetningu klukkan 8:15 í Iðu og fyrsta kennslustund annarinnar samkvæmt stundaskrá klukkan 8:45 þann dag. Haustfrí var gefið dagana 26. til 29. október. Dimission var föstudaginn 30. nóvember en það var jafnframt síðasti kennsludagur haustannar. Fyrsti prófdagur annarinnar var mánudaginn 3. desember og sá síðasti fimmtudagurinn 13. desember. Sjúkrapróf voru haldin föstudaginn 14. desember og prófsýning þriðjudaginn 18. sama mánaðar.

Í upphafi haustannar voru 1016 nemendur skráðir til náms við skólann og fór brautskráning fram föstudaginn 21. desember. Alls brautskráði skólinn 100 nemendur að þessu sinni, þar af 76 af stúdentsbrautum.

Á vorönn hófst skólastarfið föstudaginn 4. janúar með kennarafundi, námskeiðum og samráðsfundum. Kennsla hófst samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 8. janúar. *Kátir dagar* voru 27. og 28. febrúar og *Flóafár* föstudaginn 1. mars. Dimission var þriðjudaginn 30 apríl og var sá dagur jafnframt síðasti kennsludagur annarinnar.

Í upphafi vorannar var 921 nemandi skráður til náms. Fyrsti prófdagur var fimmtudagurinn 2. maí og sá síðasti miðvikudagurinn 15. maí. Sjúkrapróf voru haldin fimmtudaginn 16. maí og prófsýning var þriðjudaginn 21. maí. Brautskráning fór fram föstudaginn 24. maí. Alls brautskráðust 102 nemendur frá skólanum á vorönn, þar af 65 af stúdentsbrautum.

Dagana 27. - 29. maí sóttu kennarar og starfsmenn ýmsa fyrirlestra og námskeið á vegum skólans. Var meðal annars fjallaði Birgir Örn Leósson um öryggismál, Sírri Sæland, Íris Þórðardóttir Magnús Tryggvason og Sverrir Geir Ingibjartsson leiðbeindu um grundvallaratriði skyndihjálpar og Jón Torfi Jónasson, prófessor, fjallaði um framtíðarsýn skóla. Eftir hádegið þriðjudaginn 28. maí var farið í fuglaskoðunarferð um Fuglafriðlandið í Flóa undir leiðsögn Arnar Óskarssonar og Ólafs Einarssonar. Miðvikudaginn 29. maí fjallaði Anna Garðarsdóttir, starfsmannastjóri hjá Marel, um starfsmannamál og starfsmannaviðtöl. Eftir hádegi þann dag fór hópurinn niður í Þorlákshöfn og þar fluttu kennarar nokkra gagnlega pistla. Þá var farið í gönguferð um þorpið og í lokin var boðið upp á léttar veitingar á vinnu- og veitingastaðnum Hendur í Höfn. Gerður var góður rómur að þessari nýbreytni og eru menn nokkuð á sama máli um vel heppnað niðurlag skólaársins.

1.2 Tölulegar upplýsingar

Þann 22. júní 2012 voru sendir út gíróseðlar vegna dagskóla. Upplýsingar um aldur, kyn, brautir og þess háttar miðast því við 1016 nemendur í dagskóla í upphafi annar. Engin kennsla var í meistaraskóla á önninni. Nýinnritaðir í dagskóla á haustönn voru 271.

Tafla 1. Aldursdreifing nýinnritaðra skólaárið 2012-13

Aldur	Fjöldi H'12	Fjöldi V'13
Yngri en 16 ára	2	17
16 ára (fæddir 1996)	220	9
17 ára (fæddir 1995)	13	4
Eldri en 17 ára	36	22
Samtals	271	52

Þann 11. desember 2012 voru sendir út gíróseðlar vegna dagskóla vorannar. Greiddir gíróseðlar voru 921. Upplýsingar um aldur, kyn, brautir og þess háttar miðast því við 921 nemendur í dagskóla í upphafi annar. Engin kennsla var í meistaraskóla á önninni. Nýinnritaðir í dagskóla á vorönn voru 52.


Í töflu 2 má sjá dreifingu dagskólanemenda á brautir haustið 2012

Tafla 2. Dreifing dagskólanemenda á brautir

Brautir	Nemenda- fjöldi	Hlutfall af heild (%)	Karlar	Konur
AB	16	1,49 %	8	8
AH	3	0,28 %	1	2
AN2	1	0,09 %	1	0
AN4	71	6,61 %	46	25
AU	47	4,38 %	27	20
FÉ	233	21,69 %	94	139
GB	36	3,35 %	35	1
GBM	36	3,35 %	36	0
GR	20	1,86 %	17	3
HE	39	3,63 %	7	32
HÚ8	20	1,86 %	20	0
HÚ9	1	0,09 %	1	0
ÍP	38	3,54 %	30	8
ÍP1	3	0,28 %	2	1
LN1	40	3,72 %	13	27
MB	46	4,28 %	15	31
MG	8	0,74 %	8	0
NÁ	231	21,51 %	109	122
ÓTN	32	2,98 %	10	22
SB	14	1,30 %	9	5
SB1	27	2,51 %	26	1
SJ	39	3,63 %	1	38
SJ-brú	2	0,19 %	0	2
SÖ9	11	1,02 %	6	5
VH	40	3,72 %	18	22
VSS	20	1,86 %	7	13
Samtals *	1.074	100,00 %	547	527


* Ath. sumir nemendur eru skráðir á fleiri en eina braut

Á mynd 1 má sjá kynjaskipta dreifingu nemenda innan stúdentsbrauta. Á haustönn 2012 voru konur fleiri en karlar á öllum stúdentsbrautum.



Mynd 1: Dreifing nemenda innan stúdentsbrauta haustið 2012

Mynd 2 sýnir brautaskiptingu allra nemenda á haustönn 2012. Flestir nemendur í skólanum eru á stúdentsbrautum.




Mynd 2: Brautaskipting á haustönn 2012

Mikilvægt er að stunda námið vel til að ná góðum árangri, auk þess er skólasóknareinkunn metin inn í lokaeinkunn nokkurra áfanga. Dreifin skólasóknareinkunna veturinn 2012-2013 er ekki frábrugðin


undangengnum árum. Til að fá einkunnina 10 í skólasókn þarf nemandi að hafa mætingahlutfall 98,5-100%, en 1 fá þeir í einkunn sem eru með undir 89,5% mætingahlutfalli.

Mynd 3 sýnir dreifingu skólasóknareinkunna veturinn 2012-13.




Mynd 3: Dreifing skólasóknareinkunna veturinn 2012-13

Þegar gengi nemenda er skoðað er vert að athuga hvað nemendur ætla sér í byrjun annar og hver verður síðan reyndin. Mynd 4a sýnir fjölda eininga sem nemendur velja að hausti 2012 og 4b sýnir fjölda staðinna eininga á haustönn 2012.



Mynd 4a: Fjöldi valinna eininga á haustönn 2012




Mynd 4b: Fjöldi staðinna eininga á haustönn 2012.


Á haustönn 2012 luku 81 einstaklingur 0 einingum en þar af höfðu 54 hætt á önninni. 27 nemendur þreyttu próf og luku engri einingu.

Á haustönn 2012 voru 1.016 nemendur í skólanum og 547 þeirra eða tæp 54% féllu í einum eða fleiri áföngum. Á haustönn 2011 var hlutfallið rúm 54%. Á haustönn 2010 og haustönn 2009 var hlutfallið rúmlega 49%.

Mynd 5a sýnir í hversu mörgum áföngum nemendur falla. Mynd 5b sýnir sömu dreifingu sem hlutfall af heildarfjölda nemenda. Langflestir nemendur sem falla, gera það einungis í einum áfanga. Fjöldi þeirra sem falla í þremur eða fleiri áföngum er um 20%.




Mynd 5a: Fjöldi áfanga sem nemendur féllu í veturinn 2012-13.



Mynd 5b: Fjöldi áfanga sem nemendur féllu í veturinn 2012-13

Einkunnadreifing gefur vísbandingu um stöðu nemenda og hvernig kennarar nota einkunnaskalann. Á mynd 6 má sjá einkunnadreifinguna yfir veturinn. S stendur fyrir staðið, L fyrir lokið og F stendur fyrir fallið. Dreifingin er mjög sambærileg einkunnadreifingu síðustu ára.



Mynd 6: Einkunnadreifing veturinn 2012-13 í dagskóla.

1.3 Fundir, námskeið og fyrirlestrar

Einn fundartími er fastur í töflu allra kennara. Sá tími er á miðvikudögum milli 11:05 og 12:20 og er hann nýttur með fjölbreytilegum hætti s.s. til fundahalda, námskeiða og fyrir fyrirlestra af ýmsum toga.

Dagskrá fundanna er skipulögð af stjórnendum í upphafi hverrar annar og var hún, skólaárið 2012 til 2013, sem hér greinir.

Miðvikudagaról haust 2012

- 29.08. Samráð í fögum.
- 05.09. Samráð í fögum.
- 12.09. Skólinn í okkar höndum. - Opnun hreyfingarárs með hoppi í Sigtúnsgarði.
- 19.09. Kennarafundur - sjálfsmat.
- 26.09. Fundur með grunnskólakennurum féll niður, þess í stað fjölluðu deildirnar um áfanga í boði og bókalista.
- 03.10. Kennarafélagið.
- 10.10. Kennarafundur.
- 17.10. Valdagur.
- 24.10. Samráð í fögum.
- 31.10. Málþing - grunnþættir menntunar.
- 07.11. Sjálfsmat.
- 14.11. Samráð í fögum.
- 21.11. Kennarafundur.
- 28.11. Samráð í fögum.

Miðvikudagaról vor 2012

- 09.01. Samráð í fögum.
- 16.01. Undirbúningur þrískólafundar.
- 23.01. Kennarafundur.
- 30.01. Skólinn í okkar höndum - starfsfólk - hreyfing.
- 06.02. Kennarafundur.
- 13.02. Samráð í fögum - áfangar í boði fyrir næstu önn og bókalistar.
- 20.02. Sjálfsmat.
- 27.02. Kátir dagar.
- 06.03. Valdagur.
- 13.03. Kennarafélagið.
- 20.03. Kennarafundur.
- 03. 04. Páskafrí.
- 10.04. Skólinn í okkar höndum - Geðrækt næsta árs undirbúin.
- 17.04. Kennarafundur.
- 24.04. Samráð í fögum.

1.3.1 Stíklur í tímaröð

Nýr skólameistari

Í upphafi haustannar tók Olga Lísu Garðarsdóttir við starfi skólameistara Fjölbrautaskóla Suðurlands. Tók hún við af Örlygi Karlssyni sem verið hefur skólameistari við FSu frá árinu 2008, en hann hefur starfað við skólann samfleytt í rúma þrjú áratugi. Olga Lísu var áður skólameistari Verkmenntaskóla Austurlands í Neskaupstað.

Nýnemadagur

Þriðjudagurinn 21. ágúst var sérstakur kynningardagur fyrir nýnema FSu. Fengu þeir sérstaka leiðsögn um skólahúsnæðið auk fræðslupistla um bókasafn, náms- og starfsráðgjöf, skrifstofu, tölvukerfi, skólareglur og fleira sem gagnlegt er að kunna skil á við upphaf vetrarstarfs.

Nýr samningur um skólaakstur

Í upphafi haustannar gerði Fjölbrautaskóli Suðurlands samning við Samtök sunnlenskra sveitarfélaga um samtengingu skólaaksturs og almenningsamgangna. Strætó bs. skipuleggur aksturinn og þjónustar farþega en Hópbílar hf. annast aksturinn. Aksturskort nemenda gilda í almenningsamgöngukerfinu frá Hvolsvelli, um Suðurland í vestur og á höfuðborgarsvæðinu. Nemendur geta einnig nýtt sér akstur Strætó um helgar og í skólafríum.

Engin busavígsla

Við skólasetningu, fimmtudaginn 23. ágúst kynnt skólameistari þá ákvörðun stjórnenda að ekki yrði busavígsla í skólanum í ár, þess í stað yrðu haldnir tónleikar á skólatíma fyrir nemendur og þeim boðið upp á hressingu. Þriðjudaginn 28. ágúst voru síðan haldnir gleðitónleikar fyrir nemendur skólans. Hljómsveitin Kiryama family spilaði gæðapopp á sal og starfsfólk framreiddi grillaðar pylsur handa nemendum við inngang. Tónleikarnir komu í stað hefðbundinnar busavíglur sem frá og með þessu skólaári heyrta sögunni til hjá FSu. Er mál manna að vel hafi tekist til og tónleikarnir marki upphaf annar á gleðilegan og jákvæðan hátt.

Undirritun samstarfssamnings

Við skólasetningu í Iðu var skrifað undir samstarfssamning milli skólans, fulltrúa Umfs og sveitarfélagsins Árborgar um starfsemi íþróttakademía skólans, en þær eru fjórar talsins í handbolta, fimleikum, körfubolta og knattspyrnu.

Hreyfingarár hafið með jarðskjálftahoppi

Þann 12. september hóf Fjölbrautaskóli Suðurlands hreyfingarárið sitt í tengslum við Heilsueflandi framhaldsskóla. Átakið hófst með sérstöku jarðskjálftahoppi í samvinnu við Rannsóknarmiðstöð í jarðskjálftaverkfræði Háskóla Íslands. Skólinn fékk til liðs við sig í hoppinu starfsfólk Ráðhús Árborgar sem og nemendur af öllum skólastigum í Árborg. Hópurinn safnaðist saman í Bæjargarðinn við Jarðskjálftamiðstöðina á Selfossi og hoppaði og skoppaði af lífi og sál. Er hægt að fullyrða að þessum stóra hópi hafi tekist að láta jörð skjálfa, en samkvæmt mælingu Jarðskjálftamiðstöðvarinnar var hreyfingin töluverð.

Ferð í Helligheitharvirgjun

Fimmtudaginn 13. september fóru um 170 nemendur í NÁT113 og NÁT123 áföngunum í vísindaferð í Helligheitharvirgjun. Þrír kennarar fylgdu hópnum, þau Aníta, Jón Grétar og Ronald. Með kynningu og stuttri heimildarmynd fræddist hópurnir um forsendur jarðvarmavirgjana og hvernig slíkar virgjanir nýta orku jarðarinnar til framleiðslu á rafmagni og heitu vatni. Ferðin lá einnig að borholu í Sleggjubeinsskarði en þær geta verið mjög öflugar og það háværar að ekki er hægt að tala saman í grennd við þær. Ekki var annað að sjá en að allir hafi haft gagn og gaman af þessari ferð sem farin var í tilefni dags íslenskrar náttúru 16. september.

Bygginganefnd nýs verknámshúss FSu

Bygginganefndin nýja verknámshússins skipa: Þráinn Sigurðsson frá Mennta- og menningarmálaráðuneyti sem er formaður nefndarinnar, Ari Guðmundsson frá Verkís, sveitarstjórnarfólkið, Ásta Stefánsdóttir framkvæmdastjóri Árborgar, Ísólfr Gylfi Pálmason sveitarstjóri Rangárpings eystra og Valtýr Valtýsson sveitarstjóri Bláskógarbyggðar, Vigfús Halldórsson framkvæmdastjóri framkvæmda hjá Fasteignum ríkisins, Örlygur Karlsson fyrrverandi skólameistari FSu og Olga Lía Garðarsdóttir skólameistara FSu. bygginganefndin heldur vikulega fundi um viðbyggingu verknámshúss við FSu en byggingin verður um 1600 fermetra hús sem áætlað er að tekið verði í notkun áramótin 2014 – 2015.

Góðgerðadagar í FSu

Í fyrstu viku októbermánaðar stóð Nemendafélag skólans fyrir góðgerðadögum. Undirbúningur hafði staðið yfir lengi og var fjölbreytt dagskrá í tengslum við þessa daga. Skólinn var skreyttur hátt og lágt og menn tóku hinum fjölbreytilegustu áskorunum auk áheita. Málefnið sem nemendafélagið einbeitti sér að þessu sinni var börn í neyð og tengdist landssöfnun Rauða krossinn, Göngum til góðs.

Iðn- og starfsnámsdagar í FSu

Mikið var um dýrðir þann 3. október í Fjölbrotaskóla Suðurlands, en þá var Iðn- og starfsnámsdagur haldinn hátíðlegur. Þetta er í þriðja sinn sem náms- og starfsráðgjöf FSu stendur fyrir þessum degi og í fyrsta sinn sem öllum grunnskólum á Suðurlandi er boðið í heimsókn. Grunnskólanemendur auk nemenda í FSu fengu upplagt tækifæri til þess að kynna sér iðn- og starfsnám á öllu Íslandi með sérstakri áherslu á slíkt nám sem er í boði í FSu. Fjölmenni var í miðrymi skólans og áhuginn greinilega mikill.

Bleikur dagur

Þann 12. október sl. var bleiki dagurinn haldinn hátíðlegur í FSu. Starfsfólkið tók sig saman og bakaði bollakökur og seldi þær fyrir frjáls framlög til styrktar krabbameinsrannsóknum á konum. Á meðfylgjandi myndum má sjá stemminguna á Bollastöðum (kaffistofu starfsfólks) og þegar Sigríður Sigfúsdóttir og Agnes Ósk Snorradóttir afhentu Rannveigu Árnadóttur fulltrúa frá Krabbameinsfélaginu afraksturinn. Dagurinn var frábær og ekki spillti fyrir að geta lagt góðu málefni lið.

Gott gengi í Stærðfræðikeppni

Þann 9. október 2012 fór fram Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema 2012-2013 (forkeppni). Keppnin fór fram á tveimur stigum, neðra stigi fyrir nemendur á 1. og 2. ári framhaldsskóla og efra stigi fyrir nemendur á 3. og 4. ári. Fyrir hönd FSu tóku þátt 2 nemendur, báðir á efra stigi. Keppendur af öllu landinu voru alls 407, 180 á efra stigi og 227 á neðra stigi. Jón Aron Lundberg nemandi við FSu sem keppti á efra stigi náði þeim árangri að komast í lokakeppni sem fram fer á vorönn 2013, en sigurvegurum í þeirri keppni gefst kostur á að taka þátt í Norrænni stærðfræðikeppni og í framhaldi af því er svo Alþjóðleg ólympíukeppni sem fram fer í Kólumbíu í júlí í sumar, en þangað komast væntanlega 4-6 keppendur frá Íslandi. Jón Aron hreppti 12.-13. sæti, fékk 67 stig, en meðaltal keppenda var 29 stig. Þetta verður að teljast mjög góður árangur, sérstaklega í því ljósi að nemendur í nokkrum efstu sætum á efra stigi voru búnir að fá sérstaka 6 vikna þjálfun með ólympíuförum sl. sumar. Við þökkum okkar manni kærlega fyrir þátttökuna og óskum honum innilega til hamingju með árangurinn.

Vel heppnað málþing

Þann 31. október var haldið fjölmennt málþing um grunnþætti nýrra námskráa í leik- grunn- og framhaldsskólum. Að málþinginu stóðu auk FSu, Skólaskrifstofa Suðurlands og Sveitarfélagið Árborg. Um 400 manns af öllum skólastigunum þremur sóttu þingið. Málþingið byrjaði á ávarpi fulltrúa mennta- og menningarmálaráðuneytis, svo tóku við fjórar kveikjur, erindi um ólík viðfangsefni tengd grunnþáttunum og því næst héldu fundargestir í málstofur þar sem grunnþættirnir voru ræddir útfrá mismunandi forsendum.

Góður árangur af Góðgerðardögum

Nemendafélag FSu stóð fyrir glæsilegum góðgerðardögum í byrjun október. Félagið var með dagskrá í þrjá daga, stóð fyrir áheitum og skólinn var skreyttur hátt og lágt. Nemendur og kennarar stóðu sig vel og hét hver á annan. Alls söfnuðust 299.286 krónur sem runnu til Rauða krossins og átaksins Göngum til góðs þar sem áherslan var á börn í neyð um allan heim. Áheitin voru margvísleg, nemendur lituðu og klipptu á sér hárið, røkuðu af sér augabrúnir og margt fleira. Einnig gaf ritráð NFSu út glæsilegt [blað góðgerðadaga](#). Að auki stóð félagið fyrir kvöldvöku með bingó og uppistandi. Dagarnir enduðu svo á knattspyrnuleik milli nemenda og kennara, sem endaði með naumlegum sigri nemenda þar sem úrslitin réðust í vítaspyrnukeppni. Á sama tíma söfnuðu nemendur í félagsfræði þróunarlanda 115.000 krónum til þróunaraðstoðar í Malaví.

Nemendur á ferð og flugi í hreyfingarviku

Um miðjan október var ein vika tileinkuð hreyfingu sérstaklega og voru kennarar þá markvisst með æfingar og kennslu þar sem einhvers konar hreyfing kom við sögu. Meðal þess sem gert var má nefna ratleik hjá stærðfræðikennurum þar sem nemendur hlupu um allt hús og leituðu að X-inu. Í nokkrum hópum í ensku unnu nemendur verkefni þar sem þeir gerðu myndasögu um hreyfingu og einnig fréttist af mörgum nemendum á ferð og flugi vegna hreyfitengdra verkefna. Til að mynda áttu nemendur í líffæra- og lífeðlisfræði að leysa boltapraut, en þrautin fólst í því að koma 30 boltum frá einu horni til annars á sem skemmstum tíma. Nemendur í Textíldæild, THL103 Fatahönnun og THL 143 Híbylahönnun fóru í svonefnt „Búðahlaup í Hreyfingarviku“. Var ein kennslustund tekin í að fylgja merktu

Selfoskortir í kapphlaupi um að ná að kynna sér eins margar fata- og textíltengdar verslanir á svæðinu og hægt væri á 75 mínútum. Þetta tókst afar vel og má segja að hér í heimabyggð leynist ótrúlega mörg spennandi dæmi um íslenska fatahönnun; frumleg, flott og freistandi klæði; nýttahluti; efni, liti og form.

Áhugaverð heimsókn

Fimmtudaginn 8. nóvember heimsótti Andrea Ionnasceau skólann. Andrea kemur frá Rúmeníu nánar tiltekið höfuðborginni Búkarest. Hún stundar kennaranám við háskólann í Árósum í Danmörku. Andrea heimsækir framhaldsskóla á Íslandi og kynnir heimaland sitt og Asíu þar sem hún ferðaðist um og kenndi. Andrea kom í sögutíma til Lárusar Braga, sögukennara og sagði frá lífinu í Rúmeníu er hún var að alast upp. Því næst fór hún í tíma til Helga Hermannssonar í félagsfræði og fjallaði um félagslegt misrétti á Indlandi, Banglades og í Kína. Margt hefur drifið á daga hennar á ferðum hennar um Austurlönd þar sem hún lenti jafnvel í því að þurfa að kenna börnum á Indlandi sem höfðu fyrr um daginn unnið 6-7 tíma erfiðisvinnu í múrsteinsverksmiðum, ekki eftirsóknarvert verkefni fyrir kennara og börnin lítt móttækileg fyrir námi. Í Banglades var helsta vandamálið að komast milli húsa þar sem hnattræn hlýnun er að drekkja landinu. Hægt og bítandi er sjórinn að vinna sigur á landinu og talið er að ef ekki tekst að snúa þróuninni við þá muni Banglades verða fyrsta landið sem hverfur af landakortinu. Ekki var Kína fullkomið heldur en skrifræðið var þó erfiðast, ekki mátti færa sig spönn frá rassi án þess að skrá það á lögreglustöð.

Glæsileg söngkeppni

Hasta la vista, beibi“ Þessi setning ásamt fleirum fleygum setningum úr frægum kvikmyndum skreyttu íþróttahúsið Iðu þann 15. nóvember, þegar söngkeppni NFSu var haldin. Keppnin var að venju stórglæsileg og umgjörðin öll til fyrirmyndar, en að þessu sinni var yfirskrift keppinnar kvikmyndir. Fjórtán keppendur tóku þátt að þessu sinni, en þeir voru valdir í forvali sem fór fram í október. Söngatriðin voru öll mjög góð og átti dómnefnd úr vöndu að ráða. Sigurvegari kvöldsins var Hulda Kristín Kolbrúnardóttir, en hún söng lagið You got the love með hljómsveitinni Florence and the machine. Hún verður fulltrúi skólans í aðalkeppninni, söngkeppni framhaldsskólanna, sem haldin verður eftir áramót.

Í öðru sæti varð Fríða Hansen, en hún söng lagið I want it all með Queen og í þriðja sæti varð tríóið Marpunn, sem skipað var þeim systur Þuríði Marín, Margræti Hörpu og Steinunni Birnu Jónsdætrum, en þær sungu lagið Around us með Jónsa úr Sigurrós. Verðlaun fyrir besta sviðsframkomu fengu þeir Ívar Máni Garðarsson og Albert Rútsson, en þeir fluttu frumsamið lag. Hljómsveitin Glundroði sá um undirleik.

Who's afraid of the big bad wolf

Í lok september fóru fimm fulltrúar frá F.Su. á fund til Slóvakíu. Tilefnið var Comeniusarverkefnið „Who's afraid of the big, bad wolf?“ Verkefnið felst m.a. í að rannsaka viðhorf mannsins til rándýra, bæði sögulega og menningarlega, rýna í goðsögur, skáldsögur, sérstaklega úlfa, refa og bjarndýra, bera þessa þætti saman á milli mismunandi menningarheima og samfélaga innan Evrópu og leita uppi sameiginlega og ólíka þætti. Frá F.Su. fóru nemendurnir Bergsteinn Kárasón, Bryndís Blöndal og Sölvi Sveinsson og starfsmennirnir Haraldur Eiríksson fjármálastjóri og Þór Stefánsson kennari. Á fundinum voru fulltrúar frá

Slóvakíu, Póllandi, Portúgal, Spáni, Ítalíu, Litháen, Rúmeníu, Eistlandi og Noregi. Verkefnið er styrkt af Evrópusambandinu. Ferðin var stórskemmtileg í alla staði. Nemendur lærðu heilmikið, kynntust mörgu skemmtilegu fólki hvaðanæva úr Evrópu, sáu eitthvað nýtt á hverjum degi, fóru í fjallgöngur, í sundlaugagarða og svo mætti lengi telja. Þau mæla með ferð af þessu tagi fyrir hvern þann sem langar að ferðast til annarra landa, kynnast nýju fólki og læra eitthvað nýtt og spennandi. Þetta var reynsla sem þau gleyma aldrei!

Jólatónleikar kórsins

Kór Fjölbrautaskóla Suðurlands hélt sína árlegu jólatónleika í Selfoskirkju sunnudaginn 2. desember. Á efnisskránni var jólatónlist úr ýmsum áttum og skiptu kórfélagar á milli sín hljóðfæraleik og einsöng. Ágætis mæting var á tónleikana og gerður góður rómur að söng hans. Kynnir á tónleikunum var Gylfi Þorkelsson.

Froskar á ferð

Fjöldinn allur af froskum leit við í skólanum 30. nóvember. Þar voru á ferð dimmitantar, nemendur sem stefna á að ljúka námi á haustönn. Hófu froskarnir upp raust sína og sungu fyrir nemendur og starfsfólk. Því næst gæddu þeir sér á kjötsúpu með starfsfólki og héldu svo út í óvissuferð. Undanfarnar tvær vikur hafa nemendur setið sveittir við próflestur, en um 107 nemendur hyggjast brautskrást úr námi við skólann á þessari önn.

Brautskráning haustannar 2012

Brautskráning fór fram í FSu föstudaginn 21. desember. Alls útskrifaði skólinn 100 nemendur, þar af 76 stúdenta. Flestir brautskráðust af félagsfræðibraut eða 31 nemendur, 29 af náttúrufræðibraut, 7 af viðskipta- og hagfræðibraut, 2 af málabraut 9 nemendur luku viðbótarnámi til stúdentsprófs. Af öðrum brautum luku 3 nemendur grunndeild bíliðna, 9 grunndeild bygginga- og mannvirkjagreina, 4 af listnámsbraut, 1 af grunndeild málmiðna. Þá luku 3 nemendur námi á tveggja ára hestabraut, 10 af íþróttabraut og 12 af sjúkraliðabraut, þar af 2 nemendur af sjúkraliðabru. Tveir nemendur brautskráðust af tveimur stúdentsbrautum.

Góður námsárangur

Að venju voru við brautskráningu síðastliðinn föstudag veittar viðurkenningar fyrir mjög góðan árangur í námsgreinum sem og viðurkenningar fyrir bestan heildarárangur í námi. Anna Rut Arnardóttir fékk verðlaun fyrir frábæra ástundun í myndlist, sjónlistum og textíl, viðurkenningu fyrir mjög góðan árangur í þýsku og einnig viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í náttúrufræði og raungreinum. Nína Guðrún Guðjónsdóttir fékk viðurkenningar fyrir mjög góðan árangur í sálfræði, þýsku, ensku, heimspeki og íslensku. Íris Sverrisdóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í spænsku og félagsfræði. Berglind Ólafsdóttir hlaut verðlaun fyrir ástundun og góðan árangur í stærðfræði. Auður Ingimundardóttir hlaut einnig verðlaun fyrir ástundun og góðan árangur í stærðfræði. Sigurður Ingi Magnússon hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í náttúrufræði og raungreinum. Einar Sindri Ólafsson hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í jarðfræði. Dagbjört Sævarsdóttir og Lovísa Dagmar Guðfinnsdóttir hlutu viðurkenningu fyrir fyrir góðan árangur í spænsku. Guðbjörg Sigrún

Stefánsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í verklegri og bóklegri hjúkrun. Karel Fannar Sveinbjörnsson hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í tölvufræði. Verðlaun fyrir bestan heildarárangur hlaut Anna Rut Arnardóttir, en hún fékk einnig námsstyrk frá Hollvarðasamtökum FSu ásamt Nínu Guðrínu Guðjónsdóttur.

Upphaf vorannar

Kennsla hófst samkvæmt stundaskrá þriðjudaginn 8. janúar.

Skáld í heimsókn

Steinunn Sigurðardóttir skáld heiðraði íslenskunemendur með nærveru sinni á haustdögum. Dagskráin hófst á því að nokkrir nemendur fluttu ljóð eftir Steinunni síðan tók Steinunn við og spjallaði vítt og breytt um líf sitt og störf. Skáldskapurinn spilaði stórt hlutverk í umfjölluninni. Skemmtilegt var að hlusta á hana og heyrst hefur að mörg skúffuskáld séu á leiðinni upp úr skúffunni. Gerður var góður rómur að samkomu þessari.

Hönnunarsamkeppni um verknámshús

Nýverið var undirritaður samningur um hönnunarsamkeppni vegna stækkunar á verknámsaðstöðu Fjölbrautaskóla Suðurlands. Um er að ræða 1.630 m² viðbyggingu við núverandi verknámsaðstöðu skólans sem er 1.230 m² og því um að ræða meira en tvöföldun á núverandi húsnæði. Gert er ráð fyrir að framkvæmdir verði boðnar út í september á þessu ári.

Prískólafundur

Fjölbrautaskóli Suðurlands tekur þátt í svokölluðu þrískólasamstarfi með Fjölbrautaskólanum á Suðurnesjum og Fjölbrautaskóla Vesturlands. Samstarfið felur í sér samráð bæði milli stjórnenda og starfsfólks skólanna þriggja, þar sem skólarnir eiga ýmislegt sameiginlegt varðandi námsframboð og starfsumhverfi.

Mánudaginn 28. janúar féll niður kennsla, en þá kom starfsfólk FS og FVA í heimsókn hingað í FSu. Dagurinn var nýttur til fundahalda, en fyrir hádegi héldu þær Sjöfn Guðmundsdóttir, kennari við Menntaskólann við Sund og Ester Ýr Jónsdóttir, raungreinakennari við FSu, erindi um sjálfbærni. Erindið var mjög fróðlegt, en þær kynntu hugtakið sjálfbærni í tengslum við nýja námsskrá framhaldsskóla þar sem sjálfbærni er einn af grunnþáttum hennar.

Eftir hádegismat skipti hópurinn sér niður í smærri einingar og völdu menn sér umræðuhópa eftir kennslugreinum. Var mál manna að vel hefði tekist til og gott og gagnlegt fyrir starfsfólk skólanna að bera saman bækur sínar og ræða um skólastarfið.

Fáðu Já!

Stuttmyndin Fáðu Já, mynd um mörkin milli ofbeldis og kynlífs var sýnd í skólanum þann 31. janúar. Kennarar sýndu myndina í kennslustund og stýrðu umræðum um hana. Nemendur virtust almennt vera ánægðir með myndina og sköpuðust víða líflegar umræður um efni hennar. Myndin er gerð vegna vitundarvakningar um kynferðislegt ofbeldi gagnvart börnum og er styrkt af velferðar-, innanríkis- og mennta- og menningarmálaráðuneyti.

Ráðherra í heimsókn

Mánudaginn 4. febrúar heimsótti Katrín Jakobsdóttir, mennta- og menningarmálaráðherra skólann. Ráðherra skoðaði húsakynninn hátt og lágt, ræddi við nemendur og starfsfólk og skrifaði undir skólasamning ásamt skólameistara. Ráðherrann kynnti sér sérstaklega hestabraut skólans og heimsótti Votmúla þar sem kennsla í verklegum greinum hestabrautar fer fram. Einnig skoðaði ráðherra Odda, Iðu og Hamar. Katrín hitti starfsfólk á sal og svaraði spurningum þeirra um margvísleg málefni tengd skólastarfi.

Búningahönnun og hugmyndavinna í THL113

Hönnun og textíll er eitt af því sem er í boði á sviði verklegs náms í FSu. Í grófum dráttum er áföngum skipt upp í þrennt: Fatahönnun, textílhönnun og hugmyndavinnu. Sem dæmi um greinar og aðferðir sem kenndar eru undir skammstöfuninni T (textíll), H (hönnun) og L (listir) eru búningahönnun, tauprykk og litun, þrjón, hekl, bútasamur, útsamur, leður, skinn, ullarvinnsla og hífylahönnun. Framundan er alvöru búningahönnun, í tengslum við uppfærslu alvöru leikrits í áfanganum LEK123.

Nemendur kynna áhugamál sín

Um miðbik annar kynna nemendur í lífsleikni gjarnan áhugamál sín á opnu húsi. Þessar kynningar nemenda hafa verið mjög skemmtilegar og fjölbreyttar og fjölmargir komið við og kynnt sér sýninguna. Sem dæmi um sýningarmuni má nefna hnakka, heypoka, bifreiðavélar, hand-, körfu- og fótbolta, plaköt með útskýringum, golfkylfur og margt fleira. Óhætt að segja að bæði nemendur og gestir hafi haft gaman af.

Glæsilegur árangur í þýskupraut

Árleg landskeppni framhaldsskólanema í þýsku, svokölluð Þýskupraut, var haldin 27. febrúar sl. Af 61 þátttakanda úr átta skólum voru þrír frá FSu. Einn þeirra, Gísli Þór Axelsson, náði öðru sæti með 86 stig af 100 mögulegum. Númer eitt var MR-stúlka með 95 stig. Að launum frá þýska ríkinu hlaut Gísli fjögurra vikna dvöl í Þýskalandi næsta sumar. Þar verður boðið upp á þýskunámskeið, fjölbreytta menningardagskrá, dvöl hjá fjölskyldu og ferðalög um Þýskaland.

Kátir dagar og Flóafár

Kátir dagar voru haldnir dagana 27. og 28. febrúar, en þá er kennsla brotin upp og starfsfólk og nemendur skemmta sér saman. Fjölbreytt dagskrá var í boði með námskeiðum og fyrirlestrum. Föstudaginn fyrsta mars var svo haldið hið árlega Flóafár, en þar keppa lið nemenda í þrautum sem starfsfólk hefur útbúið. Hugmyndaauðgi liðanna í útliti og skipulagningu heimasvæða var mikil og fór keppnin vel fram. Sigurvegari dagsins var lið sem kallaði sig 80's. Önnur lið sem tóku þátt voru Made in sveitin, Austin Powers, Strumparnir og Hawaii.

Vetrarleikar FSu 2013

Fimmту vetrarleikar FSu voru haldnir á Brávöllum miðvikudaginn 27. febrúar. Nemendur halda mótið árlega í sambandi við Káta daga í skólanum. Nokkrir notuðu tækifærið til að stíga sín fyrstu skref í keppni, en meirihluti þátttakanda eru þaulvanir keppendur. Þátttaka á mótinu

er einnig reiðmennskuverkefni hjá nemendum á 4. önn á hestabraut. Á mótinu sáust bæði flottir gæðingar og góð reiðmennska. Athyglisvert var að sex af átta knöpum í úrslitum kepptu á “heimaræktuðum” hrossum. Sunnlenskir hrossaræktendur eru greinileg á réttri leið í ræktun, bæði hesta og knapa.

Eggert Helgason sigraði í þetta sinn á hinum glæsilega Spóa frá Kjarri. Spói er átta vetra stóðhestur úr ræktun fjölskyldu Eggerts að Kjarri í Ölfusi. Hann er undan Stála frá Kjarri og Stjörnu frá Kjarri. Eggert er nemandi við náttúrufræðibraut og stefnir á að útskrifast eftir eitt og hálf ár.

Öðru sæti náði Dórothea Ármann, en hún var einnig á hrossi úr ræktun sinnar fjölskyldu, að Friðheimum í Biskupstungum. Hún var á hryssunni Bríet, sem er 9 vetra dóttir Töfra frá Kjartansstöðum. Dórothea er nemandi við náttúrufræðibraut, og hestabraut.

Í þriðja sæti var Sigurbjörg Bára Björnsdóttir á Silfurdís frá Vorsabæ II, 7 vetra dóttur Snjalls frá Vorsabæ II. Sigurbjörg var þriðji knapinn sem keppti á heimaræktuðu hrossi, en sjálf er hún “ræktuð og tamin” á Vorsabæ II á Skeiðum. Sigurbjörg hlaut einnig reiðmennskuverðlaun mótsins annað árið í röð en hún er nemandi við almenna braut og með hestabraut í vali. Hestamannafélagið Sleipnir á Selfossi lánaði nemendum FSu völlinn og hljóðkerfi fyrir mótshaldið. Hestavöruverslunin Baldvin og Þorvaldur gaf glæsilegt höfuðleður fyrir reiðmennskuverðlaunin, en þeir hafa styrkt þessi verðlaun frá upphafi. Ársæll Jónsson í Eystra-Fróðholti gaf folatoll undir Penna frá Eystra-Fróðholti í fyrstu verðlaun. Dómarar í ár var Karl Áki Sigurðsson og Sigríður Pjétsdóttir.

Úrslit vetrалеika FSu 2013

1. Eggert Helgason, Spói frá Kjarri
2. Dórothea Ármann, Bríet frá Friðheimum
3. Sigurbjörg Bára Björnsdóttir, Silfurdís frá Vorsabæ II
4. Hildur Kristín Hallgrímsdóttir, Sjöfn frá Fremji-Fitjum
5. Sólrún Einarsdóttir, Élhríma frá Háabæ
6. Þorsteinn Björn Einarsson, Dropi frá Ytri-Sólheimum II
7. Björgvin Ólafsson, Óður frá Kjarnholtum
8. Gunnlaugur Bjarnason, Andrá frá Blesastöðum 2a

Getraun á bókasafninu

Á Kátum dögum var boðið upp á getraun á bókasafninu. Spurt var um ýmislegt sem sneri að tónlist, ljóðlist og bókum. Ágætis þátttaka var í getrauninni og voru þrír getspakir nemendur dregnir úr pottinum. Hinir heppnu voru Dagbjartur Sebastian Østerby Christensen, Hrefna Björg Ragnarsdóttir og Óttar Andri Óttarsson. Að gjöf fengu þau geisladiska með íslenskum tónlistarmönnum.

Sigur FSu í framhaldsskólamóti í hestaíþróttum

Framhaldsskólamótið í hestaíþróttum fór fram laugardaginn 2. mars í reiðhöllinni Harðarbóli í Mosfellsbæ. Þar voru 6 keppendur frá FSu sem stóðu sig frábærlega og unnu stigakeppni skólanna. Fyrirkomulag mótsins var með því sniði að keppt var í 3 greinum, tölti, fjörgangi og fimmgangi. Aðeins 3 keppendur mega fara í hverja grein frá hverjum skóla. Keppendur í tölti og fjörgangi voru hátt í 30 en í fimmganginum voru 14 keppendur.

Úrtaka, fyrir framhaldsskólamótið, fór fram í FSu þar sem eftirfarandi keppendur komust áfram með sína hesta: Gústaf Ásgeir Hinriksson, Ragnheiður Hallgrímsdóttir, Jóna Guðbjörg Guðmundsdóttir, Brynja Amble Gísladóttir, Berglind Rós Bergsdóttir og Þórólfur Sigurðsson. Á mótinu vann Gústaf Ásgeir tölfið og Berglind Rós endaði í 4. sæti í tölfi. Í fjörganginum var Gústaf Ásgeir í 1. sæti. Jóna Guðbjörg var í 4. sæti og Brynja Amble í 5. sæti Fimmgangurinn fór svo að Ragnheiður endaði í 1. sæti, Gústaf í 6. sæti og Þórólfur í 11. sæti. Stigahæsti keppandi mótsins var svo Gústaf Ásgeir Hinriksson.

Frönskunemendur í París

Dagana 7.-11. mars dvaldi fríður hópur frönskunema í París. Með í för voru 2 frönskukennarar: Vera Ósk Valgarðsdóttir og Hrefna Clausen. Tilgangur ferðarinnar var að kynna hinni rómuðu höfuðborg Frakklands og anda að sér franskri menningu. Ferðin heppnaðist vel í alla staði. Dagarnir fjórir voru vel nýttir til skoðunarferða vítt og breitt um Parísarborg. Eiffeltúrninn, Sigurboginn, Latínuhverfið, Notre Dame, Montmartre, Signa, Champs-Élysées; allt vakti þetta athygli og aðdáun nemenda sem voru duglegir að tjá sig á franskri tungu, smakka framandi rétti (t.d. escargots, pâté de foie og crème brûlée) lesa út úr götukorti og ferðast með metró. Kristín Jónsdóttir, öðru nafni Parísardaman.com, fylgdi hópnum einn daginn og uppfærddi hann á skemmtilegan hátt um ýmsar staðreyndir úr sögu borgarinnar.

Frábær árangur í forritunarkeppni

Laugardaginn 16. mars var Forritunarkeppni framhaldsskólanna haldin í Háskólanum í Reykjavík. Liðið Neisti, sem skipað var FSu nemendum Hallgrími Davíð Egilssyni, Jakobi Reyni Valdimarssyni og Jóni Aron Lundberg, hreppti 2. sætið í Spock deild Forritunarkeppninnar. Í deildinni, sem er fyrir lengra komna forritunarnemendur, kepptu alls 18 lið. Í 4 sæti var svo liðið Codebusters skipað þeim Kristófer Montazeri úr MH og Magnúsi Ágústi Magnússyni úr FSu. Lið skipuð nemendum frá MR hrepptu 1. og 3 sætið. Ljóst er að um frábæran árangur þessara keppenda er að ræða. Einnig má geta þess að liðið SIGSEGV sem í var Tækniskólanemandinn Gunnar Guðvarðarson, áður nemandi FSu, sigraði Kirk deildina sem er líka deild fyrir lengra komna nemendur en með færri og stærri verkefnum.

Aragrúi í 3. sæti Músíktílauna

Hljómsveitin Aragrúi, sem skipuð er nemendum skólans, varð í 3. sæti Músíktílauna 2013. Keppnin, sem fór fram í Hörpunni laugardaginn 23.mars, var æsispennandi og barmafull af hæfileikaríku tónlistarfólki. Önnur sunnlensk hljómsveit, Glundroði, keppti einnig í úrslitum, en hana skipa fyrrverandi og núverandi nemendur FSu. Í Aragrúa eru þau Tómas Smári Guðmundsson, gítar, Markús Harðarson, trommur, Hlynur Daði Rúnarsson, bassi, Margrét Rún Símonardóttir, fiðla og söngur og Hulda Kristín Kolbrúnardóttir, söngur, en Hulda Kristín hlaut að auki sérstök verðlaun fyrir söng í keppninni.

Gjöf til bókasafnsins

Í byrjun aprílmánaðar barst bókasafni Fjölbrautaskóla Suðurlands góð gjöf frá Ólafi Th. Ólafssyni, fyrrum kennara við skólann. Um er að ræða innbundið heildarsafn blaðsins Harmoníkan, blað harmoníkuunnandans, sem út kom á árunum 1986 til 2001. Auk þess að

sinna myndlist og kennslu í áraraðir hefur Óli, að eigin sögn, verið með harmonikudellu frá unglingsaldri og eignaðist hann sína fyrstu harmoniku sextán ára gamall. Hann hefur verið virkur í félagsstarfi harmonikuunnenda og tók m.a. þátt í að stofna harmonikufélag á Selfossi fyrir rúmum tuttugu árum. Skólinn þakkar þessa fallegu gjöf.

Linuxtölvum fjölgar í FSu

Síðasta vetrardag var vinnutölva kerfisstjóra uppfærð sem ekki er í frásögur færandi nema vegna þess að stýrikerfi tölvunnar er af tegundinni Linux. Þetta er fyrsta vinnutölva starfsmanns FSu sem nýtir þetta stýrikerfi en Linux kerfið hefur samt verið notað samfellt á ýmsum netþjónum skólans síðan 1997. Tölva kerfisstjórans er þó ekki fyrsta vinnustöðin með Linux kerfinu í skólanum því það hefur verið keyrt á tveim borðtölvum bókasafnsins til reynslu síðastliðinn vetur. Ennfremur hafa verið gerðar tilraunir með notkun þess á tveim fartölvum í kennslustofu á vorönn. Þessi notkun á Linux kerfinu kemur til móts við stefnu stjórnvalda um frjálsan og opinn hugbúnað frá í desember 2007 þar sem kemur fram að opinberir aðilar eigi ekki að verða of háðir einstökum hugbúnaðarframleiðendum og þjónustuaðilum, sem og að nemendur í menntastofnunum landsins eigi að fá tækifæri til að kynnast og nota frjálsan hugbúnað til jafns við séreignahugbúnað.

Þverfagleg vinna í skapandi greinum

Á vorönn fór fram spennandi þverfagleg samvinna milli þriggja áfanga á sviði skapandi greina. Áfanginn LEK103 Leiklist, í umsjón og kennslu Guðfinnu Gunnars. setti upp tvö leikrit, Perfect og Tjaldið. Nemendur í áfanganum THL113 Hönnun og hugmyndavinna fengu það verkefni að hanna búninga á ellefu persónur í leikritinu Perfect. Einn nemandi fór alla leið og framleiddi búning á "alvöru leikara". Helga Jóhannesdóttir kennir hönnunaráfangann. Nemendur í KOK 273, kvikmyndagerð, sáu alfarið um gerð myndbanda sem notuð voru í öðru leikritinu. Málfríður Garðarsdóttir sá um kennslu kvikmyndagerðar. Þarna fengu margir nemendur reynslu í að vinna undir tímapressu að ólíkum verkefnum þar sem listgreinarnar þrjár sköruðust. Dagana 19 -20. apríl.sýndi leikhópurinn verkin á leiklistarhátíð á Stokkseyri

Finnskir gestir

Föstudaginn 19. apríl heimsóttu 34 nemendur og 5 kennarar tveggja framhaldsskóla í Merikarvia í Finnlandi Fjölbrautaskóla Suðurlands. Lárus Bragason og Örn Óskarsson tóku á móti gestunum. Skipulag FSu var kynnt. Eftir kynninguna var farin stutt kynningarferð um skólann en þá bættist í hópinn hinn sænskumælandi nemandi Jakob Þór Eiríksson. Heimsóknin tókst vel og hrifust þeir af snyrtimennsku og búnaði skólans. Ólafur Einarsson og Örn fóru með gestina í fuglaskoðun niður að ströndinni við Eyrarbakka og í Þorlákshöfn eftir hádegið. Sunnudaginn 21. apríl fór Örn síðan með hópinn í dagsferð um uppsveitir Suðurlands.

Hestaíþróttir og skák

Miðvikudaginn 24 apríl voru bikarar afhentir í miðrými skólans. Lið skólans í hestaíþróttum vann framhaldsskólamótið í hestaíþróttum og fengu þau afhentan bikar með áletrun. Skáksnillingar skólans fengu einnig verðlaun eftir skákmót skólans. Þar fékk heiðurssnillingurinn Erlingur Atli Pálmanson hrókinn fræga, en hann sigraði mótið.

Hundurinn Plútó í fleirtölu

Gulir hundar óðu hér um ganga skólans á föstudaginn 26 apríl. Þar voru á ferð dimmitantar, nemendur sem stefna á að ljúka námi á vorönn. Höfu hundarnir upp raust sína og sungu fyrir nemendur og starfsfólk. Því næst gæddu þeir sér á kjötsúpu með starfsfólki og héldu svo út í óvissuferð. Þegar þeir snúa aftur tekur próflesturinn við.

Vel heppnað kórferðalag

Að baki er vel heppnað ferðalag kórs Fjölbrautaskóla Suðurlands til Kaupmannahafnar, Stokkhólms, Tallinn og Tartu. Hvar sem kór FSu kom fram fékk hann vænan skammt af hrósi sem var langt umfram hefðbundið kurteisishrós. Það duldist engum.

Á torginu í Tallinn kom Bandaríkjamaður til kórstjóra og virtist aðal orðið hans vera "wow". Hann spurði hann fyrst hvaðan kórinn væri, því næst hver aldursdreifingin væri. Við hvert svar svaraði hann "wow". Sagði svo í lokin hafa unnið með fjölmörgum bandarískum kórum og aldrei heyrt eins góða tónmyndun og "músikalitet".

Á tónleikunum í Tartu uppskar kórinn nokkur "Bravo" og uppklapp. Enginn hinna kóranna upplifði hið sama. Að loknum flutningi á lögnum Unravel & Hverjum degi nægir sín þjáning tárfeildu sumir tónleikagestir. Kórfélagar voru uppnumdir, þeir skildu hvað þeir voru að gera.

Það að stjórna kór er ekkert ósvipað því að spila á hljóðfæri. Lykillinn að velgengi felst einkum í því að fá hljóðfærið til að vinna með hljóðfæraleikaranum, þ.e. svara óskum hans. Allt of oft sér maður kórstjóra reyna að draga hlassið og kórfélaga raula með. Í kór FSu er það þannig að kórfélagar ýta á eftir hlassinu eftir ábendingum stjórnandans. Þessi "samvinnu" nálgun stjórnanda vs. kórs er styrkur kórsins og vekur eftirtekt annarra. Danskir kollegar ræddu þetta á leið til baka frá Tallinn og fengu góð ráð.

Eistneski kórinn sem tók á móti okkur söng alls fimm lög á tónleikunum þrátt fyrir að hverjum kór hefði verið skammtað rými fyrir aðeins þrjú lög. Annað þessara "aukalaga" var íslenskt "Ég vil lofa eina þá" eftir Báru Grímsdóttur. Það var sérstaklega sungið til heiðurs íslenskum ferðalöngum og sem þakklætisvottur fyrir þann gjörning íslenskra stjórnvalda að vera fyrsta þjóðin til að viðurkenna sjálfstæði Eistlendinga. Hið síðara var sungið í pólitískum tilgangi því bæjarstjóri Tartu var á tónleikunum. Það lag er ákall þjóðar til ráðamanna að berjast gegn mikilli spillingu og misrétti í landinu.

Á sex ferðadögum upplifðu kórfélagar marga spennandi hluti. Ferðast var í flugvélum, lestum, rútum og skemmtiferðaskipum. Fjórar borgir voru heimsóttar: Kaupmannahöfn, Stokkhólmur, Tallinn og Tartu. Sungnir voru tónleikar í Kaupmannahöfn, Tartu og um borð í skemmtiferðaskipi á Eystrasalti. Að auki var sungið við ótal önnur tækifæri s.s. á gamla torginu í Tallinn og í miðbæ Stokkhólms.

Nemendur okkar voru til fyrirmyndar hvar sem þeir fóru og megum við vera stolt af þeim og þeim metnaði sem þau lögðu í sitt hlutverk. Ferðalagið má "sjá"

hér: <http://www.youtube.com/watch?v=NtPyA1yfv9o>

Kveðja, Stefán Þorleifsson, kórstjóri

Kvikmyndahátíð í FSu

Mánudaginn 29. apríl buðu nemendur í áfanganum Kvikmyndir og klipp í 9-bíó á sal skólans. Þar voru lokaverkefni áfangans, alls níu stuttmyndir, frumsýndar.

Andlát

Þór Vigfússon fyrrverandi skólameistari og kennari við FSu lést sunnudaginn 5. maí 2013. Þór var skólameistari við FSu frá 1983 til 1994. Blessuð sé minning hans.

Brautskráning vorannar 2013

Brautskráning fór fram í FSu föstudaginn 24. maí. Alls útskrifaði skólinn 102 nemendur, þar af 65 af stúdentsbrautum. Flesti brautskráðust af félagsfræðabraut, eða 31 nemendur, 19 af náttúrufræðibraut, 6 af viðskipta- og hagfræðibraut, 4 af málabraut og 5 luku viðbótarnámi til stúdentsbraut að loknu starfsnámi. Af öðrum brautum luku 4 nemendur grunnnámi bíliðna, 2 grunnnámi rafiðna, 5 grunnnámi bygginga- og mannvirkjagreina, 6 luku prófi af húsasmíðabraut, 5 listnámsbraut, fyrri hluta, 3 grunnnámi málmiðna, 3 luku tveggja ára braut í hestamennsku, 1 lauk prófi af íþróttabraut fyrri hluta, 9 luku prófi af starfsbraut, fyrri hluta, 3 prófi af íþróttabraut, 1 prófi af sjúkraliðabraut, 2 prófi af starfsbraut og 3 luku námi í söðlasmíði, samningsbundnu iðnnámi. Tíu nemendur brautskráðust af tveimur brautum, þar af 1 af tveimur stúdentsbrautum.

Góður námsárangur

Að venju voru við brautskráningu veittar viðurkenningar fyrir góðan námsárangur og bestan heildarárangur í námi. Bylgja Sif Jónsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í sögu. Markús Árni Vernharðsson og Jakob Þór Eiríksson hlutu viðurkenningu fyrir góðan árangur í frönsku. Elísa Björg Grímsdóttir og Telma Ósk Arnarsdóttir hlutu viðurkenningu fyrir góðan árangur í spænsku. Arnhildur Helgadóttir hlaut viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í jarðfræði. Stefán Elí Gunnarsson hlaut sérstaka viðurkenningu frá HÍ fyrir góðan árangur í tungumálanámi. Albert Freyr Eiríksson hlaut viðurkenningu fyrir góðan námsárangur, jákvætt og uppbyggilegt viðhorf til náms í viðskiptagreinum. Hallgrímur Davíð Egilsson fékk viðurkenningu fyrir framúrskarandi árangur í tölvufræði. Fanney Úlfarsdóttir hlaut viðurkenningu fyrir afburða frammistöðu og ástundun í uppeldisfræði. Sara Árnadóttir hlaut viðurkenningu fyrir góðan árangur í stærðfræði og sérstaka viðurkenningu fyrir árangur í stærðfræði frá Háskólanum í Reykjavík. Viðurkenningu fyrir bestan heildarárangur á stúdentsprófi við FSu hlaut Brynja Valgeirsdóttir. Einnig fengu fjórir nemendur peningagjöf frá Hollvarðasamtökum FSu, þær Brynja Valgeirsdóttir, Sara Árnadóttir, Valdís Bjarnadóttir og Fanney Úlfarsdóttir. Markús Árni Vernharðsson, Sara Árnadóttir og Margrét Harpa Jónsdóttir hlutu sérstaka viðurkenningu fyrir frábær störf að félagsmálum við skólann.

2 Skýrslur kennslustjóra og fagstjóra

2.1 Svið: Tungumál, samfélagsgreinar og lífsleikni

Sviðsstjóri: Björgvin E. Björgvinsson

2.1.1 Enska

Kennslustjóri: Kristjana Hrund Bárðardóttir

Kennsluskipting í enskudeild.

Nafn kennara:	Áfangi/ar	Áfangi/ar
	haustönn	vorönn
Guðfinna Gunnarsdóttir	1x ens S-hópur 1x ens403 1x ens 603	1x ens S-hópur 2x ens 403
Helgi Þorvaldsson	2x ens212 2x ens303 Sogn	2x ens212 2x ens303 Sogn
Kristín Runólfsdóttir	2x ens503	0
Kristjana Hrund Bárðardóttir	1x ensU93 1x ens*S3 1x ens103 2x ens403 ens103 grunnsk.	1x ens*S3 2x ens203 1xens403 ens203 grunnsk.
Paola Daziani	2x ens102 2x ens303	2x ens102 2x ens303
Sveinn E Magnússon	2x ens102 1x ens202 Litla Hraun	2x ens202 1x ens203 Litla Hraun
Ægir Pétur Ellertsson	2x ens103 2x ens203	1x ens202 1x ens333 2x ens 503

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Engar nýjungar í kennsluháttum komu fram í enskudeildinni þetta skólaárið, enda allt í biðstöðu vegna vinnu að nýrri námskrá, en að sjálfsgöðu er alltaf eitthvað í endurnýjun, eins og hitt og þetta verkefni og hvernig kennari setur fram efnið og hugsar, en engar róttækar breytingar voru á þessu kennsluári. Vonandi verður hægt að vinna meira að nýjungum á næsta skólaári og koma vinnu að nýju námskránni á skrið.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Lokapróf var í öllum enskuáföngum upp að 403, fyrir utan U93 og 202. Í 403 áföngum þar fyrir ofan var símat alla önnina. Í flestum tilfellum gildi lokaprófið 50% á móti 50% annareinkunn, sem saman stendur af símati annarinnar.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Guðfinna og Kristjana stunduðu vettvangsnám um Grunnþætti Menntunnar á vegum Endurmenntunnar HÍ allan veturinn. Guðfinna sótti einnig leikstjórnarnámskeið.

Kristjana og Ægir Pétur sátu *The Multitudinous Forms of Communication*. Sumarnámskeið FEKÍ 11-15 júní. Ægir sat einnig ráðstefnu á vegum FEKÍ *Making sense through writing* frá 7-9 júní

Kristjana og Kristín Runólfssdóttir sátu Moodle 2- námskeið á vegum 3f og Endurmenntunar HÍ, 7. og 8. júní. Einnig sat Kristín Netlausnir - námskeið á vegum 3f og Endurmenntunar HÍ, 11.-13. júní og Nám í mannauðsstjórnun fyrir millistjórnendur hjá ríkinu, 10. - 15. maí 2013.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Ekki voru miklar breytingar á kennslugögnum þetta árið, fyrir utan einhverjar tilfærslur á skáldsögum í hinum ýmsu áföngum, t.d prófaði Guðfinna að nota Forrest Gump og kom það vel út.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Við vonum að við getum unnið meira að nýrri námskrá, annars höldum við okkar striki eins og áður og bíðum átekta. Kristjana ætlar reyndar að prófa kenna í anda nýrrar námskrár í ENSU93 og S hópnum og nýta sér það sem hún lærði í vettvangsnáminu síðastliðinn vetur.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Við höldum áfram að hvetja skólayfirvöld að hafa hópastærðir viðráðanlegar (sérstaklega í U-hópnum og hægferðar áföngum) og bíðum eftir að skólinn fjárfesti í hugbúnaði sem skoðar hvort um ritstuld sé að ræða í verkefnum nemenda.

Stöðugt koma upp vandamál varðandi suma nemendur sem eru eldri en 20 ára og undanþegnir skólasóknarreglum. Sumir þessara nemenda ætla sér að mæta í tímuna en þegar stutt er liðið á önnina hverfa þeir í lengri eða skemmri tíma. Einnig hafa sumir ekki samband við kennarann fyrr en tvær eða fleiri vikur eru liðnar af önninni. Það er ómögulegt fyrir kennara að standa í þessu og veldur því að jafnræðis er ekki gætt milli þessara nemenda og þeirra sem yngri eru varðandi skilafrest á verkefnum. Þó svo að allir nemendur sem undanþegnir eru skólasóknarreglum séu látnir skrifa undir námssamning treysta margir sér ekki til að segja annað en að þeir muni mæta í alla tíma sem þeir geta. Samningurinn sem slíkur er því ónýtt plagg. Þessir nemendur birtast síðan í lok annar og bera sig illa þegar allt stefnir í ófni. ENS503 er símatsáfangi og mikið um hópverkefni. Eldri nemendur sem ekki mæta eins og þau yngri þurfa því annaðhvort að vera utanskóla, mæta ekkert í tíma og skila verkefnum og taka lokapróf, - eða sleppa áfanganum. Skólayfirvöld þurfa að leggja afgerandi línur hvað þetta varðar og standa með kennurum þegar reynir á varðandi þessa nemendur.

Annað

Í ENS503 er unnið mjög í anda nýrrar námskrár og áhersla á grunnþætti mikil. Sem dæmi má nefna verkefni sem koma inná þætti eins og upplýsingalæsi, sjálfsmynd, staðalímyndir og kynjamismun, jafnrétti og lýðræði, einstaklingamun og fjölgreindir. Námsefni er fjölbreytt sem og námsaðferðir, öllu

efni nema skáldsögum er miðlað gegnum Moodle námskerfið og öll verkefnaskil eru rafræn, að undanskildum handskrifuðum tímaverkefnum. Þetta á líka við ENS403. Þökkum samstarfið á líðandi skólaári og vonum að það verði farsælt á komandi skólaári.

2.1.2 Íslenska

Kennslustjóri: Gísli Skúlason

Kennarar og áfangar þetta skólaár

Nafn kennara:	Áfangi/ar	
	haustönn	vorönn
Björgvin E. Björgvinsson	ÍSLU93	ÍSL203
	ÍSL203	ÍSL212
	ÍSL212	
Bryndís Guðjónsdóttir	ÍSL202	ÍSL202
	Gísli Skúlason	ÍSL202
	ÍSL202	ÍSL343
Guðbjörg Dóra Sverrisdóttir	ÍSL102	ÍSL102
	ÍSL203	ÍSL212
		ÍSL203
Gylfi Þorkelsson	ÍSL303	ÍSL103
	ÍSL403	ÍSL303
		ÍSL503
Jón Özur Snorrason	Ólaunað leyfi	ÍSL202
		ÍSL403
		ÍSL503
Katrín Tryggvadóttir	Ísl102	Ísl102
	Ísl403	Ísl303
	Ísl663	Ísl403
Ragnhildur E. Sigfúsdóttir	ÍSL403	ÍSL303
Rósa Marta Guðnadóttir	ÍSL303	ÍSL503
	ÍSL503	S-HÓPAR
	S-HÓPAR	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Engar byltingarkenndar nýjungar komu fram á þessu skólaári, en sem fyrr eru kennarar sífellt að prófa sig áfram með verkefni og aðferðir. Hér fara á eftir nokkur dæmi um slíkt.

103: Elín Una og Gísli römmuðu ritunarverkefni áfangans inn í bloggsíður (Wordpress) sem hver nemandi hélt úti alla haustönnina. Þetta gafst vel að mati kennara þó nemendur kvörtuðu nokkuð, einkum yfir því að verk þeirra væru öllum sýnileg á netinu, en það varð jafnframt til þess að margir vönduðu sig við skrifin og létu ljós sitt skína.

Björgvin: Nefna má að hlustað var á nokkur laga Skálmaldar og rýnt í texta þeirra í ÍSL203 og ÍSL212. Það efni fellur vel að Snorra-Eddu en einnig var efnið að hluta notað í áfanganum ÍSLU93 þar sem Eiríks saga rauða var lesin.

202: Bryndís: Þar sem ég var í námi varðandi grunnþættina þá beindi ég augum að þeim í umræðum og verkefnum. Þar sem lokaverkefnið í áfanganum kom inn í kennsluna hjá mér þá setti ég verkefnið upp í lotur með meira vali en áður.

Í síðustu lotunni gátu nemendur *valið* hvort þeir unnu að veggspjaldi þar sem þeir kynntu tónlistamenn og texta eða útbjuggu fréttablað með ýmsu efni. Þessi vinna gekk vel og komu margar skemmtilegar útgáfur út af blöðum og veggspjöldum. Gerð var tilraun þar sem nemendur bjuggu til blað um hugðarefni sín og birtu flestir á netinu gegnum Issuu. Þetta varð sumum hvatning en hefði þurft að koma til fyrir á önninni þar sem sumir nemendur voru búnir með úthaldið.

Þá var kjörbókarverkefni áfangans lagt niður en þess í stað skrifuð tímaritgerð um álitamál þar sem nemendur áttu að sýna allt það sem þeir hefðu lært í ritun á önninni. Þetta gafst allvel þar sem ágætar ritsmíðar urðu til, og hefðu þær mátt vera hluti að blaðaverkefninu, eftir á að hyggja, þar sem efnið í því var heldur klént.

Gylfi: Ég tel að námsmarkmið, námsmatið og kennsluáferðir bjóði upp á þann sveigjanleika að geta komið, a.m.k. að töluverðu leyti, til móts við mismunandi þarfir nemenda. Þar sem á skortir að þessu leyti er ég boðinn og búinn að taka tillit til sérparfa eða sérstakra aðstæðna einstakra nemenda.

Námsárangur hefur þrátt fyrir þetta ekki verið góður. Í Ísl. 103 féllu 5 nemendur af 26 (19%) og tveir til viðbótar hættu snemma (7/28=25% afföll) Ísl. 303 féllu 12 nemendur af 22 (55%) sem voru til loka í öðrum hópnum en þrír til viðbótar voru upphaflega skráðir í hópinn en hættu snemma (15/25=60% afföll). Í hinum hópnum féllu 7 af 24 (29%) en einn til viðbótar hætti á miðri önn (8/25=32% afföll). Í Ísl. 503 voru 25 nemendur á skrá við annarlok. Tveir skiluðu ekki bókmenntaritgerð og glötuðu próftökurétti, einn hætti að mæta í byrjun apríl og kom ekki í lokapróf (3/25=12%). Af þeim 22 nemendum sem þreyttu lokaprófið féllu 10 (45%) og heildarafföll í hópnum voru því 52% (13/25).

Vitaskuld er öllum hollt að líta í eigin barm eftir skýringum, og það hefi ég gert undanfarin ár. Ég hef snarminnkað, nánast alveg lagt af, glærufrirlestra sem voru alltaf ákveðinn hluti af kennslunni áður, innlögn sem ég taldi nauðsynlegan aðdraganda verkefnavinnu. Nú einbeiti ég mér fyrst og fremst að tvennskunar kennsluháttum: a) einstaklingsmiðaðri aðstoð við nemendur í verkefnavinnu, hvort sem er um að ræða hópavinnu eða einstaklingsverkefni og b) opnum, gagnkvæmum samræðum við bekkinn um námsefnið eða einstök álitamál. Útgangspunkturinn er að fá fram hugmyndir nemenda, en ekki að koma á framfæri „réttu svarinu“. Ég legg mikla áherslu á opnar spurningar og hætti ekki fyrir en ég fæ einhver viðbrögð.

Meginvandinn er sá að of stór hluti nemenda les ekki námsefnið. Þess vegna gagnast þeim hluta ekki að marki einstaklingsbundin aðstoð né heldur frjálsar samræður og skoðanaskipti. Hvað er þá til ráða? Hverfa aftur að því að „troða í“ nemendur viskunni? Nei, varla. Nemendur öðlast ekki nauðsynlega færni í skriflegri og munnlegri framsetningu máls nema með því að glíma við verkefni, kynna sér námsefnið og vinna verkefni. Spurningunni hvort það sé mér að kenna að þeir gera það ekki læt ég ósvarað í bili.

Jón Özur, 503: Engar sérstakar nýjungar í kennsluháttum að þessu sinni. Segja má að allt sem var reynt hafi verið gert áður. Vissulega eru þó alltaf einhverjar áherslubreytingar. Notkun á Moodle vegur alltaf þyngra í beinni kennslu hjá mér. Benda má á að ég fór yfir lokaritgerð í ÍSL 503 að þessu sinni á rafrænan hátt og skilaði henni til baka í gegnum Moodle. Leiðrétti og gerði athugasemdir í Track changes í Word. Þetta hentar mér prýðilega og vonandi nemendum. Enginn kvartaði. Auk þess legg ég áherslu á að gefa nemendum mínum ítarlega skriflega umsögn í verkefnum af þessu tagi þar sem ég tíunda kosti og hvað þyrfti að gera betur.

Katrín: Í Ísl. 102 var tímastjórnunin heldur betri en verið hefur. Nemendur urðu að skila verkefnum hvort sem þeim tókst að klára þau eða ekki. Þetta varð til þess að margir kepptust við að klára. Þetta tókst betur á haustönninni en á vorönn. Það voru einfaldlega duglegri nemendur á haustönn.

Í Ísl. 303 unnu nemendur færri verkefni en í staðinn kom að þeir „urðu“ að skrifa glósur eftir töflunni. Sumir þættir Njálu voru settir upp sem hugkort á töflunni. Nemendur fengu stórt blað (tvö A3 límd saman) sem þeir glósuðu á. Fall Gunnars var teiknað. Síðan voru settar athugasemdir inn á myndina við helstu atriði. Þetta krunsprang á töflunni tókst þokkalega. Nemendur mættu þokkalega í tímana og höfðu áhyggjur ef þeir mættu ekki.

Í Ísl. 403 var heldur meira af hópvinnu eða paravinnu en hefur verið, það er að segja á vorönninni. Hóparnir voru viljugir til verka og gengu að verki eins og fullorðið fólk.

Ísl. 663 var kennd með sama sniði og verið hefur. Ég tel það ágætt fyrirkomulag.

Ragnhildur: Alltaf er verið að reyna að gera eitthvað nýtt og skemmtilegt. Nýjar nálganir í bland við eldri. Í 303 má nefna Helgakviðurefil. Refillinn var sjálfsagt innblásin að þeim reflu sem verið er að sauma út á tveimur stöðum á landinu, annan er að finna í Njálusetrinu á Hvolsvelli og á að sýna Njálssögu þegar hann loks verður fullkláraður. Nemendur fengu maskínupappír og unnu efni kviðunnar á pappírinn, teiknuðu kviðuna og bjuggu til skýringarmyndir og ættartölur.

Rósa Marta: Ég er alltaf að leita leiða til að bæta kennsluna. Nú hef ég látið nemendur vinna leikþætti upp úr bókmenntum. Sú vinna hefur heppnast vel og útkoman verið til fyrirmyndar í mörgum tilvikum. Nemendur skrifa í vangaveltubók um námið sitt og þælingar varðandi það. Öll próf eru ritgerðapróf þar sem lögð er áhersla á rökhugsun og mat nemenda. Mikil áhersla á ritun af öllu tagi til að gera nemendur ritfæra.


Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat er yfirleitt í byrjunaráföngum í íslensku, en lokapróf í bland við verkefnamat í áfönum 203, 212, 303, 403 og 503. Þó hefur símat verið reynt í flestum áföngum í íslensku. Það hvor leiðin er valin helgast einkum af námsefni áfangans og hvernig það er lagt upp. Ekki virðist áberandi munur á frammistöðu nemenda í símats- og lokaprófsáföngum.

Á deildarfundum í maí 2013 fóru kennarar yfir námsárangur og einkunnadreifingu einstakra áfanga í deildinni. Útkomuna má sjá hér:

Áfangi	Kennari	Fjöldi nem	Fallnir	Meðal-eink	Einkunnadreifing										F
					1	2	3	4	5	6	7	8	9	10	
102-1	kt	16	8	4,4	3	1	3	1	1	2	5				
102-2	gds	22	10	4,7	1	1	5	3	5	3	2	2			
103-1	gp	26	5	5,8	0	2	0	0	3	3	11	4	0	0	3
202-1	bg	25	4	5,2	1	1	1	1	9	7	3	2			
202-2	bg	22	6	5,2	2	0	4	0	3	5	8				
202-3	jöz	20	10	4,6	2	2	4	2	3	5	1	1			
202-4	gk	21	9	4,2	3	1	2	3	7	3	2				
203-1	beb	22	1	6,7			1		2	7	5	6		1	
203-2	beb	30	4	6,9				3	4	3	6	10	4		1
203-3	gds	29	1	7,2		1			4	1	9	10	4		
212-1	beb	30	8	5,2			3	4	5	7	2		9		1
212-2	gds	19	12	5,1		2	2	4	3	4	4				4
303-1	gp	22	12	4,6	1	3	3	4	4	2	0	3	1	0	1
303-2	gp	24	9	5,0	0	1	3	3	4	10	0	1	0	0	2
303-3	kt	21	9	5,0		3	3	2	4	4	3	2			1
303-4	res	25	14	4,5	1	3	4	5	4	4	2	2			1
343-1+2	gk	32	2	6,6	1			1	6	4	13	4	3		
403-1	jöz	26	6	6,0	1			5	4	5	10		1		
403-2	kt	23	1	7,0					1	7	8	6	1		1
403-3	kt	25	1	6,9					4	4	10	5	2		1
503-1	rmg	19	1	7,3				1	1	1	7	6	3		
503-2	gp	25	13	4,3	2	2	1	5	8	3	1	0	0	0	3
503-3	jöz	24	11	5,0	3	2		6	2	7	3	1			
Samtals		548	157	5,5	21	25	39	53	91	101	115	65	28	1	19

Á mynd lítur þetta svona út:



Hér verður ekki farið út í greiningu á þessum gögnum að svo stöddu. Þó má sjá að allmikill munur er á hægferð og hraðferð eins og við var að búast. Þegar í efri áfanga er komið er námsárangur í sumum tilfellum lakari en búast mætti við eftir rækilega „síun“ í fyrri áföngum. Einnig virðist námsárangur mismunandi eftir kennurum, til dæmis í 202 og 503, sem gæti verið áminning um meira samráð kennara og samræmingu í kennslu og námsmáti.

Í nokkrum áföngum verður námsárangur að teljast óviðunandi. Kennara deildarinnar greinir nokkuð á um hvað valdi því og hvað kennarar geti gert til að ráða bót á vandanum.

Íslenska 102 virðist þó skera sig nokkuð úr þar sem uppeldisskortur veldur miklu um slakan árangur og þurfa skólayfirvöld að styðja betur við kennara áfangans í glímunni við þann vanda.

Algengara er þó í þeim áföngum þar sem árangur er slakur að hegðun nemenda sé í lagi en áhuginn af skornum skammti. Þar verðum við að halda áfram að leita leiða til að glæða áhugann og stuðla þannig að viðunandi námsárangri.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Björgvin: Var í vettvangsnámi framhaldsskólakennara skólaárið 2012 - 2013 hjá Endurmenntun. Voru námsloturnar fjórar á hvorri önn og fjölluðu um grunnþætti menntunar. Hann sótti einnig málþingið „Lærum hvert af öðru - virkjum grunnþættina“ sem mennta- og menningarmálaráðuneytið hélt í samvinnu við Kennarasamband Íslands og Samband íslenskra sveitarfélaga í Flensborgarskólanum í Hafnarfirði föstudaginn 31. ágúst. Að auki var BEB málstofustjóri málstofu um læsi á svipuðu málþingi sem haldið var í FSu 31. október 2012.

Bryndís: Vettvangsnám framhaldsskólakennara á grunnþáttum menntunar skólaárið 2012-2013 hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

Gísli: Ritunarnámskeið í maí 2012, 3 dagar, á vegum Félags enskukennara. Heimspekinálgun í kennslu, á vegum Félags lífsleikniskennara í maí 2012. „Hvernig kennum við jafnrétti?“ hjá F-Líf í apríl 2013. Málþing um læsi, FSu október 2012. Námskeið í lok maí 2013 á vegum FSu, 3 dagar. Skilaði inn MA-ritgerð í ágúst 2012. Vann í vetur 5 eininga rannsóknarverkefni í HÍ og mun útskrifast með MA-próf frá HÍ í júní 2013.

Guðbjörg Dóra: Sumarnámskeið íslenskukennara sem haldið var á Akureyri í júní 2012.

Jón Özur: Var í ólaunuðu námsleyfi á haustönn 2012 og dvaldi í október á vegum Gullkistunnar í Frakklandi á alþjóðlegri residensíu sem kallast Camac og er staðsett í sveitaparpinu Marney Sur Seine í héraðinu Champagne Ardenne um 100 km austur af Parísarborg. Sótti námskeið á vegum Endurmenntunar H.Í. í apríl og maí í skapandi skrifum sem nefndist Úr neista í nýja bók í umsjón Önnu Heiðu Pálsdóttur rithöfundar og doktors í almennri bókmenntafræði.

Katrín: Sumarnámskeið íslenskukennara sem haldið var á Akureyri í júní 2012. Ráðstefna um málfræðikennslu sem haldin var í Kennaraskólanum að mig minnir í mars. Vorfund móðurmálskennara þar sem Kristinn R. kominn heim frá Spáni, talaði um orðmyndun. Þar var einnig fjallað um kennslu á smásögum. Þriggja daga ferð í Skagafjörð. Hún var farin til að elta uppi sögustaði Heimanfylgju og sjá og skoða hvað Hallgrímur Pétursson sá og upplifði fyrstu fjórtán árin. Ég hefði líka þurft að ganga yfir Heljardalsheiði en það verður að bíða betri tíma. Ég fór einnig á Hvalsnes og Saurbæ. Það voru bara dagsferðir.

Ragnhildur: Ritunarnámskeið hjá Endurmenntun í ágúst, aðferðir og leiðir í ritunarkennslu. Kvöldfyrirlestur hjá félagi heimspekikennara, hvernig á að kenna gagnrýna hugsun. Þess má geta að spurningunni var ekki svarað en umræður voru gagnlegar og niðurstaðan sú ef einhver var að það að kenna gagnrýna hugsun væri afar snúið.

Rósa Marta: Námskeið um grunnþættina hjá Endurmenntun. Ráðstefna sem bar yfirskriftina „Víst er málfræði skemmtileg“ í Kennaraháskólanum í haust. Vorfundur Samtaka móðurmálskennara en ég sæki alla fundi samtakanna sem eru fræðandi og skemmtilegir.“

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

U93: Í áfanganum var ekki notuð kennslubók. Þess í stað fengu nemendur gögn í hendur og tóku glósur og unnu verkefni sem þeir söfnuðu í möppur sínar. Að auki var niðursoðnu námsefni dælt út á Moodle.

102: Þar settu Guðbjörg Dóra og Katrín saman nýtt hefti samkvæmt venju báðar annirnar. „Það var ágætt.“ (KT)

202: Tekin var upp ný saga í áfanganum, Leikarinn eftir Sólveigu Pálsdóttur, sem gafst vel þar sem nemendur lásu hana margir af áhuga. Það gæti bent til þess að ekki sé sama hvað valið er til lestrar í íslenskuáföngum og námsefnið ráði nokkru um áhuga nemenda eða skort á honum.

403: Þar kenndum við að nýju eftir langt hlé skáldverkin Tilhugalíf eftir Gest Pálsson og Skugga-Svein eftir Matthías Jochumsson. Bæði verkin koma vel út í kennslu.

RMG: Vangaveltubókin kom sterkt inn þetta skólaár.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

BG: Hef hugsað mér að láta nemendur skrifa meira samantektir í stíl við tímaritgerðina. Velti fyrir mér hvort hægt sé að færa skil verkefna meira inn í Múðluna. Einnig skoða stutta texta til að vinna með.

BEB og GDS hafa kennt ÍSL203 og ÍSL212 þetta skólaárið og hafa verið að leita að heppilegum leiðum og vinnuferli við heimildaritgerðaskrif. Hafa þau hug á að þróa þá vinnu áfram á næstu önn(um).

GSK: Þróa betur blogg nemenda í 103, ekki síst að efla endurgjöf kennara og samnemenda. Halda áfram að þróa 202 þannig að fall minnki og verkefnaskil batni. Efla þarf tjáningarkennslu, bæði munnlega og skriflega. Líklega erum við of upptekin af því að hlaða lesefni á nemendur, með þeim afleiðingum að tjáningin verður olnbogabarn. Við ættum að nýta dýrmætt frelsi kennarans til góðra verka.

GDS: Í ísl 102 er ætlunin að breyta lestrarferlinu og láta alla lesa sömu skáldsöguna og sleppa kjörbókarlestri. Verkefni verða unnin úr bókinni og tímaritgerð í anda kjörbókarritgerðar skrifuð. Í ísl 212 og 203 verður unnið með heimildaritun á annan hátt en verið hefur og reynt að gera kennsluna og skrifin markvissari.

JÖZ: Mætti stokka upp og sundurliða betur námsmat í bókmenntaáföngum 403 og 503. Lotuskipta náminu og ljúka lotum með til dæmis munnlegum prófum og/eða stórum ritunarverkefnum úr lengri bókmenntaverkum. Þetta gæti þýtt að minna kennsluefni yrði undir til lokaprófs og væri þá hægt að spyrja ítarlegar út í það námsefni. Lokapróf í þessum áföngum eru að mínu mati of yfirgripsmikil.

Ég legg til að íslenskudeild sameinist í því að breyta borðaskipulagi kennslustofa sinna og fara að dæmi lífsleikni- og frönskudeildar og taka upp U-laga kennsluskipulag. Borð á víð og dreif í kennslustofum þar sem nemendur raða sér aftast og fela sig á bak við skjái er úrsérgengið. Tökum upp samræmt göngulag og formum kennslustofuna á faglegan og fallegan hátt.

RES: Mér dettur í hug í 303 að hafa Eddukvæði ekki á lokaprófi. Munnlegt próf á önn? Þannig má létta á því efni sem er til prófs við annarlok og mögulegt að ókleift fjall breytist í þúfur, stórbýft þó.

403, byrja á raunsæi og enda á lærdómsöldinni. Ljóðapakinn í upphafi brotinn upp og settur markvisst inn í verkefni yfir önnina. Ljóðaumfjöllun átti það til að verða of fyrirferðamikill í upphafi annar og skerða þannig þann tíma sem átti að nota í að skoða texta tímabilsins og fjalla um einstök skáld.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

GSK: Stórir hópar t.d. í 103 (yfir 30 manns) ollu miklu álagi við yfirferð og þrengdu að öllum hreyfanleika í bókstaflegri merkingu. Minna má á að stofur í Odda voru hannaðar fyrir 25 nemendur og rúmmál hvers einstaklings hefur ekkert minnkað síðan það var gert, né stofurnar stækkað.

Allar einkunnir eru birtar á múðlu, en nú virðist vera einhver draugagangur í kerfinu svo ekki er lengur hægt að treysta því að reiknaðar einkunnir séu réttar. Þetta er mjög bagalegt bæði fyrir kennara og nemendur.

Myrkvunartjöld þarf að setja í allar stofur. Nú þegar farið er að sýna allt gegnum tölvur duga rimlagluggatjöldin ekki til að myndir og vídeó sjáist nógu vel á tjaldi.

Deildin mælir með hærri aðgangskröfum í 102 og að þeir sem ekki ná þeim verði til dæmis settir í eins konar fámennan fornámshóp þar sem hægt er að þjóna þeim á viðunandi hátt án þess að þeir gangi á rétt þeirra sem eru komnir í skólann til að læra. Nú eru breyttar aðstæður eftir að samræmdu prófin voru lögð af, og engin leið fyrir kennara að sinna þeim sundurleita hópi sem nú er settur í 102.

GDS: Allt of stórir hópar skapa allt of mikið vinnuálag. Þannig voru hópar í íslensku 102 mjög stórir á haustönn og agamálin í hópunum (sérstaklega öðrum) með þeim hætti að ég var ekki búin að jafna mig á þeim fyrr en liðið var nálægt annarlokum á vorönn. Gæta verður þess að hópar séu ekki of stórir í hægferðum. Setja púlt í allar stofur þar sem íslenska er kennd. Leita þarf einnig leiða til að skoða hvers vegna einkunnir nemenda er slakar og brottfall mikið.

JÖZ: Gluggatjöld eru víða brotin og illa farin. Á veggi kennslustofanna mætti hengja fleiri falgri, lærdómsríkari og varanlegri verk sem tengjast sögu og menningu þessarar eyþjóðar.

KT: Ganga þarf frá Íslands- og Evrópukorti í stofu 204 á viðunandi hátt eins og í stofu 209 þannig að þau verði nothæf sem kennslugögn. Einnig ættu að vera kort í stofu 205 þar sem þar er líka kennd íslenska.

RES: Of stórir hópar í upphafi skerða mjög þá þjónustu sem hægt er að veita nemendum.

RMG: Nú stendur til að innleiða nýja námskrá sem byggir á grunnþáttunum góðu. Þá er mikilvægt að grunnþættirnir sjáist í öllu skólstarfinu! Sjálfbærni er yfirmarkmið og þarf að vera sýnileg alls staðar

og í öllu. Það er ekki mögulegt að framkvæma það ef starfið á að byggja á starfi sjáboðaliða sem hafa þá sennilega nóg á sinni könnu í vinnu sinni. Það er eiginlega fáránlegt að fara fram á slíkt og varla er það vænlegt til árangurs. Grunnþættirnir þurfa að vera sýnilegir í stjórnun skólans.

Annað

Íslenskan er í eðli sínu skemmtilegasta og hagnýtasta námsgrein skólans. Af einhverjum ástæðum tekst okkur ekki að fylgja þessum eðlisþáttum greinarinnar nógu vel eftir. Að því marki þurfum við þó að stefna ótrauð. Það ættum við að gera að aðalmarkmiði í endurskoðun námskrár sem nú stendur fyrir dyrum.

Gísli Skúlason (og aðrir kennarar deildarinnar).

2.1.3 Lífsleikni

Fagstjóri: Gísli Skúlason

Nafn kennara:	Áfangi/ar Haustönn 2012	Áfangi/ar vorönn 2013
Bryndís Guðjónsdóttir	Lkn106	Lkn106
Elísabet H. Harðardóttir		Lkn106
Gísli Skúlason	Lkn106	Lkn106
Hrefna Clausen	Lkn106	Lkn106
Kjartan Ólason	Lkn106	Lkn106
		Lkn103
Ragnhildur Elísabet Sigfúsdóttir	Lkn106	Lkn106
Rósa Marta Guðnadóttir		Lkn106
Vera Valgarðsdóttir	Lkn106	Lkn106

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennslan í LKN er í nokkuð föstum skorðum, líklega of föstum þegar á heildina er litið. Þó eru kennarar að prófa sig áfram með nýjungar eins og gengur. Má þar nefna tilraunir til að nota meira myndefni í kennslu og verkefnavinnu, bæði ljósmyndir og hreyfimyndir, enda græjueign nemenda slík að það jaðrar við sóun að nýta hana ekki til góðra verka, burtséð frá því að „kvikmyndir eru bókmenntir nútímans“ eins og athugull nemandi sagði svo réttilega í vetur.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat hefur ríkt frá upphafi í þessum áfanga, eða í u.þ.b. 23 ár. Matið er nokkuð fjölbreytt; minni og stærri verkefni, jafningjamat í bland við mat kennara, skrifleg og munnleg verkefni o.s.frv. Lögð er áhersla á vinnusemi og að hver nemandi leggi sig fram eftir eigin getu, enda áfanginn ekki getuskiptur á sama hátt og aðrir byrjunaráfangar.

Við annarlök lögðust kennarar í rannsóknir á einkunnadreifingu og námsárangri á vorönninni.

Útkoman er þessi:

Einkunnadreifing


Hópur	Kennarar	Fjöldi	Fallnir	Meðaleink
LKN106-1	GSk/KÓ	30	7	5,9
LKN106-2	EHH/VV	34	3	6,6
LKN106-3	BG/RMG	32	1	7,4
LKN106-4	HC/RES	33	1	6,8

1	2	3	4	5	6	7	8	9	10
1	0	6	0	8	1	2	9	3	0
0	1	0	2	3	9	7	8	4	0
1	0	0	0	2	2	8	17	2	0
0	1	0	0	6	6	9	6	5	0

Allir hópar		129	12	6,68
--------------------	--	------------	-----------	-------------

2	2	6	2	19	18	26	40	14	0
----------	----------	----------	----------	-----------	-----------	-----------	-----------	-----------	----------

Á mynd lítur þetta svona út:



Ljóst er að allnokkur munur er milli hópa og kennara. Sá munur getur skýrst af því að hóparnir séu misjafnir, en aðrar skýringar koma til greina, svo sem að misgóð vinnusemi náist í hópunum eða að námsmat sé mismunandi eftir hópum og kennurum. Hugsanlega eru þarna vísbendingar um að samráð sé ekki nógu mikið milli kennara áfangans. Stendur þar ekki síst upp á fagstjórnann að bæta úr í því efni með auknum fundahöldum framvegis.

BG: Lífsleikni er stór og efnismikill áfangi sem byggir á mikilli samvinnu og skoðanaskiptum nemenda þannig að símat á fullkomlega rétt á sér. Matið er með ýmsu móti, mat kennara sem er það

algengasta, einnig meta samnemendur hvern annan og hópa, í sumum verkefnum metur nemandinn sig sjálfan. Áfangi sem þessi er þess eðlis að símat hentar vel.

HC/RES: Dagbókarfyrirgjöf var aðeins breytt frá því sem tíðkast hefur. Nemendur fengu nú vikulega endurgjöf í talnaformi sem reyndist vel fyrir marga og hleypti kappi í kinn. Hinir sem sáu sér ekki fært að skila hvort eð var, áttuðu sig þá enn betur og jafnóðum á afleiðingum þess.

VV: Alltaf jafn erfitt að meta, að mati VV. Sum verkefni eru þannig að annað hvort ljúka nemendur þeim eður ei (einkunnin 10 eða 0). Nemendur voru með jafningjamat og á vorönn var ekki mikið mark á því takandi. Betra á haustönn.

GSk: Á vorönninni féllu óvenju margir nemendur hjá okkur Kjartani, eða 7 talsins. Af þeim voru 3 sem lítið mættu, en hinir 4 féllu á dræmri verkefnavinnu.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

BG: Vettvangsnám framhaldskólakennara á grunnþáttum menntunar skólaárið 2012-2013 hjá Endurmenntun Háskóla Íslands.

GSk: Ritunarnámskeið í maí 2012, 3 dagar, á vegum Félags enskukennara. Heimspekinálgun í kennslu, á vegum Félags lífsleiknikennara í maí 2012. „Hvernig kennum við jafnrétti?“ hjá F-Líf í apríl 2013. Málþing um læsi, FSu október 2012. Námskeið í lok maí 2013 á vegum FSu, 3 dagar. Skilaði inn MA-ritgerð í ágúst 2012. Vann í vetur 5 eininga rannsóknarverkefni í HÍ og mun útskrifast með MA-próf frá HÍ í júní 2013.

HC sat hálf námskeið á vorönn ásamt GSK og Jónu Ingvarsdóttur um kennslu kynjajafnréttis í skólastofunni. Einnig sat HC námskeið um uppsetningu leikverks byggðu er á sögu Einars Más Guðmundssonar, Englum alheimsins. Gagnlegt og gott námskeið fyrir hugmyndafræði lífsleikninnar.

RES: Engin námskeið sótt þetta ár.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar eiginlegar kennslubækur eru notaðar í áfanganum, en kennsluefni í námstækni er á múðlu. Þar þarfnast endurskoðunar en situr á hakanum vegna tíma- og umbunarskorts (GSk). Efni á netinu er mikið nýtt, enda drjúgur hluti áfangans leitarnám þar sem nemendur leita upplýsinga og koma þeim í það form sem hentar hverju verkefni.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

HC/RES: Verkefnin þurfa að tengjast raunveruleika nemenda, vera „alvöru“. Nemendur verða að upplifa hugmyndafræði LKN og útfærslu hennar innan og utan skólastofunnar sem eitthvað gagnlegt fyrir þeirra sjálfsmynd og enn mikilvægara en einungis „ódyrar 6 einingar“. Sú rödd heyrst of oft að nemendur hafi gert þetta áður, að verkefnin séu tilgangslaus, langdregin „bara til að láta mann gera eitthvað“.

Gaman væri að opna og kynna strax í upphafi annar tillögumöppu á moodle fyrir nemendur þar sem þeir geta bent á sniðugt efni af Netinu (þar sem þeirra raunveruleiki heldur sig oft á þessum árum) varðandi ýmislegt sem viðkemur námsþáttum lífsleikninnar.

GSk: Við þurfum að leggjast í þróunarvinnu á næstunni, taka upp nýja námsþætti (jafnrétti t.d.) og efla suma sem eru smáir núna (sjálfbærnina t.d., fjármál, efla tjáninguna...?). Spurningin er hverju á að sleppa í staðinn, en þar höfum við að sjálfsögðu frjálsar hendur. Einnig þyrfti að styrkja áfangann

sem heild, til dæmis með einhvers konar ígrundunum, viðhorfakönnunum eða yfirlitsprófum svo nemendum skiljist betur að efnið hangir saman og er mikilvægt en á ekki bara að fara inn um annað og út um hitt. Svo er spurning hvort áfanginn sé ekki orðinn of verkefnaþjálfur, með þeim afleiðingum að umræður og vangaveltur fá lítinn tíma og verða útundan. Þar vantar kannski hugmyndabanka um kennsluaðferðir til að laða fram og halda utan um markvissa umræðu. Í stuttu máli þurfum við að leggjast yfir markmið áfangans og finna út hvernig þeim verði best náð.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

GSk: Yfirvöld þurfa að tryggja að hópar séu blandaðir í LKN á allan hátt. Aðstaðan er að flestu leyti góð í stofu 201 og rýminu þar fyrir framan. Ef áfanginn fær að lifa af næstu breytingar á námskrá er mikilvægt að þessari aðstöðu sé ekki fargað, til dæmis með því að leggja hana undir námsráðgjafa sem virðast hafa ágirnd á þessu plássi. Það væri sóun að okkar mati. Benda má á fyrrum að stöðu Fræðslunetsins úti í lðu sem ætti að henda námsráðgjöfum ágætlega og mun betur en kennslurýmið í austurenda Odda.

HC/RES: Landakortin þyrftu að hanga sómasamlega á góðum stað í stofunni eða jafnvel utan hennar. – Nú er bráðnauðsynlegt að hraða flokkunartunnum. Það er ótækt að nemendur sem alist hafa upp í grunnskólum þar sem grænfánastefna hefur verið við lýði til margra ára upplifi algjöra afturför í sormálum framhaldsskólans þar sem öllu ægir saman í einni ruslatunnu!

VV: Alveg ótækt að ekki skuli vera ákveðið flokkunarferli rusls hér í þessum skóla og vísa þar með til fundar LKN þar sem við gerum það að tillögu okkar að skólinn taki sig á í þessum málaflökki. Nemendur þekkja það úr leikskólum/grunnskólum að flokka rusl markvisst. Spurning hvort við ættum ekki að fara að dæmi FÁ og vinna að því að fá grænfánann (sjá <http://www.fa.is/fjolbrautaskolinn/umhverfisstefna/>) Er það ekki í takt við „Skólann í okkar höndum“?

Á vorönn var LKN hópur EH/VV tvo síðustu tímána bæði á miðvikudegi og föstudegi. Alveg ótækt, einkum þar sem þessi hópur var baldinn og meirihlutinn með alls konar greiningar sem VV kann ekki að nefna og áhugi og úthald ekki meira en guð gaf.

Annað

Nú er hópur fólks að störfum við að móta skólastarfið samkvæmt nýrri námskrá. Hugmyndir þessa hóps eru mjög í anda þeirrar hugmyndafræði sem lífsleiknin byggir á. Það ætti að undirstrika mikilvægi þess starfs sem unnið hefur verið í lífsleikninni fyrir skólann í heild og framtíðarstefnu hans.

2.1.4 Samfélagsgreinar

Kennslustjóri: Helgi Hermannsson

Nafn kennara:	Áfangi	Haust 2012	Vor 2013
		Kennslust.	Kennslust.
Árni Blandon	SÁL103		
	SÁL203	6	
	SÁL213	12	
	SÁL223		6
Ingibjörg Ó Sigurðardóttir	SÁL303		6
	SÁL103	12	12
	SÁL203	6	6
	UPP103		6
Ragnheiður Eiríksdóttir	UPP203	6	
	UPP303		6
	HSP103	6	6
	HSP203		6
Erlingur Brynjólfsson	HSP303	6	
	SAG303	12	
	SAG403	12	
Þorsteinn Tryggvi Másson	SAG103		6
	Már Ingólfur Másson	SAG103	12
Lárus Ág. Bragason	SAG303		12
	SAG103	12	
	SAG203	18	18
	SAG343		12
Helgi Hermannsson	FÉL103	6	
	FÉL203	12	6
	FÉL403		6
Eyrún Magnúsdóttir	FÉL103	6	12
	FÉL313	12	6
	FÉL303		6
	KYN173	6	
Samtals		162	150

Félagsfræði og fjölmiðlafræði

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu.

Boðið var uppá kynjafræði á haustönn 2012 og skráðu u.þ.b. 20 nemendur sig í þann áfanga. Kynjafræði hefur verið nokkuð vinsæl í öðrum framhaldsskólum og var talið ástæða til að gera þessa

tilraun. Áfanginn var kenndur í símati og notast við *Kynungabók*, upplýsingar fyrir ungt fólk um jafnrétti kynja sem Menntamálaráðuneytið gaf út árið 2010. Gerð var tilraun til að útvíkka þennan áfanga fyrir haustið 2013 í MAN173 (mannréttindi og jafnrétti) en fáir skráðu sig í þann áfanga og verður hann líklega skorinn þá önnina. Eyrún prófaði að þróa einstaklingsmiðaða kennsluáætlun í fél 103 þar sem nemendur gátu klæðskerasaumað verkefni eftir sínu áhugasviði og tíma. Það tókst ágætlega og verður þróað áfram. Á þessari önn var félagsfræði í fyrsta sinn kennd í einni stofu úti í Iðu. Það hentar ágætlega en þó þorðu kennarar ekki að fjárfesta í styttnu af Karli Marx af ótta við að þetta verði ekki trygg aðstaða.

Fjölmiðlafræði. Reynt var að bjóða uppá Fjö103 á vorönn en það náðist ekki í hóp. Ákveðið var að gera tilraun með að bjóða FJÖ103 á haustönn 2013 til að fjölmiðlafræði leggist ekki af og tókst að ná saman í einn hóp.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum – Notað er símat í öllum áföngum. Námsmat átti sér stað jafnt og þétt yfir önnina með gagnaprófi og hópprófi í fél 103 og 203 en dregið úr vægi prófa í fél 303 og 313. Eitt 25% próf var í fél403 þar sem blandað var saman einstaklingsprófi og hópprófi, nemendur tóku fyrst einstaklingspróf og tóku svo sama próf aftur í hóp með væginu 50/50. Hópprófið var ekki skylda en 90% nemenda nýttu þann möguleika.

Námskeið sem kennarar hafa sótt – Helgi fór á námskeið Félags Félagsfræðikennara um rannsóknaraðferðir í félagsvísindum haustið 2012, á e-twinning námskeið í Prag í október 2012 og sótti undirbúningsfund fyrir Comeniusarverkefni á Kanarí eyjum vorið 2013. Eyrún sótti námskeið FF um kynjafræði haustið 2012 og vettvangsnámi um grunnþætti menntunnar hjá Endurmenntunarstofnun HÍ. Einnig fór hún til Spánar á námskeið á vegum Evrópu unga fólksins á vormánuðum 2013 um virkjun ungmenna með takmarkaða möguleika.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu –Sömu kennslubækur og hafa verið auk Kynungabókar í kynjafræðinni.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs –Fyrirkomulagið virðist vera nokkuð gott. Hugmyndir eru enn uppi um stærra utanumhald sem hægt er að vinna verkefnin inn í, eins og t.d. ferilmöppu, blað eða heildrænt samhangandi verkefni. Einnig væri mikilvægt að fara í fleiri heimsóknir í nærsamfélagið eða fá gestafyrirlesara sem eru sérfróðir um ákveðin málefni innan félagsfræðinnar eða tengt henni.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir –

Félagsfræðin ætti að vera kennd í sömu stofu, eins og var raunin vorið 2013, ef möguleiki er, þ.e. félagsfræðin ætti sér fasta stofu með mynd af Karli Marx, Max Weber og Emile Durkheim til að skapa félagsfræðilegt andrúmsloft. Töluverð eftirspurn virðist vera eftir liðveislu og hafa margir komið að máli við félagsfræðikennara, sérstaklega kennarar af starfsbraut FSu, að koma setja upp áfanga sem þjálfaði nemendur í því að styðja við hópa sem hallar á, t.d. krakka á starfsbraut, aldraða og innflytjendur.

(Eyrún Magnúsdóttir og Helgi Hermannsson)

Heimspeki

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Kennsluhættir eru í stöðugri þróun.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Námsmatið í HSP103 var með sama hætti og í fyrra nema að einu verkefni var sleppt þar sem það rúmaðist ekki á önninni.

Á þessu skólaári var ég með afar ólíka hópa í HSP103 á haustönn og svo vorönn. Fyrri hópurinn var nokkuð getu mikill og gerði ég því aðeins meiri kröfur til nemendanna, þyngdi prófin aðeins og bætti við spurningum sem krefjast meiri ígrundunar í verkefnum. Seinni hópurinn var hins vegar sá getu minnsti sem ég hef kennt og varð ég því að koma til móts við hann með því að fækka aðeins verkefnum og aðeins draga úr kröfum. Ég tel að þetta hafi þó tekist nokkuð vel en þrátt fyrir það féllu óvenju margir á vorönninni, margir sem skiluðu ekki verkefnum og fengu lágur einkunnir í kaflaprófunum. Ég sendi áminningar í gegnum Moodle um verkefnaskil og ræddi stöku sinnum við þá eftir tíma en það skilaði ekki árangri með þennan hóp. Á næstu önn stefni ég á að vera enn virkari í að reyna að fá nemendur til að sinna námi sínu.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Þetta skólaár var ég í vettvangsnámi um grunnþætti menntunnar hjá Endurmenntunarstofnun HÍ. Alls voru 4 lotur, 2 dagar hver lota, þar sem farið var í alla grunnþættina og fengum við áhugaverða fyrirlestra og umræður um þá. Náminu lauk svo með lokakynningu hvers og eins.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Sama kennslubók var notuð en ég er stöðugt að finna nýtt og betra efni af netinu, myndbönd, greinar o.fl. sem ég nota við kennsluna.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Að halda áfram að þróa og endurbæta þessa tvo áfanga. Vera enn virkari í að hvetja nemendur til að sinna námi sínu. E.t.v. boða nemendur í stoðtíma þar sem fáir nýta sér þá eins og er.

(Ragnheiður Eiríksdóttir)

Saga

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Byrjað var með einn nýjan áfanga um áramót, SAG343, próflausan áfanga þar sem fjallað er um sögu Íslands 1800-2000. Próf í SAG103 var endurbætt og dregið úr vægi ritgerða en krossaspurningar og tengingar settar inn í staðin.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Lokapróf voru í SAG 103 SAG 203 en aðrir áfangar voru próflausir.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar nýjar kennslubækur.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Sérstakar úrbætur eru fáar en gott væri að hafa aðgang að litlum herbergum til að ræða við nemendur. (*Lárus Ágúst Bragason, Már Ingólfur Másson og Þorsteinn T. Másson.*)

Sálfræði

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Notast hefur verið við íslenska þýðingu á gamalli útgáfu á kennslubók Hilgards og Atkinsons í afbrigðilegri sálarfræði. Næsta hópi sem tekur Sál303 bíður það verkefni að lesa kennsluefnið á ensku.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat reynist vel.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Tveir bekkir í barnasálfræði hjá sitthvorum kennaranum, annar kennaranna sótti námskeið.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Í kvikmyndasálfræðinni var boðið upp á kennslu í Jákvæðri sálarfræði með kennslubókinni *Meiri hamingja* eftir Tal Ben-Shahar.

Ný kennslubók verður notuð næst í Sál303.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Allt í föstum skorðum.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Yfirdekkja stóla í stofu 210.

(*Árni Blandon*)

Uppeldisfræði

Upp 103 var kenndur eins og undanfarnar vorannir og þar var stuðst við sama námsefni og áður eða Uppeldi eftir þær Margréti Jónsdóttur og Guðrúnu Friðgeirsdóttur. Áfanginn er símatsáfangi og námsmat var fjölbreytt eins og venjulega en það fólst í 4 prófum úr námsefninu sem dreifðist á önnina. Verkefnavinna áfangans miðast að því að kynna nemendum ólík og fjölbreytt svið uppeldisfræðinnar og þau vinnubrögð sem höfð eru í frammi í greininni ásamt því að undirbúa þá undir sjálfstæðari vinnubrögð sem krafist er í hærri áföngum eða Upp 203 og 303. Tímaverkefni er reynt að hafa fjölbreytt og má sem dæmi nefna að nemendur svara spurningum úr efninu og skrá svörin í ferilmöppu, ræða saman í hópum um mikilvæg efni og skrá niðurstöður í sömu möppu, búa til próf og spurningar úr efninu, greina uppeldislegt gildi bóka, barnamynda, leikja og leikfanga og flokka og greina barnateikningar.

05.júní 2012

Helgi Hermannsson

2.1.5 Starfsbraut

Kennslustjóri: Hörður Ásgeirsson

Kennarar deildarinnar, stundafjöldi

Tuttugasta starfsári starfsbrautar lýkur nú á þessu vori. Kennt var í níu hópum og voru nemendur 55 talsins í upphafi skólaárs.

Sérkennarar á starfsbraut voru:

Anna Þóra Einarsdóttir,
Guðmundur Björgvin Gylfason,
Hulda Finnlaugsdóttir,
Hörður Ásgeirsson,
Jóhanna Guðjónsdóttir,
Jóna Ingvarsdóttir
Linda Rut Larsen.

Stuðningsfulltrúar voru:

Alma Sigurjónsdóttir
Bergljót Einarsdóttir
Brynhildur Geirsdóttir
Ingveldur Jónsdóttir

Kennslu í verklegum greinum skólaárið 2012 – 2013 sinntu eftirtaldir:

Borgþór Helgason - málsmíði
Elísabet H Harðardóttir – myndlist – leirlist
Eyrún Jónasdóttir - tónmennt
Guðfinna Gunnarsdóttir – leikræn tjáning
Guðríður Egilsdóttir – heimilisfræði
Grímur Lúðvíksson - rafmagnsfræði
Helga Jóhannesdóttir – hannyrðir
Ingibjörg Erlingsdóttir - tónmennt
Lárus Bragason - skák
Magnús Tryggvason - íþróttir
Margrét J Stefánsdóttir – heimilisfræði
Sigríður Sæland – íþróttir
Svanur Ingvarsson – trésmíði
Sverrir G Ingibjartsson - íþróttir
Þorvaldur Guðmundsson – málsmíði
Þór Stefánsson – rafmagnsfræði

Á atvinnulífsbraut voru í upphafi skólaárs 16 nemendur og kenndu eftirtaldir kennarar bóklegar greinar.

Elín Una Jónsdóttir – íslenska	6 kest á önn.
Eyvindur Bjarnason – stærðfræði	6 kest á önn.
Guðfinna Gunnarsdóttir – enska	6 kest á önn.
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir - stærðfræði	6 kest á önn.
Kristjana Hrund Bárðardóttir	
Málfríður Garðarsdóttir – danska	6 kest á önn.
Rósa Marta Guðnadóttir – íslenska	6 kest á önn.

Vegna mikillar fjarveru Elínar Unu tóku þær Rósa Marta og Málfríður við íslenskukennslu hennar á vorönninni.

Kennslumagn í sérkennslu var að meðaltali um 260 kennarastundir eða um ellefu stöðugildi á önn á starfsbraut og atvinnulífsbraut. Þar að auki voru stuðningsfulltrúar í sem svarar 300% stöðuhlutfalli.

Nújungar í kennsluháttum á skólaárinu.

Sérkennslan hefur verið með nokkuð svipuðu sniði hér í skólanum undanfarin ár þó svo að alltaf bætist eitthvað nýtt við á hverju ári, en breytingarnar eru e.t.v. mestar í tengslum við þá nemendur sem koma inn á brautina hverju sinni. Námsefnið tekur mið af stöðu þeirra en almennt má segja að kennsluhættir séu með hefðbundnu sniði.

Töluverð umræða var á skólaárinu um notkun spjaldtölva og fóru þrír kennarar brautarinnar á námskeið Tölvumiðstöðvar fatlaðra að kynna sér notkun þeirra í kennslu.

Nýjar kennslubækur og kennslugögn á árinu

Enn eykst notkun kennsluefnis á interneti og hefur undirritaður haldið áskrift að “skólavefurinn.is”, en þar er töluvert af nýtilegu efni til sérkennslu. Kennarar starfsbrautar nýttu sér áfram þennan möguleika eins og verið hefur undanfarin ár. Kennarar starfsbrautar hafa verið iðnir við að sérútbúa og sérsníða námsefni sem hentar þessum breiða hóp nemenda okkar og því mikilvægt að hafa ætíð aðgang að góðu safni kennslubóka og öðru kennsluefni sem fyrst og fremst henta grunnskólastiginu því það er þar sem leitað er fanga og fyrirmynda að kennsluefni á brautinni. Vefur Námsgagnastofnunar að útgefnu námsefni á PDF formi hefur einnig verið gagnlegur við námsefnisgerðina. á þessu skólaári varð talgervill Blindrabókasafns Íslands aðgengilegur nemendum

Námskeið og fyrirlestrar sem kennarar deildarinnar hafa sótt.

Kennarar starfsbrautar hafa sótt ýmsar ráðstefnur og námskeið t.d. á vegum Greiningar og ráðgjafarstöð ríkisins um einhverfu. Þá var haldin ráðstefna á vegum Menntamálaráðuneytis og fagfélags kennara á starfsbrautum sem starfsbrautarkennarar skólans sóttu. Kennarar SB hafa einnig sótt námskeið um notkun spjaldtölva í kennsluna á vegum fagfélags kennara á starfsbrautum. Þá hafa kennarar einnig sótt námskeið á vegum Sérkennarafélags Suðurlands um stærðfræðikennslu nemenda með sérþarfir.

Úrbætur í þágu Starfsbrautar sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Á skólaárinu bættist ein spjaldtölva við tölvukost brautarinnar og nýttist hann kennurum vel en tveir nemenda okkar nota slíka tölvu mikið til náms og samskipta. Litaprentari bættist einnig við búnað brautarinnar og er hann staðsettur í stofu 316. Framundan eru eflaust breytingatímar í kennsluháttum almennt og eru allar líkur á að spjaldtölvur verði notaðar í meira mæli á næstu árum en nú er. Gera má ráð fyrir að bæta þurfi í hvað það snertir og einnig að huga að nýjum búnaði við skjávarpa þannig að hægt sé að nota þessi nýju tækni þráðlaust í kennslunni.

Tillögur að starfsáætlun fyrir næsta skólaár.

Starfsáætlun brautarinnar er í vinnslu þegar þetta er skrifað og því ekki endanlega ljóst hversu margir hópar verða á starfsbraut næsta skólaári. Undirritaður vonast til að nægir kennslukraftar séu fyrir hendi ef allir sérkennarar sem nú kenna á starfsbraut halda áfram.

18 nemendur hafa innritast á starfsbraut og atvinnulífsbraut þegar þetta er skrifað og má því reikna með að kennt verði í átta til níu hópum á starfsbraut á næsta skólaári en auk þess í tveimur hópum á atvinnulífsbraut. Kennslufyrirkomulag verður væntanlega með svipuðu sniði og verið hefur. Stuðst verður í megindráttum við leiðbeiningar námskrár um þrískiptingu hópsins í starfsbr. 1 – 2 og 3 eftir fötlunarstigi.

Sértækir námsörðugleikar.

Greining og ráðgjöf.

Leit að nemendum með lestrarhömlur fór fram með líkum hætti og verið hefur mörg undanfarin ár. Allir nýnemar í íslensku þreyta lesskilningspróf sem notað er sem nokkurs konar skimunarpróf. Þeir nemendur sem ekki standast lágmarkskröfur á þessu prófi koma til frekari skoðunar hjá sérkennara. Alls komu milli 34 nemendur í viðtöl og greiningu á þessu skólaári og greindist um helmingur þeirra með mismunandi alvarlegan lestrarvanda. Auk þess er nokkuð um það að nemendur sem hafa verið greindir áður, komi í stuðningsviðtöl. Einnig leita foreldrar nýnema eftir ráðgjöf í framhaldi af greiningu.

Gott samstarf var við námsráðgjafa vegna greiningarinnar en umtalsverðan tíma hefur tekið að fara yfir önnur greiningargögn með námsráðgjöfum vegna nemenda með sértæka námserfiðleika á almennum brautum, viðtöl við foreldra þeirra og ráðgjöf um áframhaldandi nám

Nemendur sem greinast með leshömlur eiga rétt á þjónustu frá Blindrabókasafni Íslands (hljóðbækur) en eiga einnig rétt á ýmiss konar tilhliðrun varðandi próftöku, s.s. lengri próftíma, stækkað letur á prófum eða munnleg próf. Mikið hefur verið um það að próf hafa verið sett á PDF snið og nemendur tekið prófið beint í tölvu. Möguleikinn að lesa prófspurningarnar beint inn á skjalið hefur notið vaxandi vinsælda nú á síðustu önnum.

Á þessu skólaári áttu nemendur með lestrarörðugleika í fyrsta sinn rétt á að fá til notkunar fullkominn talgervil sem nýtist mörgum afar vel. Talgervillinn fæst hjá Blindrafélagi Íslands og geta einungis nemendur sem greindir hafa verið með lestrarörðugleika fengið aðgang að honum.

Gert á Selfossi þann 4. júní 2013.

Hörður Ásgeirsson,
kennslustjóri í sérkennslu F.Su.

2.1.6 Tungumál önnur en enska

Kennsluskipting:

Nafn kennara:	Haustönn	Vorönn
<i>Brynja Ingadóttir</i>	Dan 102 Dan 202	Dan 102 Dan 202
<i>Elísabet Valtýsdóttir</i>	Dan U936 Dan 212 Dan 203 Dan 303 Lat 103	Dan 212 Dan 403
<i>Ida Løn</i>	Dan 103 Dan 203 Dan 202	Dan 203
<i>Ingibjörg Ólöf Sigurðardóttir</i>	Dan 102	
<i>Málfríður Garðarsdóttir</i>	Dan S-hópar Dan 103 Dan 203 Umsjón með grunnskólanemendum	Dan S-hópar Dan 103
<i>Hannes Stefánsson</i>	Þýs103 Þýs203 Þýs303	Þýs103 Þýs203 Þýs303
<i>Brynja Ingadóttir</i>	Þýs403	Þýs403
<i>Hrefna Clausen</i>	FRA103	FRA203 FRA503
<i>Vera Ósk Valgarðsdóttir</i>	FRA203 FRA303	FRA103 FRA303
<i>Gunnþórunn Klara Sveinsdóttir</i>	SPÆ103 SPÆ203 SPÆ403	SPÆ203 SPÆ303 SPÆ503
<i>Sígursveinn Már Sigurðsson</i>	Spæ 103 Spæ 303 Spæ 403 Spæ 503	SPÆ103 SPÆ303 SPÆ403

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

DÖNSKUDEILD:

U-936: Ný bók. Sú gamla var orðin næstum 20 ára gömul og með gamaldags nálgun. Bókin var tilraunakennd af EV sem einnig var annar höfundur bókarinnar.

Dan 102: Ný endurskoðuð útgáfa af *Dansk ÅHHH hjælp*. Textar sem bættust við eru góðir. Hlustunaræfingarnar eru óskýrar og lítt áheyrilegar, ekki nemendavænar. Það heyrast líka aukahljóð sem trufla, þannig að upptökurnar eru í raun lélegar. Nemendur eiga erfitt með að finna skýr svör við æfingum. Samtalsæfingar eru of langar og of flóknar. Sum verkefni eru góð, en vantar fleiri ritunarverkefni.

Gengur vel með smásögurnar sem komu inn á vorönn.

Verið er að vinna í að færa ýmis próf á önninni meira í átt að einstaklingsmiðuðum prófum. Það hefur gengið vel. Um leið eru prófin gerð nútímalegri og eiga að sýna betur raunverulega færni nemenda í málinu.

Dan 103: Ný kennslubók. Mjög skemmtilegt að kenna 103 (MG). IL leiddi kennsluna. IL telur að þær

hafi gert of miklar kröfur til nemenda. Það hefur komið í ljós að það þarf að taka efnið í annarri röð en lagt var upp með og byrja á einfaldari textum. Þannig að næst verður byrjað á léttustu textunum í hverjum kafla af 6 í 103.

Bókin leggur áherslu á að kenna nemendum að vera sjálfstæðir, hugsa á nýjan hátt, að nemendur finni að þeir eigi að koma með sínar skoðanir og hugsa sjálfstætt. Nemendur hafa verið að læra ný orð sem þeir hugsa ekki um á sínu eigin móðurmáli og það er auðvitað mjög krefjandi fyrir þá.

Of mikill tími fór í að aðstoða nemendur með skáldsögurnar (IL) – 3 tímar og 4. tíminn var próf.

Kennarar vilja vinna meira með persónur, persónusköpun og túlkun. Einnig fjalla um lífið á staðnum sem lýst er í sögunni. Það þarf að endurskoða nálgun á lestri skáldsagna og verður væntanlega farið í það haustið 2013. Nefna má sem dæmi um nýja nálgun sem gefist hefur vel, að kennari valdi lykilorð úr sögunni áður en nemendur lásu söguna heima, ca. 8-10 orð sem voru skrifuð á töfluna, og nem. áttu að skrifa texta um hvað þau héldu að sagan fjallaði um. Það gekk mjög vel, þá voru nemendur að beita ágiskun við lestur eins og á að gera skv. kennslufræðum tungumála. Textarnir sem við erum að láta nemendur lesa eru þess eðlis að þeir kalla á mikla umræðu.

Dan 202: Ný bók Hokus Pokus, valdir voru léttari textar fyrir 202. Textarnir innihalda mikinn orðaforða fyrir þessa slöku hópa. Nemendur skrifuðu þokkalegar ritarnir eftir vinnu með orðaforða. Mörg orðanna eru alþjóðleg og til í ensku líka svo tungumálin tvö styðja hvort við annað.

Of mikil orka fór í skáldsöguna einnig í 202. Kennari bjó til spurningar við alla kaflana, en það dugði ekki til þess að nemendur næðu sambandi við textann. Sennilega var verið að halda of fast í textann og orðaforðann í stað þess að einbeita sér að innihaldinu.

Dan 203: Blað sem nemendur gerðu á dönsku var lagt á netið. Nemendur leggja sig meira fram við að vinna verkefni sem á að koma fyrir sjónir almennings á netinu.

Púslaðferðin var notuð talsvert við hópavinnu: hver hópur kynnir sér vel ákveðið atriði. Síðan eru myndaðir nýir hópar með einum úr hverjum hópi og hver og einn deilir sinni þekkingu með hinum. Þannig leggja nemendur í púkk og hjálpast að við að lesa og vinna verkefni.

Einnig var unnið markvisst að því að dýpka skilning á orðaforða með því að vinna með andheiti, samheiti, að þýða orð með tvenns konar merkingu. Glósumnar eru merktar eftir því hve vel nem. eiga að kunna þau: 1. yfirborðspekking, 2. dýpri þekking, 3. dýpsta þekkingin.

FRÖNSKUDEILD: Sama kennslubókin *Latitudes* var kennd í FRA103, 203, 303 og 403. Ákveðið hefur verið að skipta henni út á næsta hausti fyrir kennslubók sem heitir *Scénario*, bók sem hefur verið kennd í nokkrum skólum og gefið góða raun. Á vorönn var FRA403 kenndur skertur og það reyndi töluvert á þá nemendur sem hafa ekki þróað með sér ákveðna hæfni til sjálfstæðra vinnubragða. HC var með einn nemanda í FRA503 og hitti hann að meðaltali 1x í viku, ca 50 mín. í senn. Á vorönn fóru HC og VV með 15 nemendur í fjögurra daga ferð til Parísar. Hópurinn fór vítt og breitt um Parísarborg, lærði á jarðlestarkerfið, kleif Eiffeltorn, sigldi á Signu, bragðaði á frönskum réttum sem hann pantaði sjálfur á veitingahúsum og var duglegur að spreyta sig í frönsku talmáli við ýmsar aðstæður og kynnast um leið margvíslegum hliðum franskra menningar og lífshátta. Þótti ferðin heppnast vel í alla staði. Helst mætti nefna að það kom kennurum nokkuð á óvart hve íslensk ungmenni eru orðin afvön því að ferðast fótgangandi um stræti og torg. „Skutlkynslóðin“ þyrfti kannski að æfa sig betur á heimaslóð áður en lagt er af stað í svona námsferðir þar sem nauðsynlegt er að geta gengið á malbiki meira en mörg þeirra virðast þola. Vert er þó að taka fram að þetta vandamál er ekki alfarið bundið við sunnlensk ungmenni. Frönskukennarar víðar af landinu hafa einnig haft orð á minnkandi getu ungs fólks til gönguferða í hinum ýmsu námsferðum.

SPÆNSKUDEILD: Haustönn 2012 voru kenndir fjórir áfangar í spænsku við FSu, alls níu hópar, auk þriggja áfanga á Litla Hrauni. Á vorönn 2013 voru kenndir fimm áfangar í spænsku við FSu, alls níu hópar.

Meðal nýjunga á vorönn var að Jurdana Martin Retegi, frá Baskalandi á Spáni, aðstoðaði við kennsluna og sá um talþjálfun. Hún hitti hvern hóp einu sinni í viku á föstum tíma, hálfra kennslustund í senn. Þetta fyrirkomulag gekk nokkuð vel og voru nemendur almennt ánægðir með að fá þetta tækifæri. Ef þetta verður endurtekið þarf þó hugsanlega að hafa samstarfið á milli kennara og aðstoðarkennara markvissara til að það skili enn betri árangri.

ÞÝSKUDEILD: Sýndum á vorönn í áföngum 303 og 403 kvikmyndina *Die Welle* sem mæltist vel fyrir meðal nemenda. Ekki var unnið markvisst með efni myndarinnar, heldur var hún valin sem sýnishorn af þýskri kvikmyndagerð seinni ára.

Í þýs403 unnu nemendur tveggja tíma þemaverkefni sem var upplýsingaleit um fylki Þýskalands. Verkefninu skiluðu nemendur rafrænt í moodle sem glærुकynningu. Nemendur voru ánægðir með þetta verkefni, sögðu það vera góða tilbreytingu og lærdómsríkt.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

DÖNSKUDEILD - Dan 103 og 203: Skáldsöguprófin eru mjög breytt, fjögur í stað þriggja sem þýðir minni lestur fyrir hvert próf og að nemendur ná að vinna miklu betur með þær blaðsíður sem voru til prófs í hvert skipti. Einnig eru prófin meira einstaklingsmiðuð þannig að nem. gátu valið ýmist hvaða spurningar þeir áttu að svara eða hvaða atriði þeir völdu til að skrifa sem svör. Þetta gekk mjög vel og mun hafa áhrif á önnur próf hjá okkur.

Við höfum breytt fleiru í málfræðikennslu og erum að hverfa burt frá eyðufyllingum og utanbókarlærdómi. Við höfum áttað okkur á því að nemendur virðast læra langmest á því að leiðrétta sínar eigin villur út frá villugreiningu kennara, þannig að við munum auka það framvegis. Einnig virkar vel að láta nemendur skrifa setningar þar sem verið er að æfa ákveðin málfræðiatríði.

FRÖNSKUDEILD. Á vorönn var ákveðið að vera með skriflegt lokapróf í öllum áföngum. Horfið var frá þeirri venju sem tíðkast hefur undanfarin ár að gefa nemendum kost á að sleppa við lokapróf nái þeir 9 í vetrareinkunn. Við teljum að námsmatið hingað til yfir önnina hafi ekki gefið nógu nákvæma mynd af kunnáttu nemenda, til þess þurfi að koma til enn fleiri og stærri kannanir jafnt og þétt yfir alla önnina. Fyrir því eru ekki forsendur, sérstaklega í neðri áföngum (103 og 203) þar sem lengri tíma tekur að komast inn í námsefnið sem liggja skal til grundvallar vetrareinkunn og lítið svigrúm fyrir skriflegar kannanir framan af önn. FRA403 telst vera símatsáfangi en síðasta prófið fór þó inn í próftöflu sem gafst vel.

SPÆNSKUDEILD. Námsmat var með hefðbundnum hætti; verkefnaskil og könnunarpróf á önninni með lokaprófi í lok annar. Í Spæ 403 og Spæ 503 var símat notað.

ÞÝSKUDEILD. Lokapróf var í öllum áföngum og enginn gat áunnið sér rétt til að sleppa við próf.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

DÖNSKUDEILD. BI: Sótti þýskunámskeið á vegum þýskukennara (sjá nánar í skýrslu þýskukennara). MG: Er í fullu námi í kennsluréttindum og mun væntanlega ljúka því í vor. Einnig sækir hún vettvangsnám í grunnþáttum nýrrar námskrár ásamt 11 öðrum kennurum FSu.

EV: Sótti vikulangt námskeið á vegum dönskukennara í Danmörku sumarið 2012. Lauk námskeiðinu Spuna á haustönn 2012, en þar kynntust þátttakendur fjölbreyttum netverkfærum sem geta nýst í

kennslu erlendra mála. Námskeiðið samanstóð af fjórum lotum og var unnið í fjarkennslu. Námskeiði stóð yfir tvo mánuði.

FRÖNSKUDEILD. Félag frönskukennara var eins og venjulega með sumarnámskeið í júní 2012, en þar sem HC og VV voru í Frakklandi á þeim tíma, sóttu þær ekki námskeiðið. Félag frönskukennara á Íslandi er mjög virkt félag og hittast frönskukennarar með reglulegu millibili til skrafs og ráðagerða allt árið um kring.

SPÆNSKUDEILD. Í maí lauk Gunnþórunn Klara M.A. námi í spænskukennslu.

ÞÝSKUDEILD. Dagana 13. – 14. ágúst 2012 sótti Brynja námskeið í Borgarholtsskóla á vegum Félags þýskukennara sem bar yfirskriftina *Mit Musik geht es leichter*.

Þann 16. mars 2013 sóttu Brynja og Hannes örnámskeið um notkun kvikmynda og tónlistar í þýskukennslu. Þetta námskeið var á vegum Goethe stofnunar og var einnig haldið í Borgarholtsskóla. Umsjón með námskeiðinu hafði Sabine Uibel.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

DÖNSKUDEILD.

U-936: **Þá vej** er ný bók sem var tilraunakennd hér í FSu á haustönn 2012. Hún kemur út í endanlegri mynd haustið 2013 og verður kennd áfram við FSu, enda tókst vel til með að tilraunakenna hana haustið 2012.

Dan 103 (haust og vor) og Dan 203 (vor): **Hokus pokus** sem er ný kennslubók í dönsku. Hefur gefist vel. Hún inniheldur sex kafla sem hverfist hver um sig um einn af hinum sex lykilþáttum (lýðræði, heilbrigði og velferð, sköpun o.s.frv.).

Dan 202 (haust og vor) og Dan 212 (vor): Gert var tilraun til að nota sömu kennslubókina í hægferðinni og er notuð í hraðferðinni, en nemendur fengu bókina í ljósriti þar sem kennarar vildu geta hætt við ef bókin reyndist nemendum of erfið. Ekki var farið eins djúpt í efnið í hægferð og í hraðferð. Tilraunin gafst vel bæði í 202 og 212 og verður haldið áfram með bókina haustið 2013. Einhverjar tilfæringar hafa verið í vali á skáldsögum, en þó engar stórvægilegar breytingar.

FRÖNSKUDEILD - Haldið var áfram með *Latitudesen* nú hefur verið tekin sú ákvörðun að taka upp nýja bók, *Scénario* í FRA103 á haustönn 2013.

Í FRA403 lásu nemendur skáldsöguna *Mystère sur le Vieux-Port* mikið til upp á eigin spýtur. Einnig var ætlast til að þeir ynnu sjálfstætt í kennslubók sem nefnist *Préparation à l'examen DELF A1*.

Í FRA503 var sá háttur hafður á að eini nemandinn sem skráður var í áfangann hitti kennara sinn (HC) einu sinni í viku yfir alla önnina í 50 mín. í senn. Þar var lesin skáldsagan *Oscar et la dame rose* mestur hluti kennslustunda fólst í að ræða, á frönsku að sjálfsögðu, um efni bókarinnar og þær hugleiðingar sem það vakti. Var nemandinn ánægður með að fá svo mikla þjálfun í munnlegri frönsku enda einn í hópnum og fáir sem gripu fram í! Námsmat fólst í nokkrum skriflegum verkefnum úr skáldsögunni, skriflegu málfræðiprófi og munnlegri frammistöðu.

SPÆNSKUDEILD. Við héldum áfram að nota kennslubækurnar *Español en Marcha* og frá og með næstu önn, höfum við skipt gömlu kennslubókunum alfarið út.

Þar að auki hafa kennarar haldið áfram að búa til ný verkefni og bæta eldri verkefni.

ÞÝSKUDEILD. Ný léttlestrarbók var tekin í notkun í þýs403 á haustönn 2012.

Nemendur í þýs403 þjálfuðu málnotkun í meira mæli en áður með gagnvirkum æfingum í moodle. Í lokaprófi í 403 var notaður ólesinn texti af vefnum dw.de, en þar er að finna heilmikið kennslufni í þýsku á mismunandi þyngdarstigi sem miðast við evrópska tungumálarammann og er efnið merkt A1, A2 o.s.frv. (Texti þessa prófs var B1).

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

DÖNSKUDEILD. Kennarar upplifa að það sé MJÖG SLÆMT að nemendahópar fari upp í 30 nemendur eða hátt í það. Nem. eru svo margir að þeir þora margir hverjir ekki að spyrja og leita aðstoðar í tímanum. Einstaklingsmiðuð kennsla er ekki möguleg. Allt uppbrot í kennslustund tekur svo mikinn tíma að það er næstum ekki gerlegt. Öll próftaka krefst þess að kennari noti frímínútur sínar til að raða upp 30 borðum þannig að hægt sé að taka próf. Mjög erfitt er fyrir kennara að ná til hvers og eins og fá mynd af stöðu hvers og eins.

FRÖNSKUDEILD. Ákveðið hefur verið að kenna áfangana 403 og 503 saman á næstu önn. Af þeim sökum mun kennsluform verða með töluvert breyttu sniði í umræddum áföngum. Sótt hefur verið um að fá franskan aðstoðarkennara í gegnum Comenius styrkjakerfið. Svör við umsókn hafa ekki borist enn.

ÞÝSKUDEILD. Tillaga frá Brynju vegna skertra áfanga: Þar sem sá tími sem ekki er kenndur er þriðjungur kennslutíma annarinnar þætti mér ekki vitlaust að sú vinna sem nemendur skiluðu úr þessum tímum gildi 25% - 30% af lokaeinkunn.

Byrjað verður með nýja kennslubók í þýs103 næstu haustönn. Það er bókin *Ideen* sem kennd hefur verið með góðum árangri í nokkrum framhaldsskólum landsins.

SPÆNSKUDEILD. Lagt er til að samráð í spænsku verði aukið og námsmat samræmt enn frekar. Kennarar spænskudeildar stefna á að sækja um að fá spænskan aðstoðarkennara, í gegnum Comenius verkefnið, þ.e.a.s. sækja um næsta vetur til að fá aðstoð haustið 2014. Mikill áhugi er meðal nemenda í spænsku að fara í námsferð til Spánar næsta vetur. Síðustu ár hafa léttlestrarbækur úr röðinni Lola Lago verið notaðar í Spæ 303 og Spæ 403. Næsta vetur verða þær hvíldar og í staðinn munu nemendur velja rauntexa (af netinu) sem tengjast þeirra áhugasviði, lesa þá og vinna verkefni með orðaforða tengdum þeim. Þannig munu nemendur vonandi læra að tjá sig meira á markmálinu um sín áhugamál/svið.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

DÖNSKUDEILD. AÐ GEFNU TILFNI: Yfirsetar verða að tilkynna lengd prófa – þarf að gæta þess að sum próf eru mislöng í sömu stofunni, t.d. klukkutíma og eins og hálfstíma próf.

Kennarar óska eftir að í hverri bóknámsstofu séu 5 tölvur nemendum til umráða í tímunum. Það tekur allt of langan tíma að sækja og fara með tölvur og oft þarf að bíða eftir að vagninum sé skilað eftir næstu kennslustund á undan.

Stoðtímar virðast ekki gagnast nemendum nógu vel vegna þess að þeir koma ekki endilega þó að þeir „skuldi“ próf eða verkefni.

FRÖNSKUDEILD tekur undir með þýskudeild varðandi nauðsyn þess að bæta tölvukost og uppfærslu forrita í fartölvuvögnum. Það er afar bagalegt að hafa eytt löngum tíma í að finna áhugaverðar kennslusíður ókeypis á netinu til að þjálfva tungumálakennslu á nýjan og vonandi skemmtilegan hátt

en geta svo ekki ræst síðurnar þegar í stofur er komið þar sem fæstar af fartölvum skólans geta opnað þau einföldu forrit sem viðkomandi síður eru gerðar fyrir.

Á fundi þriðja tungumálskennara nú í vor kom fram það álit að miðannarmat sé of snemma á önninni. Frammistaða nemenda sé illa marktæk þegar svo skammt er liðið á önnina. Á þetta sérstaklega við um neðri áfanga, sbr. það sem kemur fram hjá frönskudeild í kaflanum hér að ofan um námsmat og það að sleppa við skriflegt lokapróf.

SPÆNSKUEILD. Skólinn þyrfti að kaupa orðabækur fyrir nemendur, bæði spænsk-íslenskar, sem og íslensk-spænskar. Þær eru aðgengilegar á snara.is, en ekki er víst að allir nemendur eigi fartölvu. Kennarar spænskudeildar ítreka þá ósk sína að spænskustofan (stofa 202) verði notuð eingöngu fyrir spænskukennslu.

ÞÝSKUEILD. Bæta þarf tölvukost skólans sem og auka hraða netsins.

Annað

ÞÝSKUEILD.

Skertur áfangi í þýs403: Kennari var með nemendum tvo tíma af þremur. Þriðja tímann unnu nemendur sjálfstætt, en efni þess tíma var skipulagt í moodle. Í þessum tímum áttu nemendur oftast að vinna skrifleg verkefni, hlustunarverkefni og verkefni í lesskilningi og skila þeim verkefnum öllum. Fljótlega jókst bilið milli nemenda, sumir skiluðu alltaf öllu á réttum tíma, aðrir skiluðu stopult eða j.v. alls ekki.

Skertur áfangi er að okkar áliti framkvæmanlegur fyrir þá nemendur sem eru vanir því að skipuleggja sig og sína vinnu, en þeir sem þurftu aðhald og aðstoð nýttu sér lítið eða ekki stoðtíma þrátt fyrir hvatningu frá kennara og drógust því aftur úr.

FRÖNSKUEILD.

Sú hugmynd hefur komið upp að samþætta tungumálakennslu við nokkrar aðrar námsgreinar með það að markmiði að útvíkka það nám sem verður þegar nemandi kynnist nýju tungumáli. Áfanginn yrði valáfangi sem nefndist einfaldlega *Tungumál* og útfærslan væri á höndum fagkennara úr hópi FSu. Viðkomandi kennarar gætu kynnt sitt fag með tengingu við tungumálið. Með þessu móti myndu nemendur fá nasasjón af nokkrum tungumálum úr nýrri átt s.s. sögu, listgreinum, landafræði, málvísindum, heimspeki og fleira. Námsmat yrði í formi fyrirlestra, þemavinnu og ritana. Tilgangur námsins væri að veita innsýn í „kúltúr“ ólíkra tungumála og auka víðsýni gagnvart þeim með því að skoða það sem sérhvert þeirra hefur fram að færa.

Frönskukennarar hafa verulegar áhyggjur af stöðu franska tungumálsins í FSu. Sífelld fleiri nemendur kjósa spænsku sem 3.tungumál vegna þess orðróms sem hefur fest sig í sessi og er gegnumgangandi að spænskan sé mun „léttari“ en þýska og franska og auðveldara sé að fá þar háar einkunnir. Við styðjum vissulega fjölbreytt framboð erlendra tungumála við FSu, en þurfum að hvetja nemendur á einn eða annan hátt að velja sitt tungumál út frá skynsamlegum forsendum, en ekki vegna þess að eitt tungumál sé léttara en annað og „miklu auðveldara að ná því.“ Alla vega, má ljóst vera og leiða að því líkur, að verði ekki hið snarasta brugðist við síminnkandi aðsókn nemenda í frönsku, muni brátt lítið til hennar spyrjast hér í FSu. Það teljum við afar dapurlega staðreynd og alls ekki í anda einkunnarorða skólans : ***Fjölbreytni – Sköpun – Upplýsing.***

Vera Ósk Valgarðsdóttir

2.2 Svið: Stærðfræði, raungreinar, starfsmenntir, listir og íþróttir

Sviðsstjóri: Ægir Sigurðsson

2.2.1 Listgreinar, hússtjórnargreinar og íþróttir

Kennslustjóri: Sverrir Geir Ingibjartsson

Listir og menning

Nafn kennara:	Áfangi/ar haustönn	Áfangi/ar vorönn
Árni Blandon	Lim203 Kvk133	Lim113 Kvk233

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Fimm lotupróf og ritgerð í Kvk133. Margar nýjar myndir sýndar í Kvk233 m.a. Sweeny Todd, My Fair Lady o.s.frv.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat. Gengur vel.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

60 einingar teknar í HÍ og LHÍ á orlofsári.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Nýjar myndir sýnar í kvikmyndasögu sem höfða til unglinga s.s. Dr. Horribl's Sing-Along Blog og Repo! The Genetic Opera.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Auka mætti fjölbreytni í kvikmyndaáföngum á þverfaglegan hátt með því að kenna ýmis fög með meðulum kvikmyndanna: Sagnfræðilegar kvikmyndir, félagsfræði og kvikmyndir, leiklist í kvikmyndum o.s.frv.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Kaupa Blue-ray afspilunartæki í salinn (stofu 106). Safnið situr uppi með VHS-spólur, sem nemendur geta ekki spilað, vegna þess að búið er að fleygja VHS-tækjunum á flestum heimilum.

Mætti fara að yfirdekkja stóla í stofu 210.

Annað

Nemandi sem var í Lim og Kvk á vorönn kvaddi kennara með handabandi og orðunum: „Það var gaman þessa önn.“ Sem segir kannski að myndræn kennsla og kennsla í listum sé eitthvað sem höfðar til ungs fólks í dag, fremur en þurr, akademískur bóklestur og fyrirlestrar.

Tónlist

Nafn kennara:	Áfangi/ar haustönn	Áfangi/ar vorönn
Stefán Þorleifsson	TÓS 273 UTT 172 KÓR 101-991	TÓS 173 TLS 172 KÓR 101-991

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Kórinn er símatsáfangi. Aðrir áfangar eru prófáfangar. Einkunn byggir þó að miklu leyti af námsframvindu annarinnar.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Námskeið í píanókennslu hjá samtökum píanókennara

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Stefán er að semja nokkrar :)

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Auka veg listgreina í skólanum, ekki skera niður.

Annað

Takk fyrir samstarfið.

Starf kórs Fjölbrautaskóla Suðurlands skólaárið 2012-2013.

Skólaárið 2012-2013 var viðburðaríkt hjá kórfélögum og aðstandendum kórsins, enda varð þetta lista- og menningarafsprenghi skólans þritugt á árinu.

Í október hélt kórinn til Þorlákshafnar í upptökur á nokkrum völdum lögum. Kórinn hélt sjálfstæða jólatónleika í Selfosskirkju þann 2. desember og var aðsókn nokkuð góð. Að auki tók kórinn þátt í 35. aðventutónleikum Selfosskirkju og söng þar þrjú lög ásamt ýmsum öðrum kórum.

Á vorönn fagnaði kórinn 30 ára afmæli sínu og af því tilefni voru haldnir í lok febrúar þrennir tónleikar sem heppnuðust vel að mati kórfélaga og áhorfenda. Í tilefni af afmælinu æfði kórinn lög sem sungin hafa verið í gegnum tíðina af kórnum undir stjórn fyrrum stjórnenda og Stefáns Þorleifssonar. Þar að auki hélt kórinn til Danmerkur, Svíþjóðar og Eistlands og hitti þar aðra framhaldsskólakóra. Á árinu var mikil áhersla lögð á íslenska þjóðtónlist í bland við erlend og innlend dægurlög og popplög.

Kórinn hélt út fyrir landssteinana með þjóðlöggin í farteskinu og kórfélagar sungu fyrir Skandínava og Eista við hvert tækifæri sem gafst; á götum úti, á flugvöllum, á torgum og víðar. Kórinn söng einnig á tónleikum í Tartu í Eistlandi ásamt tveimur dönskum kórum og einum eistneskum kór. Ferðin gekk með þrýði, en ásamt nemendum fóru Ester Ýr kennari og Stefán kórstjóri og var fyrsta stopp í Kaupmannahöfn. Þar fór kórinn í Frederiksberg gymnasium og hitti danska nemendur sem tóku á móti kórfélögum okkar með opnum örmum. Frá Kaupmannahöfn hélt kór FSu ásamt tveimur dönskum kórum til Stokkhólms og um kvöldið var haldið í ferju til Tallin í Eistlandi. Næst lá leiðin til borgarinnar Tartu þar sem eistneskur kór tók á móti okkur og dönsku kórnum og kórnir fjórir héldu vel heppnaða tónleika í einni af elstu kirkjum Eistlands. Samdægurs fóru kórnir aftur til Tallin og þaðan aftur til Stokkhólms með ferju, þaðan flaug íslenski kórinn heim en Danirnir héldu aftur til Danmerkur. Ferðalagið var strangt og erfitt en margslungin og skemmtileg upplifun.

Kórinn söng að venju við útskriftir og önnur tækifæri.

Eftir viðburðaríkt og spennandi ár hjá kórnum er ástæða til að þakka öllum þeim sem staðið hafa næst honum en þar má nefna kórfélagana, stjórn kórsins og Ester Ýr umsjónarmann kórsins. Stefán Þorleifsson hættir nú störfum sem kórstjóri og á hann þakkir skilið fyrir vel unnin störf í þágu tónlistar og kórstarfs innan skólans.

F.h. kórs FSu,
Stefán Elí Gunnarsson, formaður stjórnar kórs FSu

Matreiðsla

Nafn kennara:	Áfangi/ar haustönn	Áfangi/ar vorönn
Guðríður Egilsdóttir	MAT 1Ú3 MAT 1Ú3	MAT 1Ú3 MAT 1S1 MAT 1Ú3 SOGN
Kristín Stefánsdóttir	MAT 173	MAT 173
Margrét J. Stefánsdóttir	MAT Starfsbr.	MAT Starfsbr. MAT 173

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Ný tæki til útieldunar voru vígð og notuð mikið.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Símat í verklegum áföngum. Bóklegt próf í MAT 173

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Guðríður sækir námskeið vegna vinnu við námskrá vegna nýrra framhaldskólaalaga.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Fyrirtækjaheimsóknir / matvælafyrirtæki

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Best væri að flestir verklegir tímar gætu verið fyrir hádegi. Síðasti tími á föstudögum er með lökustu mætingu. (Kristín)

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Upplýsingagjöf um nemendur starfsbrauta eru ófullnægjandi, líka þegar nemendur koma í hópa með öðrum nemendum. (Kristín)

Banna reykingar á skólalóð og framfylgja því. (Guðríður)

Ganga þarf frá borðbrún yfir uppþvottavél. T.d. setja stálkant, vegna rakaskemmda.

Annað

Tæki hafa ekkert bilað nema hrærivélin er í viðgerð.

3 pönnu voru endurnýjaðar

Ganga þarf frá borðbrún yfir uppþvottavél. T.d. setja stálkant, vegna rakaskemmda.

Myndlist

Nafn kennara:	Áfangi/ar haustönn	Áfangi/ar vorönn
Elísabet H. Harðardóttir	MYL 103 SJL 103 LER XS1	MYL 203 LER XS1 LKN 106

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Nemendur fengu tækifæri til að spreyta sig á tölvuteikningu með teikniborði og penna í MYL 103 á haustönninni. Áður höfðum við fært venjulegar pennateikningar í tölvu og unnið með þær þar, litað og breytt á ýmsa vegu.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Námsmatið er símat. Verkefni og möppur metnar á miðri önn og svo í lokin.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Deildin festi kaup á Bamboo teikniborði og penna til að tengja við tölvu. Notuð var tölvu í stofu 303 með stórum skjá á haustönninni. Sett var teikniforrit í þessa tölvu, lánað af netinu til prufu í mánuð. Það entist okkur út önnina. Tölvun var síðan flutt út í IÐU svo ekkert varð úr því að kaupa forritið og tölvuteikning var ekki á vorönninni.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Kennarinn fer í námsorlof á Engelsholm kunsthøjskole í Danmörk næsta skólaár, kemur vonandi fullur af nýjum hugmyndum til baka. Ágústa Ragnarsdóttir mun sjá um myndlistarkennsluna næsta ár.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Það með niðurröðun áfanga á annir? Ég hef litið á það sem óbreytanlegt náttúrulögmál að áfangarnir SJL 203, Myl 103 og MYL 203 séu alltaf í boði fjórðu hverja önn sem þýðir að nemendur tefjast um eina önn þegar þeir vilja klára þessa stuttu listnámsbraut. Er möguleiki að breyta þessu.

Hef orðið vör við pirring hjá nemendum og foreldrum vegna þessa. Til að bæta nemendum þetta upp höfum við boðið upp á valáfanga svo að nemendur detti ekki út úr myndlistinni. En jákvæðara væri að fá fleiri áfanga á brautina. Það er meiri tilgangur í áföngum sem veljast sem kjörsvið í stað valáfanga.

Nemendur hverfa héðan í myndlistarnám til annarra skóla vegna þess hvað brautin er stutt. Nemendur sem vildu gjarnan vera hér áfram ef meira listnám væri í boði. Er ekki kominn tími til að bjóða upp á listnámsbraut seinni hluta líka? Fá fulla listnámsbraut?

Annað

Það er tilvalið að nota tækifærið og fjölga áföngum í myndlist þegar við höfum verið svo heppin að fá nýjan myndlistarkennara inn í skólann.



Gleðilegt sumar! Takk fyrir veturinn!

Textíleild

Nafn kennara:	Áfangi/ar haustönn	Áfangi/ar vorönn
Helga Jóhannesdóttir	THL 103 THL 143	THL 113 FAT 1S3+
Kristín Sigurmarsdóttir	THL 203 THL 173	THL 103 THL 173

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Í THL103 Fatahönnun og THL203 Fatahönnun var bryddað upp á þeirri nýbreytni að halda tískusýningu í samvinnu við NFSu, á kvöldvöku þess 28. Nóvember 2012. Ágætis reynsla í flesta staði. Kostir: Hvetjandi fyrir nemendur að hafa að opinberri sýningu að stefna. Hugmyndin mæltist almennt vel fyrir, bæði innan og utan deildarinnar. Ókostir: Erfitt að ná fram samstarfi við undirbúning, fyrr en á síðustu stundu, bæði við NFSu og nemendur sjálfa í áföngunum.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í öllum áföngum er notast við símat, þ.e. kennari skráir árangur jafnóðum og skráir í excel skjal, þar sem fram koma vægi hvers verkefnis, vinnuframlags í tímum og við sýningarvinnu. Plaggið er aðgengilegt nemendum, þar sem það á við.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Helga stundar í vetur sjálfsnám í gerð námsefnis með InDesign og Photoshop forritum, með aðstoð einkakennara. Framhald af námi í Universitát Flensburg, þar sem hún stundaði nám í námsleyfi sínu veturinn 2011 til 2012.

Einnig stundar hún áframhaldandi tilraunir frá UF við að koma upp aðstöðu til kennslu og framleiðslu á silkiprentuðum textílvörum og bolum.

Kristín og Helga munu sækja námskeið EHÍ og FATEX í júní n.k. í óhefðbundinni, japanskri sníðagerð.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Viðhalda sýnileika fata- og textílgreina í skólanum með sýningahaldi.

Halda áfram að leita leiða til að bæta nýtingu tíma; Í verklegum áföngum eins og hér, er erfitt að ná viðunandi árangri í persónulegri kennslu og námi á aðeins 75 mínútum í senn.

Bæta aðstæður við ullarvinnslu og tauprykk, þ.e. spá í vandamálið „vaskur í tölvustofu“.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

1. Að breyta töflugerð svo, að hér verði samliggjandi tímar á sama hátt og gert er í verknámi í iðnaðardeildum.
2. Halda áfram að endurnýja vélakostinn, t.d. með kaupum á vandaðri straugræjum.
3. Halda fund um það hvernig koma megri vaskinum góða í tölvustofunni 303 í gagnið. Vaskurinn er barn síns tíma, rétti vaskurinn (nýtist okkur frábærlega EF tillit er tekið til allra rafmagnstækjanna í kringum hann !) en í vitlausri stofu. Spurning um framtíðarstefnu skólans varðandi staðsetningu Textíldéildar skólans ? Eða finna aðstöðu fyrir vaskinn og nemendur í kjallara skólans ?

Helga Jóhannesdóttir og Kristín Sigurmarsdóttir

Skýrsla íþróttadeildar

Nafn kennara:	Haustönn	Vorönn
Magnús Tryggvason	ÍÞR 101	ÍÞR 111
	ÍÞR 201	ÍÞR 211
	ÍÞR 371	ÍÞR 3A1
	ÍÞR 3B1	
Ragnheiður Eiríksdóttir	ÍÞR 3J1	ÍÞR 3J1
	ÍÞR 4J1	
Sigríður Sæland	ÍÞR Starfsbraut	ÍÞR Starfsbraut
	SKY 101	SKY 101
Sverrir Ingibjartsson	ÍÞF 102	ÍÞF 232
	ÍÞF 203	ÍÞF 303
	ÍÞG 102	ÍÞG 112
	ÍÞG 162	ÍÞR 111
	ÍÞR 101	ÍÞR 211
	ÍÞR 201	ÍÞR 331
	ÍÞR 321	ÍÞR 381
	ÍÞR 3Ú1	ÍÞS 102/112
	ÍÞS 102/112	ÍÞR Litla Hraun
ÍÞR Litla Hraun		

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Ragnheiður Eiríksdóttir var í vettvangsnámi um grunnþættina og því meðvitaðri um það hvernig þeir tengjast jógaáföngunum. Hún lagði meiri áherslu á tengsl jóga við grunnþáttinn Heilbrigði og velferð bæði í kennslunni og í verkefnum.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í verklegum íþróttum er eingöngu um símat að ræða. Það gildir mæting frá 40-70%. Ákveðið var í lok annar að samræma hvernig mætingareinkunn er reiknuð inni lokaeinkunn. Ragnheiður mun taka upp sama fyrirkomulag og Sverrir og Magnús en þannig teljum við að mætingareinkunnin endurspegli betur ástundun nemandans.

Í bóklegu íþróttunum er einnig um símat að ræða nema þar er endað á litlu lokaprófi í síðasta kennslutíma annarinnar. Lokaprófið gildir 30% af lokaeinkunn.

Lokapróf, í próftöflu, var í ÍPF 303 og vó 50% af lokaeinkunn.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ragnheiður sótti vettvangsnám um grunnþætti menntunar á vegum Endurmenntunar HÍ. Sverrir og Magnús sóttu endurmenntunarnámskeið fyrir íþróttakennara sem haldið var af Íþróttakennarafélagi Íslands.

Sigríður Sæland sótti endurmenntunarnámskeið í skyndihjálpi sem haldið var af Rauða krossinum og Landsbjörgu.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Engar nýjar kennslubækur voru teknar í notkun á skólaárinu. Hinsvegar er efni af veraldarvefnum sífellt meira nýtt í kennslunni. Ný kennslubók verður þó tekin í gagnid í ÍPR 102 og 202 á næsta skólaári

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Á næsta skólaári munum við taka upp breytt kerfi í bóklegu íþróttunum. Í stað þess að kenna fjóra einnar einingar bóklega áfangana munum við kenna tvo tveggja eininga áfanga. Bóklegi þátturinn klárast því á einu ári í stað tveggja. Nú verður einnig sú breyting að ÍPR4J12 verður í boði á hverri önn í stað annarrar hveurrar annar. Þá munu vonandi fleiri taka framhaldsáfangann og hefur Ragnheiður áhuga á því að móta hann enn betur sem rökrétt framhald af ÍPR3J12.

Í útivistarafanganum verður kennurum boðið að koma með í fjallgöngur en væntanlega verður farið í fimm göngur, þrjár á föstudögum (eftir skóla) og tvær laugardagsgöngur.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Hugsanlega mætti gera betri aðstöðu fyrir þá sem koma hjólandi í skólann, en sá hópur fer vaxandi. Fjölga mætti hjólastöndum og jafnvel reisa yfirbyggt skýli fyrir hjól þannig að hjól séu þurr (þó hann rigni) þegar hjóla á heim.

Ragnheiður óskar eftir skýrari mætingareglum fyrir jóga áfanga til að ekki sé hægt að vera svona mikið fjarverandi, þ.e. að leyfi, opin vottorð og veikindi, að á því sé takmörk þar sem námsmatið er að svo miklu leyti mæting.

Sverrir Geir Ingibjartsson
fagstjóri íþróttadeildar

2.2.2 Raungreinar

Kennslustjóri: Ester Ýr Jónsdóttir

Kennsluskipting raungreina veturinn 2012 – 2013 var eins og tilgreint er í töflu 1. Alls kenndu níu kennarar þá raungreinaáfanga sem skólinn bauð upp á þennan vetur.

Nafn kennara	Haustönn 2012 Áfangi	Vorönn 2013 Áfangi
Aníta Ólöf Jónsdóttir	JAR 103 NÁT 113	
Ester Ýr Jónsdóttir	EFN 203 EFN 303 LÍF 243	EFN 203 LÍF 203 NÁT 123
Hallgrímur Hróðmarsson	EÐL 103 EÐL 313	EÐL 203
Íris Þórðardóttir	LOL 103	LOL 203
Jón Grétar Hafsteinsson	EFN 103 NÁT 123	EFN 103 NÁT 123 NÆR 103
Ólafur Einarsson	LÍF 103 NÁT 103	LÍF 103 NÁT 103
Ronald Guðnason	EÐL 103 NÁT 113 NÁT 123	EÐL 103 EÐL 203 JAR 113
Úlfur Björnsson	EÐL 102 JAR 203 LAN 103	JAR 113 LAN 103 LAN 203
Örn Óskarsson		JAR 103 NÁT 113

Tafla 1. Kennsluskipting.

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Aníta: Var að kenna Jarðfræði 103 í fyrsta skiptið. Nemendur gerðu stuttmynd tengda jarðfræði og það gekk mjög vel. Var með spurningakeppni í báðum áföngum með Gettu betur sniði, þar sem hópnum var skipt í tvö lið og spurt út úr námsefninu. Það var mjög skemmtilegt og gekk líka mjög vel.

Ester: Fór í gegnum lestur ritrýndra vísindagreina á ensku með nemendum í LÍF 243. Mig hefur lengi langað að fara í gegnum það ferli með nemendum. Valdar voru greinar sem tengdust örverum á Íslandi og hvernig þær eru nýttar m.a. í líftækniðnaði. Verkefnið reyndist sumum afar erfitt en verkefnaskilin voru í raun framar vonum. Nú er ég búin að prófa þetta fyrirkomulag einu sinni og reynslan gerir mér kleift að móta verkefnið áfram. Án efa mun ég reyna verkefni af þessu tagi í lokaáfanga líffræðinnar hvort sem er í örveru- eða erfðafræði.

Vinn stöðugt að því að fá nemendur til að hjálpast að á markvissan hátt. Prófaði vendikennslu á vorönninni og fékk mjög jákvæð viðbrögð frá sumum nemendum en var jafnframt beðin um að hætta ekki með „hefðbundna“ fyrirlestra í kennslustund.

Hallgrímur: Við vorum tveir með hópana í EÐL103 og gafst það mjög vel. Ronald þurfti aðallega aðstoð við tilraunirnar. Það er gott að vinna með honum og ég er viss um að samvinnan skilaði sér í betri kennslu.

Í EÐL313 þurfti ég að kynna mér passandi tækjakost og gera tillögur um innkaup fyrir áfangann. Ég útbjó síðan vinnuseðla fyrir tilraunir í áfanganum.

Umsögn um EÐL203 á vorönn: Ronald hafði gott af því að ég var til staðar og gat aðstoðað hann. Ég þekki það af eigin raun hve gott það er að fá hjálp þegar maður kennir nýjan áfanga.

Íris: Á vorönn notaði ég í fyrsta sinn Quizlet.com sem er spjaldaforrit sem hægt er að velta og setja upp í leiki. Þetta ráðlagði ég nemum mínum til að læra latínuna. Setti ég mörg þeirra inn og aðstoðaði við þetta. Þeir sem komust upp á lagið með þetta voru alsælir. Einnig notaði ég í annað sinn Whack –a –bone leikinn og mörgum þótti það gott til að læra beinin og vöðvanna.

Prófaði líka að gera krossgátu úr latneskum heitum beina og vöðva og leggja fyrir sem tímaverkefni.

Og lét þau gera teiknimynd þar sem ein setning sem stóð upp úr, úr kaflanum kom fyrir.

Svo hef ég verið dugleg að nota ípróttasalinn þar sem ég læt þau leika líffæri, líffærakerfi o.s.fr.

Ólafur: Engar sérstakar nýjungar nema að enn var dregið úr vægi fyrirlestra í námi líffræði (Nát103) og lífeðlisfræði (LÍF103) og hlutur verkefna aukinn. Nú er svo komið að fyrirlestrar sem kennari heldur eru fáir.

Gríðarleg breyting varð á aðstöðu í verklegri líffræði þegar skólinn keypti fleiri nýjar smásjár. Þá var loksins hægt að bjóða nemendum upp á almennilega aðstöðu við smásjárskoðun og leggja síðustu rússnesku smásjónum sem voru keyptar til skólans á fyrstu starfsárum hans.

Ein ný verkleg æfing í Nát103 sem var utan dyra.

Nemendur í Nát103 unnu einstaklingsritgerð í vistfræði en það hefur ekki áður verið á dagskrá í mörg ár. Þeir nemendur sem skiluðu (45,6%) voru flestir jákvæðir og sögðust hafa lært mikið á þessu verkefni.

Í haust var í annað sinn tekið þátt í International Student Carbon Footprint Challenge, sjá: <http://footprint.stanford.edu/>. Verkefnið var einnig unnið á vorönn þó svo að skólinn hafi ekki verið skráður til þátttöku.

Úlfur: Kennt með „hefðbundnu“ sniði. Stuttar vikulegar innlagnir og verkefnavinna nemenda.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Aníta: Símat var í báðum áföngum, þar sem eru þrjú próf yfir önnina og svo verkefnavinna.

Ester: Allir áfangar eru símatsáfangar þar sem 2-5 próf eru á önninni ásamt verkefnum af ýmsu tagi. Í öllum tilfellum tókst nokkuð vel til. Mat verkefna á önninni var á formi frammistöðu-, jafningja- og sjálfsmats svo eitthvað sé nefnt.

Hallgrímur: Notast var við símat. Þrjú hlutapróf voru (40%), Heimaverkefni og Tímaverkefni (30%) og síðan Lokaverkefni (30%).

Ég er þeirrar skoðunar að þetta fyrirkomulag hafi ekki hentað öllum nemendum – tveir þeirra sprungu að óþörfu á limminu.

- Íris: 30% vetrareinkunn og 70% lokapróf – tveggja tíma.
Held að ég sé að ná til flestra með þessum fjölbreyttu námsaðferðum – allavega er bara einn fallinn af þeim 45 sem tóku prófið – þrír eftir að taka sjúkrapróf. Aldrei verið svona lítið fall í LOL-i hjá mér.
- Jón Grétar: Segja má að allir þessir áfangar séu settir upp með lokaprófi. Nát 123 er skipt í tvær lotur og hvor lota lýkur lotuprófi og gilda þau samtals 55%. Í efnafræði gildir lokapróf 70% í næringarfræði 55% og stærðfræði 80%. Að öðru leiti var námsmatíð fjölbreytt mat á bæði einstaklings- og hópverkefnum og endurspeglaði oftast útkomuna.
- Ronald: Lotupróf í NÁT, símat í JAR og lokapróf í EDL – óbreytt.
- Ólafur: Að þessu sinni var enginn áfangakönnun gerð í Nát103 og Líf103.
Símat var bæði í Nát103 og Líf103. Nemendur í Líf103 voru mjög ánægðir með að símat væri í þeim áfanga.
- Úlfur: Símat í öllum áföngum byggt á vinnu nemenda alla önnina. Að auki lokapróf í LAN 103 (á vorönn) fyrir þá nemendur sem ekki náðu tilskildum lágmarksárangri í vinnu-einkunn.
- Örn: Símatáfangar.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

- Aníta: Sótti því miður ekki neitt námskeið haustönn 2012.
- Ester: Jurtasmýrsl úr náttúrunni. Námskeið haldið 4. júní 2012 af Ásdísi Rögnu Einarsdóttur grasalækni.
Frumulíffræði, 13. – 15. júní 2012, á vegum Samlífs.
Sat námskeiðið *Markmið, hæfniviðmið og námsmat* veturinn 2012 – 2013. Námskeiðið gaf 10 ECTS einingar á meistarastigi.
Sótti nokkur fræðsluerindi, sem haldin eru einu sinni í mánuði yfir vetrartímam, á vegum Hins íslenska náttúrufræðifélags.
- Hallgrímur: Ekkert námsskeið nema ég hélt að sjálfsögðu áfram að læra af lífinu.
- Íris: Hef verið á starfendanámskeiði í vetur þar sem fjórar helgarlotur hafa verið teknar – svo og tölvusamskipti á milli.
- Ólafur: Engin námskeið sótt. Farið var á Haustráðstefnu Vistfræðifélags Íslands, sjá dagskrá: <http://vistis.is/radstefnur/haustradstefna-vistfraedifelags-islands-2012/>.
- Úlfur: Sumar 2012. Námskeið í Jarðfræði Íslands og Reykjanesskaga við Endurmenntun HÍ, tveir heilir dagar, 08 – 18 báða dagana.
- Örn: Moodle 2 námskeið hjá Endurmenntun HÍ 7. og 8. júní 2013.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

- Aníta: Notaðist við sömu bækur og hafa verið notaðar undan farin ár.
- Ester: Bætt var í safn heimaðæma í efnafræði. Gagnagrunnar með nýjum ritrýndum fræðigreinum voru meira nýttir með nemendum en áður.
- Hallgrímur: Vinnuseðlar í EDL103 voru lagfærðir í samræmi við reynslu af notkun þeirra.
Vinnuseðlar í EDL313 voru gerðir.
- Íris: Nei engar bækur – en öll þessi forrit sem ég sagði frá hér að ofan.

- Jón Grétar: Kennslubókin “Chemistry, the Central Science“ var tekin upp aftur eftir nokkurra ára hlé í Efn 103.
- Ólafur: Veraldarvefurinn er sífellt meira nýttur til upplýsingaröflunar fyrir utan kennslubók. Nú sem fyrr voru pantaðir í samvinnu við bókasafn líffræði fræðsluþættir og þeir voru svo nýttir í kennslu í líffræði og lífeðlisfræði.
- Úlfur: Bætt við myndefni af Youtube og DVD ásamt talnaefni úr gagnagrunnum á alnetinu sem ítarefni og stoðefni við núverandi kennslubækur. Þjó til samfelldan texta úr dreifðu netefni fyrir JAR 203 og setti á kennsluvef.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

- Aníta: Hef áhuga á að minnka glæruyfyrirlestra til að reyna að virkja nemendur betur í tímum. Gæti hugsanlega haft myndir og talað með þeim, skrifa stikkorð uppá töflu. Svo væri hugsanlega hægt að biðja nemendur um að glósa uppúr námsbókunum, þau mundu skiptast á glósum og þeim gefin einkunn fyrir glósumnar. Væri til í að vera aftur með stuttmynd, nú í nátt113. Reyna að hafa plaköt og hafa þetta eins fjölbreytt og mögulegt er.
- Ester: Áfram verði unnið að þróun verkefna og verklegra æfinga, þá sérstaklega í efnafræði. Sérstaka áherslu ætla ég að leggja á siðfræði í vísindum.
- Hallgrímur: Eðlilegt er að Ronald kenni EÐL103 í báðum hópunum og EÐL303 á næstu önn. Hann mun hafa gott af því ef ég verð til staðar því EÐL303 er nýr fyrir honum. Ég á von á því að fá einn léttan áfanga í stærðfræði og kann því vel.
- Íris: Halda áfram á þessari braut- hún er allavega að skila árangri – fleiri eru að ná áfanganum.
- Ólafur: Auka mætti vettvangsvinnu í NÁT103 ef fjárhagur leyfir.
- Úlfur: Sjá tillögur raungreinadeildar.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

- Aníta: Það sem mér dettur svona strax í hug er flokkun á rusli. Sárvantar í skólann og ég held að nemendur mundu taka mjög vel í það, þar sem þau eru vön því úr leikskólum og grunnskólum.
- Ester: Nemendafjöldi í verklegum raungreinaáföngum er almennt allt of mikill. Það munaði öllu að hafa tvískiptan hóp í EFN 203 og LÍF 203. Aðstaðan í efnafræðistofunni býður ekki upp á að fleiri nemendur en 12 framkvæmi verklega æfingu í einu, þrír í hóp að hámarki. Kaupa þarf töluvert af glervöru og efnum fyrir efnafræðina, eðlilega fækkar glerinu smátt og smátt þar sem það er ekki höggheilt!
- Hallgrímur: Skólameistarar, Örylgur og Olga Lísu, hafa verið örlát með kaup á tækjum til eðlisfræðikennslunnar. Þér ber að þakka stuðning við kaupin, Ester Ýr. En betur má ef duga skal. Við Ronald munum gera einhverskonar áætlun um forgangsröð kaupa næstu annir. Ég veit að þú, Ester Ýr, munt styðja okkur í þessu. Eðlisfræðistofan er nú mjög vel búin tækjum en ef við bætum nokkru við þá getur við gert stofuna jafngóða og þær bestu í framhaldsskólum landsins.
- Ólafur: Fjölga mætti fartölvuvögnum. Mjög erfitt er að hafa marga nemendur í verklegum tímum í líffræði. Þegar nemendur eru yfir 20 eru það alltof margir til þess að hægt sé að sinna þeim almennilega! Í

verklegum tímum ættu hópar ekki að vera stærri en 15 nemendur. Nú er hópunum skipt upp þannig að helmingur er í verklegu og hinn hlutinn í verkefnum. Við þannig aðstæður næst ekki að sinna þeim sem eru í verkefnum þar sem einungis er hægt að aðstoða og leiðbeina þeim sem eru í verklegu.

Auka mætti vettvangsvinnu í NÁT103 ef fjárhagur leyfir.

Úlfur: Enn vantar verulega á að myrkvun sé nægjanleg í kennslustofum svo unnt sé að nota skjávarpa með fullnægjandi hætti. LjósMengun er veruleg í stofum 103 og 105 og í mörgum kennslustofum 2. og 3. hæða eru víða trosnuð og léleg gluggatjöld og myrkvun lítil þó sumstaðar hafi verið sett upp niðurdraganleg tjöld til að draga úr ljósmengun.

Annað

Aníta: Hlakka mikið til að byrja aftur næsta haust! :D

Ester: Við Ólafur fórum til Danmerkur í byrjun febrúar 2012 á undirbúningsfund vegna Nordplus verkefnis og umsóknar um styrk til Nordplus Junior. Þar hittum við fjóra kennara frá Svíþjóð og Danmörku. Samin var umsókn til verkefnis sem fara átti af stað haustið 2012 en henni var því miður hafnað þar sem fjöldi umsókna þetta árið var gríðarlega mikill og þótti umsóknin okkar vera of almenn. Í vetur endurbættum við umsóknina og erum að bíða eftir svari frá NordPlus.

Tólfta landskeppnin í efnafræði fór fram þriðjudaginn 19. febrúar 2013. Að þessu sinni tók enginn nemandi frá FSu þátt en það hefur ekki gerst frá því ég fór að kenna við skólann og hvetja nemendur til að taka þátt.

Ólafur: Sótt var um í Nordplus verkefni: „The effects of climate change on flora and fauna in the Nordic countries“.

Sótt var um í Comeniusar verkefni: „Sustainable islands“ (SUSI).

Úlfur: Kenndi STÆ U93, 102, 122 og 202 að Sogni haustönn og vorönn ásamt að leiðbeina nemendum í LAN 103 og 203 og JAR 113 svo sem sjá má í skýrslu kennslustjóra í fangelsum.

Örn: Fækka nemendur í hverjum hópi. Þrjátíu nemendur í hópi er glapræði a.m.k. í raungreinum (miða við 20-24 eins og var áður).

Náttúrufræðideild lagði fram á vorönn tillögu að breytingu á NÁT-áföngum og uppbyggingu náttúrufræðibrautar

Náttúrufræðideild FSu leggur til að nemendur á náttúrufræðibraut þurfi ekki að taka NÁT-áfanga sem undanfara heldur fari beint í EÐL 103, EFN 103, JAR 103 og LÍF 103. NÁT 103 yrði LÍF 103 á náttúrufræðibraut og áfanginn kenndur með öðru sniði en Nát 103 hjá nemendum á öðrum brautum. Á móti yrðu EÐL 203, EFN 203 og LÍF 203 (var LÍF 103) gerðir að kjarnafögum.

Nemendur á öðrum stúdentsbrautum en náttúrufræðibraut taki NÁT áfangana áfram í svipaðri mynd og verið hefur.

Að auki leggjum við til að nemendur af náttúrufræðibraut skuli ljúka a.m.k. 12 einingum í ensku.

Lagt er til að nemendur sem hefja nám á náttúrufræðibraut frá og með haustönn 2013 falli undir þessa tillögu.

Það er faglegt mat okkar allra að nemendur sem ljúka námi af náttúrufræðibraut með þessu nýja sniði verði betur undirbúnir fyrir framhaldsnám. Því miður er það staðreynd að við erum að útskrifa

stúdenta af náttúrufræðibraut sem fá ekki inngöngu í háskólanám sökum of fárra eininga í eðlis-, efnafræði og/eða ensku. Með þessu móti væntum við þess að betur gangi að skipa hópa í efri áföngum raungreina.

Efni skýrslunnar er unnið úr einstaklingsskýrslum þeirra kennara sem kenndu raungreinar veturinn 2012 – 2013, nöfn þeirra má sjá í töflu 1. Allir kennarar skiluðu skýrslu.

Selfossi, 31. maí 2013

Ester Ýr Jónsdóttir,

kennslustjóri raungreina

2.2.3 Starfsnám (viðskipta-, sjúkraliða- og upplýsingagreinar.)

Kennslustjóri: Íris Þórðardóttir

Nafn kennara:	Áfangi/ar haustönn	Áfangi/ar vorönn
<i>Bjarnheiður Böðvarsdóttir</i>	<i>HBF 103 HJÚ 103</i>	
Eysteinn Ó. Jónasson	UTN-103	UTN-203
Báðir áfangar kenndir saman og er ég eins á árið áður í 25% starfi með þennan eina hóp. Hann var þó fámennari en áður hefur verið.		
Þórey Hilmarsdóttir	Bók103	Bók103
Þórey Hilmarsdóttir	Hag103	Bók213
Þórey Hilmarsdóttir	Við143	Hag113
Ragnar Geir Brynjólfsson	TÖL103 TÖL203 TÖL303 TÖL113	TÖL103 TÖL203 TÖL303 TÖL113
Íris Þórðardóttir	LOL 203 HJV103 Sam103	LoI 103 VIN105 Sjú103 Hjú 203
María Karen Ólafsdóttir	StæU96 Stæ102 Hag213	StæU963 Stæ102 Við123

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Bórey segist hafa tekið í notkun DK bókhaldskerfið við kennslu tölvubókhalds í stað Navisjón sem hefur verið kennt á um árabil hér við skólann. Kennsluefnið var tilraunaverkefni.

Ragnar segir að engar nýjungar voru kynntar til sögunnar á skólaárinu enda verður að taka tillit til þess að mikil þróunarvinna hefur átt sér stað á undanförunum árum í framleiðslu efni fyrir netið og í innleiðingu nýjunga. Núverandi kerfi virkar vel og var met eftirspurn eftir flestum TÖL áföngunum á síðasta skólaári frá byrjun. Undantekning frá þessari reglu var TÖL123 áfanginn, almenn tölvufræði. Vegna lítillar eftirspurnar var sá áfangi tekinn út úr vali og var hann ekki kenndur á vorönn.

Á vorönn notaði **Íris** í fyrsta sinn Quizlet.com sem er spjaldaforrit sem hægt er að velta og setja upp í leiki. Þetta ráðlagði ég nemum mínum til að læra latínuna. Setti ég mörg þeirra inn og aðstoðaði við þetta. Þeir sem komust upp á lagið með þetta voru alsælir bæði í Lol-i og sjúkdómafræði. Einnig notaði ég í annað sinn Whack –a –bone og Whack – a - mucle leikinn og mörgum þótti það gott til að læra beinin og vöðvanna.

Prófaði líka að gera krossgátu úr latneskum heitum beina, vöðva og sjúkdóma og leggja fyrir sem tímaverkefni.

Og lét þau gera teiknimynd þar sem ein setning sem stóð upp úr, úr kaflanum kom fyrir .

Svo hef ég verið dugleg að nota íþróttasalinn þar sem ég læt þau leika líffæri, líffærakerfi o.s.fr.

María Karen Hefur lagt fyrir vikuáætlanir í upphafi hverrar viku og ef þau klára öll verkefni þá geta þau fengið frí í föstudagstímum. Þetta hefur virkað mjög hvetjandi fyrir þau.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Hjá **Írisi** eru HJv103 og Vin 105 eru verklegir áfangar og er 105 unninn á öldrunardeildum um allt suðurland. HJV103 er aftur á móti kenndur inn í skóla og er lokið með verklegu prófi með aðstoð prófdómara

Sam103 var símmatsáfangi – lol 103, lol203, hjú 203 og sjú203 voru prófáfangar þar sem var 30% vetrareinkunn og 70% lokapróf

Námsmat er óbreytt frá síðustu önn, þ.e. Áfangar eru með 80% lokaprófi nema TÖL303 sem er próflaus. Próftími er 2 klst. Ekki fór fram mat á námsmatsaðferðum.

Hjá **Ragnari** var námsmat er óbreytt frá síðustu önn, þ.e. Áfangar eru með 80% lokaprófi nema TÖL303 sem er próflaus. Próftími er 2 klst. Ekki fór fram mat á námsmatsaðferðum.

Símat í öllum áföngum.

Hjá **Bórey** var símat í öllum áföngum.

María Karen telur mikilvægt að hafa námsmatið eins fjölbreytt og mögulegt er. Hópverkefni, einstaklingsverkefni, kynningar, þátttaka í umræðum, kaflapróf og svo lokapróf til að nemandi nái að safna saman þekkingunni sem hann hefur öðlast á önninni og fá heildarsýn yfir efnið

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Ragnar segir að því miður hafa ekki verið endurmenntunarnámskeið í boði í mínu fagi sem hafa höfðað til mín. Þau námskeið er helst að finna hjá tölvufyrirtækjum en þau eru gjarnan dýr. Ég hef farið þá leiðina að kaupa fræðibækur og á orðið nokkuð gott bókasafn sem ég þarf með einhverju móti að koma fyrir í vinnuáðstöðunni. Bókaskáp vantar því bókastaflarnir hrannast upp í kringum borðið.

Íris hefur verið á starfendanámskeiði í vetur þar sem fjórar helgar lotur hafa verið teknar – svo og tölvusamskipti milli nemenda.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Nei engar bækur segir **Íris** – en öll þessi forrit sem hún sagði frá hér að ofan

Þórey lagði áherslu á að nemendur í **viðskiptalögfræði** notuðu lögin sjálf sem grunn. Lagasafnið er m.a. á heimasíðu Alþingis og varð þeim tamt að fara þar inn að sækja gögn og vinna með lagatexta. Ný kennslugögn í **tölvubókhalði**, framreidd af kennara. Notaði bókhalð Mötuneytis nemenda FSu við kennsluna. Þessa tilraun hef ég áhuga á að taka lengra og þróa áfram.

Ragnar:Ég hófst handa við skrif á minni fjórðu kennslubók, en það er bókin “Forritunarverkefni úr sögu dulritunar”. Sú bók er hugsuð fyrir lengra komna nemendur í TÖL203 og TÖL303 eða jafnvel enn lengra. Ég sótti um námsleyfi til að vinna að henni en var synjað og þarf því að vinna hana í frístundum sem þýðir að þróun bókarinnar verður hæð.

María Karen segist hafa búið til meirihluta námsefnis fyrir viðskiptagreinarnar sem hún hefur kennt. Notum vefsíðu Seðlabankans og Hagstofunnar mikið sem og fréttir og vettvangsferðir.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

Nei ætla bara að halda áfram á þessari braut segir **Íris**- aldrei verið svona lítið fall hjá mér, þannig að eitthvað er að ganga upp

Kenna alla TÖL-áfangana báðar annirnar ef nægur nemendafjöldi fæst. – leggur **Ragnar** til

Eysteinn segir:Engar aðrar en ég hef lagt til í skýrslum s.l. 2-3 árin.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Frá **Ragnari**:Í allan vetur voru svo margir nemendur í áföngunum að ég þurfti að dreifa þeim milli kennslustunda og þeir gátu ekki mætt í alla tíma. Ég óskaði eftir að fá fleiri tíma í stofu en var synjað. Þessa sá sérstaklega stað á vorönn þegar nemendafjöldinn var 42. Stofa 303 fylltist en þar eru 21 tölva auk borða fyrir 8 fartölvur nemenda í viðbót. Spurning er hvort FSu eigi að setja D-kröfur inn í áfangana þannig að nemendur þurfi að hafa sýnt fram á námsgetu sína áður en þeir taka áfangana. Með því móti væri hægt að fækka kennslustundum og jafnvel bjóða bara upp á stoðtíma líkt og tíðkast á öðrum stað en þarna þurfa stjórnendur að marka stefnuna. Hætt er við að nemendur sem standa höllum fæti námslega sætti sig ekki við annað en að fá fulla þjónustu í kennslutímum líkt og í hefðbundnu námi.

Nú er Tækniskólinn tilbúinn með nýja tölvubraut og FS hefur tekið hana upp a.m.k. að hluta. Það væri athugandi fyrir skólayfirvöld að kanna möguleika á innleiðingu þannig brautar ef og þegar fjárhagsstaða skólans leyfir. Tölvubraut yrði að líkindum ekki eins dýr og margmiðlunarbraut því forritun og tölvufræði kallar ekki á jafn dýran búnað og þörf er á við mynd- og hljóðmiðlun.

Bara innilega þakklát ef ég fæ betri aðstöðu fyrir verklega áfangann HJV103 hér inn í stofu, eins og lítur út fyrir . Myndi létta allt um helming bæði fyrir mig og nemendur segir **Íris**

Hafa sem flestar greinar í þeim anda að örva frumkvæði nemanda. Það að nemandinn noti það sem hann læri til að búa til sín verkefni út frá sér er mjög örvandi fyrir þau og áhugavekjandi, leggur **María Karen** til.

2.2.4 Stærðfræði

Kennslustjóri: Ólafur Bjarnason

Kennsluskipting

Skólaárið 2012-2013 var skipting stærðfræðikennslunnar eins og taflan hér fyrir neðan sýnir. Ellefu kennarar kenndu stærðfræði á haustönn og jafn margir á vorönn. 3 af þessum 11 kennurum voru í fullu starfi við stærðfræðikennslu á báðum önnum.

Nafn kennara:	Áfangi /ar haustönn	Áfangi/ar vorönn
Eyvindur Bjarnason	Stæ 102 Stæ S-hópar	Stæ 122 Stæ S-hópar
Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir	Stæ 103 Stæ 122 Stæ S-hópar Stæ U93	Stæ 203 Stæ 262 Stæ S-hópar
Hallgrímur Hróðmarsson		Stæ 122
Ingvar Bjarnason	Stæ 103 Stæ 203	Stæ 103 Stæ 202 Stæ 303
Jón Grétar Hafsteinsson	Stæ 202	
Kjartan Ólason	Stæ 102	Stæ 102 Stæ 122
María Karen Ólafsdóttir	Stæ 102 Stæ U93	Stæ 102 Stæ U93
Ólafur Bjarnason	Stæ 102 Stæ 313	Stæ 102 Stæ 313 Stæ 413
Renata Lis	Stæ 303 Stæ 403 Stæ 503	Stæ 403 Stæ 503 Stæ 523 Stæ 703
Skúli Halldórsson	Stæ 303 Stæ 403	Stæ 303 Stæ 403
Úlfur Björnsson	Stæ Ýmsir áfangar á Sogni	Stæ Ýmsir áfangar á Sogni

Ægir Sigurðsson

Stæ 122

Stæ 122

Stæ 202

Stæ 262

Stæ 262

Stæ

Stæ

Ýmsir áfangar

Ýmsir áfangar

á Litla Hrauni

á Litla Hrauni

Auk þess hafði Ingvar umsjón með fjarnámi grunnskólanema í Stæ 103 á báðum önnum og Guðbjörg Helga með Stæ 203 á vorönn.

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

Nokkrir kennarar deildarinnar héldu áfram að nota „Wolfram Alpha“ og „GeoGebra“ til stuðnings við hefðbundna kennslu. Þetta eru tölvuforrit sem hægt er að nálgast ókeypis á netinu og hafa reynst góð hjálpartæki við stærðfræðikennslu. Þetta á samt eftir að skoða mun betur og gera sér fyllri grein fyrir notkunarmöguleikum.

Áfram var notað Moodle kennslukerfið sem leysti af kerfið Angle. Nokkrir kennarar í deildinni hafa tileinkað sér þetta kerfi og láta vel af, sérstaklega kom notagildi þess í ljós við utanumhald fjarnáms grunnskólanemendanna.

Þá hafa kennarar nýtt sér excel og ýmis smáforrit ásamt videomyndum af Internetinu til stuðnings við kennsluna.

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

Í stærðfræðiáfanganum U93 var námsmat byggt upp á ástundun og vandvirkni 20%, stöðupróf á önn 20% og lokaprófi 60%. Til að fylgja eftir þættinum um ástundun og vandvirkni skoðuðu kennarar vinnubækur nemenda með reglubundnum hætti. Þetta virtist vera hvetjandi fyrir nemendur og hefur vafalítið skilað einhverju í bættum námsárangri.

Sami háttur var hafður á í áfanganum stæ 102, nema að þar gildi lokapróf 70% á móti ástundun/vandvirkni 10% og stöðupróf/heimadæmi 20%

Í áföngunum stæ U93, stæ 102, stæ 122, stæ503 og stæ523 var ákvæði í kennsluáætlun, þar sem gert var ráð fyrir að nemandi sem uppfyllti 75% námsmarkmiða annarinnar gæti ef hann vildi sleppt lokaprófi. Nokkrir nemendur tóku þessari áskorun í þessum áföngum. Þetta fyrirkomulag er þannig að virka mjög vel a.m.k. í sumum tilvikum.

Í áfanganum stæ 103 var önninni skipt upp í 3 námslotur. Hverri námslotu lauk með lotuprófi.

Nemandi sem lauk öllum þremur lotunum með a.m.k. 65% árangri gat ef hann vildi sleppt lokaprófi að því tilskildu að hann hafi staðið skil á öðrum verkefnum s.s. heimadæmum og hafði verið vel virkur í námi alla önnina.

Í stæ 203 var hafður sami háttur á og í stæ 103, nema krafist var 75% námsárangurs í lotuprófum.

Í áfanganum stæ 413 var skiptingin þannig að lokapróf gildi 60% á móti verkefnum annarinnar sem giltu 40%. Verkefni annarinnar voru: Tölvupróf 10% og tvö hópverkefni, Verkefni A 5% og Verkefni B 25% .

Í öðrum áföngum voru haldin hefðbundin lokapróf þar sem vægi lokaprófs var yfirleitt 80% eða 60% á móti verkefnaskilum annarinnar sem voru þá 20% eða 40%.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

Námstefna Flatar, félags stærðfræðikennara var haldin á Hótel Selfossi dagana 28.-29. september 2012. Einn stærðfræðikennari úr skólanum Guðbjörg Helga Guðmundsdóttir sótti námstefnuna annan daginn. Tók hún þar þátt í áhugaverðri vinnustofu um samvinnunám með hjálp geogebra. Þessi vinnustofa var undir stjórn Ingólfs Gíslasonar og Valgarðs Más Jakobssonar. Þá má geta þess að tveir

kennarar Stærðfræðideildar þau Guðbjörg Helga og Ægir Sigurðsson sóttu á skólaárinu vettvangsnám í grunnþáttum nýrrar námskrár á vegum Menntamálaráðuneytis. Stærðfræðideildin bindur vonir við að þetta nám þeirra eigi eftir að nýtast vel við gerð nýrrar skólanámskrár.

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

Á báðum önnum var notuð kennslubókin Stæ 103(2012) eftir Jón Þorvarðarson í áföngunum stæ 102, stæ 103 og stæ 122. Að mati þeirra kennara sem kenndu þessa áfanga reynist þessi bók nokkuð vel. Í áföngunum stæ 202, stæ 203 og stæ 262 var notuð á báðum önnum bókin stæ 202 eftir Jón Þorvarðarson o. fl.

Í efri áföngum var notað námsefni eftir Jón Hafstein Jónsson o. fl.

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

Nokkrir stærðfræðikennarar deildarinnar hafa tjáð sig við kennslustjóra um of stóra námshópa. Sérstaklega er hér um að ræða stæ 203 á síðustu önn þ.e. vorönn 2013. Telja viðkomandi kennarar að alltof fjölmennir hópar í þessum áfanga hafi bitnað á náminu. Þá má og halda á lofti skoðun stærðfræðikennara á núverandi eyktaskipan. En þeir telja sem kunnugt er að í stærðfræðikennslu væri mun heilladrýgra að vera með fjórar 55-60 mínútna kennslustundir á viku. Velta má fyrir sér hvort eitthvert samband er á milli lengd kennslustunda og brottfalls. Nauðsynlegt er að ávallt séu aðstæður hvað varðar húsakost og búnað til stærðfræðikennslu sem bestar.

Tækjakostur

Á báðum önnum var séð til þess að lágmarksbúnaður væri til staðar í öllum kennslustofum þar sem stærðfræði er kennd skv. ábendingum í skýrslu fyrir skólaárið 2006-2007. Búnaður þessi var endurnýjaður á haustönn. Nú er lágmarksbúnaður í öllum stofum þ.e. góð reglustika, hringfari og gráðubogi ásamt rúðstrikudum töflum.

Annað

Þann 9. október 2012 fór fram Stærðfræðikeppni framhaldsskólanema 2012-2013(forkeppni). Keppnin fór fram á tveimur stigum, neðra stigi fyrir nemendur á 1. og 2. ári framhaldsskóla og efra stigi fyrir nemendur á 3. og 4. ári. Við FSu tóku þátt 2 nemendur, báðir á efra stigi. Keppendur af öllu landinu voru alls 407 180 á efra stigi og 227 á neðra stigi. Jón Aron Lundberg nemandi við FSu sem keppti á efra stigi náði þeim árangri að komast í lokakeppni sem fram fer á vorönn 2013, en sigurvegurum í þeirri keppni gefst kostur á að taka þátt í Norrænni stærðfræðikeppni og í framhaldi af því er svo Alþjóðleg ólympíukeppni sem fram fer í Kólombíu í júlí í sumar en þangað komast væntanlega 4-6 keppendur frá Íslandi. Fullur vilji er innan stærðfræðideildar til að halda áfram þátttöku á þessum vettvangi.

Jón Aron tók svo þátt í lokakeppninni um miðjan mars 2013. Þar tókst honum að bæta árangur sinn og hækkaði sig um nokkur sæti og öðlaðist þátttökurétt í Norrænu stærðfræðikeppninni sem fram fór 8. apríl 2013. Jón er nú á leið í 6 vikna æfingabúðir í Reykjavík til undirbúnings Alþjóðlegu ólympíukeppninnar í júlí í sumar.

Mörg undanfarin skólaár hefur verið starfrækt stuðningskennsla í stærðfræði við skólann. Á undanförunum skólaárum hefur þessi kennsla verið veitt frá miðri önn til loka annar. Þá hefur verið miðað við að miðannarmat lægi fyrir.

En á vorönn 2010 var tekin upp ný eyktaskipan þar sem þrisvar í viku var stöðtími í ½ klst. í senn eftir hádegi á mánudögum, miðvikudögum og fimmtudögum. Í vetur hafa þessir tímar verið kl. 11:05. Þessir tímar komu m.a. í stað hefðbundinna stuðningstíma í stærðfræði. Ekki eru skjalfestar

nákvæmar upplýsingar um notkun þessara tím, en þó ljóst að hún var nokkur en þó mismunandi eftir áföngum.

Velta má því fyrir sér hvort ástæða sé til að gera úttekt á nýtingu þessara stöðtíma.

En eigi að síður telja liðsmenn deildarinnar stöðtímana nauðsynlega.

Þann 28. Janúar 2013 var haldinn svokallaður þrískólafundur. Þá hittust á Selfossi kennarar frá Akranesi, Keflavík og Selfossi. Stærðfræðikennarar þrískólanna fengu þennan dag tækifæri til fundarhalds. Þar voru tekin fyrir hin ýmsu mál. Rætt var um einstaka áfanga með tilliti til námsfyrirkomulags, námskrafna, námsmats og verkefnaskila. Nokkuð er misjafnt hvernig skólarnir útfæra þessa hluti. Sumir til að mynda leyfa nemendum í neðstu áföngum að sleppa lokaprófi í lok annar ef þeir hafa náð ákveðnum lágmarksárangri á önninni. Telja þetta geta verið hvetjandi. Talsveður tími fór í umræður um fjarnám, sem margir hafa efasemdir um að myndi skila árangri sérstaklega í efri áföngum. Nokkrir kennarar í hópnum höfðu þó reynslu af kennslu í gegnum fjarfundabúnað og létu sumir þeirra vel af, þrátt fyrir tæknilega örðuleika sem gátu komið upp. Í upphafi skólaárs í ágúst-sept. var fyrirhugaður fundur kennara með grunnskólakennurum á Suðurlandi. Af einhverjum ástæðum varð ekkert af þeim fundi. Vonandi verður sá þráður tekinn upp áhausti komandi.

Á haustdögum 2012 var haft samband við skólann og tilkynnt um úttekt á kennslu, námskröfum og námsmati í stærðfræði í framhaldsskólum. Okkar skóli var valinn til þátttöku ásamt 8 öðrum framhaldsskólum. Úttektin mun fara fram á tímabilinu janúar til október 2013 og verður gerð á eftirfarandi stærðfræðiáföngum: Stæ102, Stæ203, Stæ263, Stæ313 og Stæ503.

Nú á vorönninni veittum við í FSu. úttektaraðilum ýmsar upplýsingar. Þeim voru sendar ýmis tölfræðileg gögn um stærð námshópa, árangur í námi, kennsluáætlanir, námsefni, lokapróf o.þ.h. Úttektaraðilar hafa síðan notað tímann til úrvinnslu og heyrum við væntanlega frá þeim á ný á haustdögum.

Ólafur Bjarnason

2.2.5 Verknám

Kennslustjóri: Svanur Ingvarsson

Nafn kennara:	Áfangi/ar haustönn	Áfangi/ar vorönn
Borgþór Helgason	MSN1S3 REN202 HSU102 UMS000 MSM2S3 MSM3S3 RSU102 LHRRSU PLV102 AVV202	MSM1736 AVV102 HVM203 ÖRF 101 UMS000 REN103 LHRRSU PLV202
Þorvaldur Guðmundsson	RAF 113 EFM 102 GÆV 101	VFR 102 EFM 201 TTÖ 102

	MSM 173	MSM 173
	LSU 102	HVM 103
	MSM1S3	MSM1S3
	MSM3S3	MSM2S3
	MSM2S3	MSM3S3
		MSM4S3
Grímur Lúðvíksson	VGR103	RTM102
	VGR302	RTM302
	RTM202	RAM203
	RAT102	VGR402
	RAM303	VGR202
	TNT102	TNT403
	TNT303	TNT202
		RÖK102
Pór Stefánsson	RAM 103	RAM 403
	STR 102	STR 203
	STR 302	STR 402
	RAL 102	RAL 202
	RAL 303	RAL 403
	RAF173	RAF 173
	MRM 102	RAF 1S3, 2S3, 3S3
	RAF 101	
Jón Sigursteinn Gunnarsson	GRT103	LHÚ104
	GRT203	SVH102
	EFG103	ÁGS102
	GLU104	ÚVH102
		INK102
		VTS 103
		ITS103
Kristján Þórðarson	VTG106C	TIH10AK
		HÚB1024
Óskar Guðbjörn Jónsson		TRÉ173
Svanur Ingvarsson		TRÉ109
		TRÉ173
	TRÉ1S3	TRS102
	TRÉ2S3	TST101
	INR106	
	FRV103	

Nýjungar í kennsluháttum á skólaárinu

ÞG- Virkja nemendur sem betur gengur til að aðstoða þá sem lakari eru t.d. í TTÖ-102.

GL-Ég smíðaði bilanahermi fyrir Rafeindatækni og nemendur smíðuðu prentplötur fyrir hann sem var síðan tekinn í notkun á vorönn. Nemendur mjög ánægðir með þessa nýjung.

Einnig smíðaði ég ásamt nemendum mínum 24/12 Volta 240VA spennugjafa sem er tengdur í öll borð í VR stofunni. Með þessu er ekki lengur þörf að ná í lausa spennugjafa fyrir flest verkefni, s.s. í STR áföngunum.

PS-Á haustönninni kenndi ég í fyrsta skipti Raf 101 fyrir söðlasmiði, kennslan fór fram á helgarnámskeiði. Í júní koma nemendur í 5. bekk grunnskólanna í Árborg í Hamar og fá að kynnst verklegu námi. Þeir munu samþætta nám í málm, rafmagn og tré og smíða lampa úr málm og tré. Í rafiðnaðardeildinni tengja þau perustæði snúrufofa og kló á lampann.

JSG-Vettvangsferðir og vinnustaðaheimsóknir - Tenging við atvinnulífið.

SI- Við Eyvindur Bjarnason kenndum samtímis nemendum úr TRÉXS3 sem reyndist vel

Námsmat. Símat/Lokapróf. Mat á námsmatsaðferðum

BH-Símat, sem á vel við í verklegri kennslu.

PG- Í öllum bóklegum áföngum símat byggt á verkefnavinnu í lotum og prófum á önninni í lok hvernar lotu.

GL-Símat notað í flestum áföngum, en lokapróf í próftöflu FSu í áföngunum, Ram 203, RAM 303, RTM 102, RTM 202 og RTM 302.

Fleiri verkefni gerð í tíma en áður.

PS-Símat notað í öllum áföngum nema RAM 103

KP-Símat er í áföngunum VTG106C og TIH10AK. Í áfanganum HÚB102 er stuðst við útkomu úr verkefnum og skriflegum prófum.

JSG-LHÚ 104 og GLU 104 voru að mestu verklegir áfangar og verkefni og frammistaða í kennslustundum lögð til grundvallar námsmati.

Lokapróf var í GRT103 og 203 ásamt mati á verkefnaöppu.

Aðrir áfangar voru bóklegir, þar sem frammistaða í kennslustundum var metin ásamt verkefnum sem nemendur unnu á önninni. Í lok annar var lagt fyrir próf/verkefni.

SI-Símat, sem á vel við í verklegri kennslu.

Námskeið sem kennarar hafa sótt

BH-Námskeið á vegum Iðunnar fyrir raunfærnimat.

PG- Námskeið í raunfærnimati hjá Iðunni fræðslusetri í Reykjavík. Námskeiðið stóð í tvo daga.

GL-Ég var nemandi í FSU á vorönn og kláraði áfangana raflagnir RAL 202, Stýringar og rökrásir STR203 og STR402 og rennismiði vélvirkja REN 103, alls 10 einingar.

PS-Ég fór á kynningar hjá heildsölum með rafvörur, Reykjafelli, Ískraft Selfossi og Rönning Selfossi, Fálkanum Reykjavík

JSG- Námskeið á vegum Iðunnar um gæðastjórnun og hljóðeinangrun

SI-Námskeið um nýja byggingareglugerð, á vegum Iðunnar fræðsluseturs

Nýjar kennslubækur og ný kennslugögn á árinu

PG- Nýtt teikniforrit í tölvuteikningu frá Solid Works tekið í notkun. Hef útbúið kennslugögn, 25 verkefni með skýringum fyrir áfangann TTÖ-102.

GL-Í VGR 403 voru ný verkefni, smíðuðum hitastýringu og ljósstýringu ásamt formagnara með tónstillum og kraftmagnara 2x15W.

Nemendur hafa smíðað kennslugögn sem ég hef hannað fyrir verkleg mælingarverkefni.

Ég hef unnið að gerð ýmissa verkefna fyrir mínar greinar þar sem mér finnst skortur á í fyrirliggjandi námsbókum.

ÞS- Deildin fékk að gjöf Marel færiband sem fyrrum nemandi skólans, Jón Heimir Tómasson, afhenti okkur. Færibandið mun nýst vel í kennslu við stýringum. Félag rafiðnaðarmanna á Suðurlandi gaf skólanum búnað til stýringa í loftstýringum það mun bæði verða notað í grunndeild rafiðna og í málmiðnaðardeildinni.

JSG-Sárlega vantar kennsluefni fyrir verklegar greinar. Engar nýjar kennslubækur voru teknar í notkun en ný kennslugögn voru reglulega sótt á netið, á heimasíður fyrirtækja, framleiðenda byggingarefnis og opinberra aðila.

SI- Lítil batterý-skrúfvél og önnur öflugri, loftknúin.

Tillögur að starfsáætlun næsta skólaárs

BH-Reyna að hafa fáa nemendur (4-5) þegar kennd er málsuða.

ÞG-Liggur ekki endanlega fyrir en undirbúningur í gangi fyrir kennslu á 5. og 6. önn í vélvirkjun á næsta skólaári þannig að nemendur geti lokið námi í vélvirkjun við skólann.

GL-Lögð verður meiri áhersla á raunhæf verkefni frá atvinnulífinu og einnig sett meira þúður í æfingar í bilanaleit.

JSG-Farið verði varlega í niðurskurð kennslustunda í verklegum greinum. Reynt sé eins og kostur er að verklegir áfangar myndi samfellu í stundarskrá. Reynt verði eftir fremsta megni að skilja að grt103 og grt203. Að blanda saman þessum áföngum kemur niður á þeirri þjónustu sem kennari getur innt af hendi við nemendur

Úrbætur sem skólayfirvöld gætu beitt sér fyrir

BH-Kaupa lítinn CNC-fræsara, bandsög, hornklippur, beygjuvél, forrit eins og Fluit sim o.fl.

ÞG-Mjög aðkallandi að endurnýja vélar og verkfæri í smíðasal fyrir verknám málmíðna, er þá horft til viðbyggingar við verknámshúsið og stofnbúnaðarkaup sem fylgir þeirri framkvæmd.

GL-Betri aðstaða fyrir verklega kennslu og tækjakostur bættur.

Endurnýjun á skólahúsnæðinu.

Stólar og borð í VR eru ónýtir fyrir löngu. Þarf að endurnýja.

PC tölvur eru hinsvegar orðnar úreltar og þörf er á endurnýjun á þeim. Við þurfum að lágmarki 6 nýjar tölvur (turn, flatskjá, lyklaborð, mýs).

Einnig þurfum við aðstöðu fyrir verklegar raflagnir, hvernig er með kjallarann í Odda?

JSG-Tekjur af sölu sumarhúss verð látnar renna til deildarinnar í formi tækja, námsefnis eða annars sem nemendum kemur til góða.

Iðnnám verði kynnt sem valkostur fyrir þá sem hyggja á frekara nám í verkfræði/tæknigreinum.

Skólinn styðji við og heimili fleiri vettvangsferðir í fyrirtæki.

KÞ-Það þarf að kaupa ýmis rafmagnsverkfæri og þá sérstaklega borvélará næstu önn.

SI- Það vantar orðið rafmagnshandverkfæri s.s. fræsara, juðara og borvélar. Þá vantar munarekka í trédeild og Hamar þarfnast viðhalds vegna leka frá þaki.

Annað

GL-Æskilegt að fara vettvangsferðir með nemendur til að kynna vinnustaði og starfsumhverfi.

Einnig mætti vera meiri samvinna við fyrirtæki úti í bæ með verkefni fyrir nemendur.

KÞ-Það sem ég sé mest eftir á mínum kennsluferli er að hafa samþykkt stærri hóp í TIH10AK. Þetta hefur eyðilagt fyrir mér veturinn.

ÞS-Nemendur og kennarar úr Hamri tóku þátt í Comeniusarverkefninu, Who is afraid of the big bad wolf. Ég var í forsvari fyrir verkefninu.

Farið var í 2 ferðir vegna verkefnisins á skólaárinu. Í september fór ég með Haraldi Eiríkssyni Fjármálastjóra og þremur nemendum til Slóvakíu.

Í apríl fór ég með Ásu Mikkelsen áfangastjóra og þremur nemendum til Rúmeníu.

Í lok maí er von á 17 manns á Selfoss á lokafund verkefnisins.

Það hefur verið mjög lærdómsríkt fyrir bæði nemendur og starfsfólk skólans að taka þátt í þessu verkefni. Nemendurnir hafa alltaf verið skólanum til mikils sóma og staðið sig með þryði.

Kennarar í Hamri þakka fyrir veturinn